

Venjulegt vinasamband
Flóttamenn 22




25 ára
nýðönsk 26

Hildur Sif ritstýrir
kvennatímariti
fjölmiðlar 70



spottið 12



FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

15. september 2012
217. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt reitmiðlökunum Casacent Gallup janúar - mars 2012



Bræður í parkour

Kára og Gestir þykja gaman í parkour.

krakkar 50

5.000 ára gamalt tattú

Travelin Mick ferðast um heiminn og skoðar húðflúr ólíkra menningarkima

húðflúr 30



Forfaðir fannst á safni

Ólöf Nordal leitaði í smíðju líkamsmannfræðinnar.

myndlist 18

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Fyrirtækjapjónusta | Fólk | Atvinna



STJÖRNUBJART VIÐ STÓRU-SÚLU Þessi norðurljós fangaði ljósmyndari Fréttablaðsins á ferð sinni um Fjallabak. Norðurljósin verða algengari sýn í myrki vetrarins og má fylgjast með því hvenær þeirra er að vænta á Stjörnufræðivefnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Starfsandi líður fyrir hækkun

Launahækkun forstjóra Landspítalans hefur áhrif á starfsandann innan stofnunarinnar. Sjúkraliðar og hjúkrunarfræðingar telja að starfsfólk muni eiga erfiðara með að færa fórnir í aðhaldsaðgerðum.

HEILBRIGÐISMÁL Starfsandinn á Landspítalanum hefur liðið fyrir ákvörðun velferðarráðherra um að hækka laun Björns Zoëga, forstjóra spítalans, og óvíst er hvort starfsfólk sé reiðubúið til að færa fleiri fórnir til að hagræða í rekstri. Þetta segja talsmenn hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða.

„Forstjórinn hefur gjarnan beitt því fyrir sig í pistlum og á fundum með starfsfólki að þau séu öll saman í liði í baráttunni, en hann hefur að margra mati sagt sig úr liðinu með því að þiggja hækkunina,“ segir Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, og

segir rök ráðherra fyrir launahækkun forstjórans, eiga við um fleiri starfsstéttir innan spítalans.

Hún telur að starfsfólk verði síður viljugt til að færa frekari fórnir, hlaupa hraðar og nota ónýtt tæki. „Og þá fer meintur sparnaður ráðherra fyrir lítið.“

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, tekur í sama streng og segir sjúkraliða bæði reiða og sára. Hún segir að þótt Björn eigi stóran þátt í því sem hafi áunnist sé ekki rétt að hann hljóti allan heiðurinn. „Ég held að fólk sem hefur gengið með Birni hingað til muni eiga erfiðara með

“Ég held að fólk sem hefur gengið með Birni hingað til muni eiga erfiðara með það hér á eftir.

KATRÍN Á. GUÐMUNDSDÓTTIR
FORMAÐUR SJÚKRALIÐAFÉLAGSINS

það hér eftir,“ segir hún og telur að starfsfólki finnst fátíðlegt, í ljósi launahækkunar forstjóra, að veigra sér við að kalla út aukamannskap þegar undirmannað er á vöktum.

Þorbjörn Jónsson, formaður Læknafélagsins, segist ekki hafa heyrt af versnandi samskiptum

sinna félagsmanna við forstjórann, en launahækkunin hafi mörgum vissulega þótt orka tvímælis.

„Mörgum læknum þykir þarna að ráðherrann sé að slá einkennilegan tón varðandi rekstur sjúkrahússins. Þar hefur meðal annars ekki verið hægt að endurnýja tæki. En svo eru margir á því að það sé fagnaðarefni að ráðherra sjái sér fært að borga vel fyrir unnin læknisverk. Aðrar starfsstéttir geta kannski nýtt sér þetta til að sækja betri kjör.“

Kristín segist vita af því að margir úr hennar röðum séu á því að forstjórinn ætti að „sýna manndóm og afþakka hækkunina“.

- þj

NÝTT OG SPENNANDI GARN
PERUVIAN HIGHLAND WOOL
30 litir

OPIÐ VIRKA DAGA 12-18
LAUGARDAGA 12-16



Garnbúðin Gauja • Pönglabakka 4 • 109 Reykjavík

8 glæsilegir
ferðavinningar



ÍSLAND
ER MEÐ'ETTA

TAKTU ÞÁTT Í MYNDALEIKNUM islandermedetta.is



Opið til
18
í dag

Smáralind



Hjálmar, er samkomulagið í höfn?

„Já, ef að minnihlutinn hafnar því ekki.“

Reykjavíkurborg kaupir lóðir við Reykjavíkurborg af Faxaflóahöfnum til að byggja íbúðir og atvinnustarfssemi. Hjálmar Sveinsson er formaður stjórnar Faxaflóahafna.

Héraðsdómur Reykjaness:

5 ár fyrir mann-drápstilraun

DÓMSMÁL Matthías Máni Erlingsson, 24 ára, hefur verið dæmdur til fimm ára fangelsisvistar fyrir tilraun til manndráps þegar hann réðst á stjúpmodur sína á heimili hennar í Kópavogi í vor. Dómurinn féll í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Stjúpmodirinn komst undan og flúði á lögreglustöð. Lögreglan fór að heimili konunnar og vísaði Matthías á dyr en hann kom aftur seinna um nóttina og barði stjúpmodur sína þá meðal annars með kertastjaka. Nágrannar komu henni þá til hjálpar. Matthías viðurkenni við handtöku að hafa ætlað að drepa konuna. Þinghaldið var lokað þegar dómurinn féll og hefur dómurinn ekki verið birtur. Auk þess að hljóta fimm ára fangelsisvist þarf Matthías að greiða konunni eina og hálf milljón í miskabætur og sakarkostnað. - bph

Ætlar að hætta í borgarstjórn: Vill fyrsta sætið

STJÓRNMÁL Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti sjálfstæðismanna í Reykjavík, ætlar að gefa kost á sér í fyrsta sæti í prófkjöri fyrir þingkosningar. Hún ætlar að fara fram í Reykjavík.



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

„Ég er í stjórnmálum til að gera gagn og vinna fyrir almenning. Í borgarstjórn hef ég lagt áherslu á breytingar og ný vinnubrögð. Ég mun vinna með sama hætti í landsmálum enda er stærsta verkefni stjórnmálanna í dag að skapa hér samfélag þar sem fólk í landinu hefur fleiri tækifæri til betra lífs,“ sagði Hanna Birna í samtali við Vísi í gær.

Þjóðverji skorinn upp til að ná í kókaínþakningu sem sat föst í iðrum hans:

Smyglaði metmagni innvortis

LÖGREGLUMÁL Fertugur Þjóðverji situr nú í gæsluvarðhaldi eftir að hafa flutt til landsins 1,3 kíló af kókaíni innvortis. Þetta er talið vera mesta magn fíkniefna sem einstaklingur hefur flutt innvortis til Íslands í einni ferð.

Tollgæsla stöðvaði manninn við reglubundið eftirlit í Leifsstöð 27. ágúst. Hann var þá að koma frá Kaupmannahöfn. Grunur vaknaði um að hann væri með fíkniefni innvortis og því var hann sendur í sneiðmyndatöku. Í henni kom í ljós að magnið var mun meira en menn eiga að venjast hjá þeim sem

smygla með þessu móti. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald daginn eftir og á næstu dögum skilaði hann af sér 107 kókaínþakningum. Ein þakning til viðbótar sat föst efst í meltingarvegi hans og þurfti uppskurð á sjúkrahúsi til að sækja hana. Þegar allt var talið reyndist maðurinn hafa flutt 1,3 kíló af kókaíni til landsins, en með þykkum og vönduðum umbúðunum vögu þakningarnar alls 1,5 kíló.

Rannsókn lögreglunnar á Suðurnesjum er á lokastigi. Ekki hafa fleiri verið handteknir vegna málsins. - sh



Í TOLLINUM Maðurinn var stöðvaður við reglubundið eftirlit tollvarða.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mótmæli vegna Múhameð:

Sex létust í mótmælum

EGYPTALAND, AP Minnst sex létust í mótmælum vegna bandarískrar kvikmyndar um Múhameð spámann. Mótmælin hafa breiðst víða um arabaheiminn.

Þrjú létust þegar ráðist var að sendiráði Bandaríkjanna í Khartoum í Súdan. Tveir létust þegar ráðist var að sendiráði Bandaríkjanna í Túnis og einn í Trípolí í Líbanon. Allir sem létust voru mótmælendur. Í Kaíró í Egyptalandi var tárugas notað til að leysa upp 500 manna mótmæli við sendiráð Bandaríkjanna. - þeb

Hækkun áfengisgjalds jafngildir 5.600 króna útgjaldaaukningu á ári fyrir heimili landsins.

Gera má ráð fyrir að sólarhringsleiga á lítlum bílaleigubíl hækki um 3 til 5 þúsund krónur þegar fram í sækir.

Aukin útgjöld á bifreiðaeigendum í nýjum fjárlögum jafngilda 6.240 króna útgjaldaaukningu hvernar fjölskyldu á ári.

Fyrirséð er að verð á gistingu hækki um 17,3 prósent.

Verð á neftóbaksdósinni gæti farið úr 11-12 hundruð krónum í 17-19 hundruð krónur.

Sykurskatturinn þýðir 6.400 króna aukin útgjöld á ári fyrir hverja fjölskyldu.

Útgjöld aukast víða

Ekki skýrist fyrr en með einstökum lagabreytingum hvað skattahækkunir fjárlagafrumvarpsins þýða fyrir almennt verðlag. Áhrif eru mikil á ferðapjónustu.

NEYTENDAMÁL Verðlagsáhrif boðaðra breytinga í nýframlögðum fjárlögum næsta árs skýrast ekki fyrr en fram koma á þingi lagafrumvörp um einstakar breytingar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var ekki farið fram á það við Hagstofu Íslands að tekin yrðu saman áhrif fjárlagafrumvarpsins á verðlag og vísitölu neysluverðs, en það verði að líkindum gert þegar metin verða áhrif hvernar breytingar fyrir sig.

Þannig liggur til að mynda ekki fyrir í hvaða vöruflokkum verð muni hækka vegna fyrirhugaðrar hækkunar gjalda á sykraða vöru út frá manneldissjónarmörum. Í fjárlagafrumvarpinu kemur aftur á móti fram að hún eigi að skila ríkinu 800 milljóna króna tekjuauka. Það þýðir 0,13 prósentu útgjaldaaukningu á ársgrundvelli fyrir heimili landsins, samkvæmt mælistiku Hagstofu Íslands. Er þá

beint út í verð nemur hún 17,3 prósentum. Miðað við það færi verð 40 þúsund króna hótélherbergis í rétt tæpar 47 þúsund krónur nóttin.

Útgjöld bifreiðaeigenda aukast nokkuð samkvæmt frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að hækkað vörugjald á bensín og díslilíu skili ríkinu 1,1 milljarðs tekjuaukningu, hækkað bifreiðagjald skili 400 milljóna króna aukningu og hækkað kílómetragjald sextíu milljónum. Alls er þarna um að ræða 1.560 milljónir króna. Skiptist sú upphæð til helminga milli heimila og fyrirtækja þá þýðir það yfir árið 6.240 krónur í aukin útgjöld fyrir hverja fjölskyldu.

Breyta á lögum um gjald á áfengi og tóbak með 100 prósentu hækkun á gjaldi á neftóbak og fimmtán prósentu hækkun á tóbaksgjaldi að öðru leyti. Þá er gert ráð fyrir 4,6 prósentu hækkun á krónutölu áfengisgjalda. olkr@frettabladid.is

Apótekarinn⁺

lyf á lægra verði

1000 kr. afsláttur af

nicorette[®]

fruitmint 2 mg / 4 mg 210 stk.

Tilboðið gildir til 30. september Apótekarinn Bildshöfða, Mjódd, Melhaga, Fjarðarkaup, Salavegi, Smiðjuvegi, Þverholti Mosfellsbæ, Hafnarstræti Akureyri

Leigutaki Ytri-Rangár kannar skaðabótarétt sinn vegna mengunarslyss í fyrra:

Vilja svör vegna mengunarslyss

UMHVERFISMÁL Stangveiðifélagið Lax-á ehf., leigutaki Ytri-Rangár, telur sig hafa orðið fyrir tjóni vegna mengunarslyss sem varð í ánni í september í fyrra. Lögræðingur Lax-ár hefur sent hreppsnefnd Rangárþings ytra erindi þessa efnis og leitað eftir afstöðu sveitarfélagsins til málsins. Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur samþykkt að leita eftir áliti hjá lögmanni sveitarfélagsins. Eins á að kanna afstöðu fyrirtækisins Reykjarðs vegna málsins.

Forsaga málsins er sú að 7. september í fyrra flæddi úrgangur úr kjúklingasláturhúsi Reykjarðs við Hellu niður Ytri-Rangá vegna mistaka. Á þeim tíma var á annan tug útlendinga við veiðar í ánni sem urðu vitni að því þegar úrgangurinn; kjúklingafita, innfli og salernispappír, komu fljóttandi í



RANGÁRFLÚÐIR Ímynd veiðisvæðis lætur mjög á sjá við mengunarslys. Ytri-Rangá er ein eftirsóttasta stangveiðia landsins meðal útlendinga.

MYND/LAX-Á

gegnum veiðistaði þeirra. Áin var óveiðandi fyrst á eftir og langt fram á haust var fitubrúk við bakka hennar. Ekki var um einsdæmi að ræða, að sögn starfsmanna Lax-ár á þeim tíma, en sveitarfélagið setti í kjölfarið upp hreinsistöð til að fyrirbyggja að frekari óhöpp myndu endurtaka sig.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins þurftu forsvarsmenn Lax-ár að bjóða veiðimönnum veiðileyfi í sumar í bætur. Málið snýst ekki síst um að endurvinnu ímynd Ytri-Rangár sem veiðiár í hópi þeirra viðskiptavina fyrirtækisins sem hafa komið þar til veiða árum saman. - shá

Nektarmyndir af prinsessu:

Middleton kærir tímariði Closer

LUNDÚNIR, AP Hertogaynján Katrín Middleton, eiginkona breska ríkisarfans Vilhjálms prins, hefur kært franska slúðurtímariði Closer fyrir að birta nektarmyndir af sér á forsiðu blaðsins.

Á myndunum sést Middleton ber að ofan í sólbáði á meðan hjónin voru í frii í Frakklandi. Til varnar myndbirtingunni segir ritstjóri Closer parið hafa verið sýnilegt af nálægri götu. Starfsmenn bresku krúnunnar hafa líkt slúðurblaðsáæðinu í kringum Middleton við eltingaleik blaðaljósmyndara við Díönu prinsessu, móður Vilhjálms, sem leiddi til dauða Díönu árið 1997. - bph



Velkomin í
nýja gæludýradeild!



Vinsæla Smáhunda kynnningin

um helgina!
frá kl. 12:00 til 17:00
laugardag og sunnudag

20% afsláttur af öllum gæludýravörum
um helgina

Kynningar frá



Langar þig í hund?

Hentar þín uppáhaldstegund þínu fjölskyldulífi?
Spjallaðu við reynda hundaeigendur!



Fóðurráðgjöf

Fáðu ráðgjöf frá sérhæfðu fólki um
fóðurtegundir sem henta þínum hundi



Nýjar tegundir

Allar nýjustu tegundirnar af smáhundum



Lukkupottur o.fl.

Götumarkaður



Ljósaseríur



Skrautborðar



Silkiblóm



Allt að **80%** afsláttur



3 erikur

1290kr




Haustlaukar

Fráboer tilboð



Fersk blómabúnt

frá 995kr



GARDHEIMAR

PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA
Í 20 ÁR

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	120,65 121,23
Sterlingspund	195,91 196,87
Evra	157,91 158,79
Dönsk króna	21,178 21,302
Norsk króna	21,268 21,394
Sænsk króna	18,4 18,508
Japanskt jen	1,5457 1,5547

SDR 186,8 187,92

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 218,0412

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lögrelan á Selfossi leit á gögn um farsímanotkun sem síðasta hálmstráíð: Nauðgunarrannsókn sigld í strand

LÖGREGLUMÁL Rannsókn lögreglunnar á Selfossi á nauðgun á Þjóðhátíð í Eyjum er svo gott sem sigld í strand eftir að lögreglunni var neitað um upplýsingar um farsímanotendur í Vestmannaeyjum. Þetta segir Þorgrímur Óli Sigurðsson aðstoðaryfirlögreluþjónn.

„Það bremsaði okkur svolítið af að fá ekki að vinna úr þessum upplýsingum,“ segir Þorgrímur Óli. Lögreglan fór fram á að símafyrirtækin létu henni í té upplýsingar um alla sem talað hefðu í síma í Vestmannaeyjum á tilteknu tíu mínútna bili. Ástæðan var sú að



ÞJÓÐHÁTÍÐ Stúlunnar var nauðgað árla á mánudagsmorgni. MYND/ÓSKAR P. FRÍDRÍKSSON

gerandanum. Hæstiréttur komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að símafyrirtækjunum væri óheimilt að afhenda upplýsingarnar.

„Þetta var kannski síðasta hálmstráíð, í þessari umferð allavega. Það eina sem við stólum á núna er að það berist einhverjar upplýsingar. En þetta er eins og eldfjall – það er farið að kulna,“ segir Þorgrímur Óli. Því lengra sem líði frá verknaðinum þeim mun ólíklegra verði að málið leysist. Rannsókn á tveimur öðrum nauðgunarmálum sem komu upp á Þjóðhátíð er vel á veg komin. - sh

Þrír menn í grárri bifreið: Ætluðu að lokka barn inn í bíl

LÖGREGLUMÁL Þrír karlmenntæluðu að lokka níu ára gamalt barn inn í bíl til sín í Grafarvogi í gær. Barnið brást hárrétt við og forðaði sér. Foreldrum barna í Kelduskóla í ofanverðum Grafarvogi var sendur tölvu-póstur og þeir látnir vita af atvikinu sem lítið er alvarlegum augum.

Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu var gert viðvart og leit-aði grárrar bifreiðar sem mennirnir þrír eru taldir hafa verið í. Málið er í rannsókn lögreglu. - bþ

Skotárás á fjölskyldu: Eldri stúlkan flutt heim

ENGLAND Zainab al-Hilly, sjö ára stúlka sem lifði af skotárás í Frakklandi fyrir rúmri viku, fór í fylgd breskra lögreglumanna til Bretlands í gær.

Stúlkan var skotin í öxlina og barin í höfuðið en foreldrar hennar og amma, sem voru skotin í höfuðið í bíl fjölskyldunnar, biðu bana.

Fjögurra ára systir al-Hilly, sem faldi sig undir pilsfaldi móður sinnar og slapp ómeidd, hafði áður verið flutt til Bretlands frá Frakklandi.

Franskur saksóknari, sem stýrir rannsókn á árásinni, kom til Englands, þar sem fjölskyldan var búsett, á fimmtudag. Hann telur að skýringa drápanna sé að leita þar.



TRÖNUHRAUN Lögregla var að störfum í iðnaðarhúsnæðinu klukkustundum saman í gær.



EFSTASUND Lögreglan girti heimili mannsins af með borða og setti upp tjald til að geta athafnað sig við bílskúrinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Feikilegt magn af efnum í amfetamínverksmiðjunni

Einn í gæsluvarðhald grunaður um amfetamínframleiðslu í bílskúr við heimili sitt. Ílát og tól líka borin út úr iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði. Mikið fannst af vökva og búist við að efnagreiningin taki langan tíma.

LÖGREGLUMÁL Gríðarmikið magn af efnum og efnablöndum – einkum í vökvaformi – fannst í bílskúr við Efstasund í Langholtshverfi í Reykjavík í fyrradag, þegar lögregla réðst þar til inngöngu á sjötta tímanum.

Einn maður var handtekinn vegna málsins og veitti enga mótspyrnu. Sá er 46 ára kælitaeknir sem bjó þar með konu sinni og tveggja ára barni. Fjórtán ára sonur konunnar dvaldi þar einnig reglulega. Maðurinn var úrskurdaður í gæsluvarðhald til 21. september vegna málsins í gær.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leikur ekki minnsti vafi á því að aðstaðan í bílskúrnum var ætluð til að framleiða hörð fíkniefni, líklega amfetamín. Innandyra fundust tól og tæki til slíkrar iðju, auk feikilegs magns af efnum og efnablöndum til framleiðslunnar, eins og heimildarmaður Fréttablaðsins orðaði það.

Ekki er vitað hversu lengi aðstaðan hefur



Í VARÐHALD Maðurinn var leiddur fyrir dómara í Héraðsdómi Reykjavíkur síðdegis í gær og úrskurdaður í gæsluvarðhald til 21. september. MYND/STÖÐ 2

verið brúkuð en þó eru vísbendingar um að framleiðslan hafi staðið um nokkra hríð. Magnið af efnum var slíkt – og þau geymd

í svo mörgum ílátum – að búist er við að það muni taka vísindamenn Háskóla Íslands langan tíma að greina um hvaða efni er að ræða.

Í gærmorgun voru fulltrúar sersveitarinnar sendir að iðnaðarhúsnæði í Trönuhrauni í Hafnarfirði í tengslum við málið. Í húsinu er 55 fermetra geymsla í eigu hins handtekna, auk þess sem fyrirtæki í hans eigu er skráð þar til húsa. Lögreglumenn voru að störfum þar þangað til um miðjan dag og báru út með sér eitt og annað sem ekki er vitað hvort og þá hvernig tengist fíkniefnaverksmiðjunni.

Nágrönnum mannsins sem Fréttablaðið ræddi við er mjög brugðið vegna málsins, þótt þá hafi suma rennt í grun að ekki væri allt með felldu hjá hinum handtekna.

Fleiri höfðu ekki verið handteknir í gær en samkvæmt tilkynningu frá lögreglunni er málið mjög umfangsmikið.

stigur@frettabladid.is

Skilinn eftir á lestarspori: Rændur og varð undir lest

SVÍPÍÓÐ Sá sem rændi ölvaðan mann sem fallið hafði niður á brautarteina í neðanjarðar-lestarstöð í Stokkhólmi fyrir viku og skildi hann eftir hefur áður rænt ölvaða menn, að sögn sænsku lögreglunnar.

Atvikið sást á eftirlitsmyndavél og hefur lögreglan fundið annað tilvik þar sem sami maður rændi ölvaðan mann. Á fréttavef Svenska Dagbladet kemur fram að fjöldi vísbendinga hafi borist í kjölfar sjónvarpsþáttar um málið. Í gær hafði enginn verið handtekinn.

Taka varð af helming vinstri fótleggs þess sem féll og varð undir lest. Hann hlaut einnig slæm meiðsl á hægri fæti.

-ibs

-ibs

AÐEINS Í DAG!

SPARAÐU 35%

ÚTILJÓÐ lýsir niður

VERÐ ÁÐUR 8.990,- NÚ 5.900,-

Opið í dag, laugardag kl. 11-16.

kíktu inn á www.pfaff.is

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

VEÐURSPÁ

Snjólaug Ólafsdóttir
veðurfréttamaður

LÍTIL SÓL en ætti að sjást til hennar S- til á landinu. Rigning eða slydda næstu daga N- og A-til. Birtir S-lands síðdegis í dag. Strekkingsvindur með NA-stöndinni á morgun og mánudag. Hiti yfirleitt 2-11 stig um miðjan dag.

HEIMURINN

Alicante	29°
Basel	24°
Berlín	18°
Billund	16°
Frankfurt	19°
Friedrichshafen	20°
Gautaborg	18°
Kaupmannahöfn	18°
Las Palmas	29°
London	20°
Mallorca	27°
New York	24°
Orlando	31°
Ósló	18°
París	22°
San Francisco	22°
Stokkhólmur	16°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Á MORGUN víða 6-15 m/s, hvassast NA- og SV-til.

MÁNUDAGUR 8-17 m/s N- og A-til, hægari V-til

SEX HEIMSMET

Össur er stoltur bakhjarl um tuttugu afreksíþróttamanna sem tóku þátt í Ólympíuleikum fatlaðra í London. Þeir snéru til baka með 6 gullverðlaun, 7 silfurverðlaun og 8 brons, auk þess sem þeir slógu 6 heimsmet. Við erum einnig sérstaklega stolt af íslenska keppandanum, Helga Sveinssyni, sem setti Íslandsmet í spjótkesti karla á leikunum. Við óskum öllum þátttakendum innilega til hamingju með glæsilegan árangur.

•• www.ossur.com



Life Without Limitations®



Fylgdist þú með eldhúsdagsumræðum á Alþingi?

JÁ 22,9%
NEI 77,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú keypt þér rafbók?

Segðu þína skoðun á Vísiris.



Óvæntur sigur Frjálslynda flokksins í hollensku þingkosningunum:

ESB-flokkar í stjórnarmyndunarviðræður

HOLLAND, AP Frjálslyndi flokkurinn og Verkamannaflokkurinn munu á næstu dögum hefja stjórnarmyndunarviðræður eftir góða útkomu í þingkosningunum í Hollandi í vikunni.

Flokkarnir hlutu samtals 79 þingsæti af 150, en þó gæti farið svo að þeir tækju þriðja flokkinn inn í viðræðurnar til að styrkja meirihlutann, en flokkarnir tveir eru ekki með meirihluta í öldunga-deild þingsins.

Úrslit þingkosninganna þykja vera sigur fyrir ESB-sinna þar í

landi þar sem flokkarnir tveir sem bættu við sig mestu fylgi höfðu lýst sig fylgjandi björgunaraðgerðum fyrir evrusvæðið.

Árangur frjálslyndra vakti sérstaka athygli, en þeir bæta við sig tíu þingsætum frá síðustu kosningum þrátt fyrir að hafa síðustu misseri farið fyrir ríkisstjórn sem hefur þurft að grípa til óvinsælla aðhaldsaðgerða.

Þá tapaði Frelsisflokkur hins umdeilda Geert Wilders níu sætum og verður nú með 15 sæti. Wilders hafði talað fyrir því að

Holland segði sig úr myntbandalaginu, en það virðist ekki hafa átt hljómgrunn meðal kjósenda.

„Þeir fagna þessu í Brussel,“ sagði Wilders þegar ljóst var í hvað stefndi.

Þó viðræður stóru flokkanna hafi verið boðaðar eiga þeir talsvert óþuggert þar sem Verkamannaflokkurinn er hallur undir að yta undir hagvöxt með opinberum verkefnum á meðan frjálslyndir vilja halda áfram aðhalds-stefnu sinni, sem hafi gengið ágætlega hingað til.



SIGURREIFUR Mark Rutte forsætisráðherra og Frjálslyndi flokkurinn unnu óvæntan sigur í þingkosningunum í Hollandi. Hann mun að öllum líkindum reyna að mynda stjórn með Verkamannaflokknum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hefur þú gaman af því að syngja?

Við leitum að nýjum söngfélögum með góða söngrodd og tónheyrn. Nótnalestur er kostur en ekki skilyrði.

Tökum vel á móti öllum, karlmenn sérstaklega velkomnir.

Raddpróf verða í Grensáskirkju, mánudaginn 17. september, klukkan 19:30.

Spennandi og skemmtileg verkefni framundan, meðal annars stórt kóramót og utanlandsferð.




&



Gunnar Ben kórstjóri

Nánari upplýsingar á kor.is



Á DEKKI Hópurinn samþykkti að fella út 60/40 regluna og 3% klípuna svokölluðu, en það eru veigamikil atriði í málinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Ósammála um vægi trúnaðarmannahóps

Fulltrúar stjórnarandstöðu segja ríkisstjórn bundna af niðurstöðum trúnaðarmannahóps um endurskoðun frumvarps um stjórn fiskveiða. Stjórnarliðar undrast þá afstöðu eða hafna því að vinnan hafi vægi við frumvarpsgerðina.

SJÁVARÚTVEGUR Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í trúnaðarmannahópi fulltrúa stjórnmalaflokkanna um stjórn fiskveiða eru sammála um að formenn stjórnarflokkanna hafi skuldbundið sig til að leggja fram breytt frumvarp með þeim breytingum sem hópurinn yrði ásáttur um.

Stjórnarþingmenn sjá málið í öðru ljósi. Landssamband íslenskra útgerðarmanna telur plaggð ekki skipta nokkru máli og heildarendurskoðun á öllu málinu þurfi að eiga sér stað. Það eigi bæði við um nýsett lög um veiðigjöld og frumvarpið sem nú er til umfjöllunar og verður lagt fyrir þingið á næstu vikum.

Einar K. Guðfinnsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í hópnum, segir fyrirbyggjandi yfirlýsingu formanna stjórnarflokkanna, Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingríms J. Sigfússonar, um að þau atriði sem hópurinn næði sam-

komulagi um yrðu lögð til grundvallar vinnu ríkisstjórnarinnar við frumvarp um stjórn fiskveiða. „Við náðum saman um mörg stór veigamikil atriði sem þar með hlýtur að sjá stað í frumvarpinu sem lagt verður fram á haustþingi. Um önnur atriði, sem við náðum ekki saman um, hefur ríkisstjórnin óbundnar hendur. Yfirlýsing stjórnarforystunnar frá því í vor var eins skýr og hún gat verið.“

Einar telur ljóst að hópurinn hefði aldrei sest niður ef þetta atriði hefði ekki legið fyrir; að vinnan hefði vigt.

Sigurður Ingi Jóhannsson, fulltrúi Framsóknar í hópnum, segist hafa nákvæmlega sama skilning og Einar á meðferð niðurstöðu trúnaðarmannahópsins. „Við munum túlka það sem fullkomin svik ef þetta stendur ekki. Ég trúi því ekki að oddvitar ætli ekki að standa við það sem þeir skrifuðu upp á.“

Björn Valur Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, sagði í viðtali við Smuguna í gær að engin skuldbinding fælist í niðurstöðum hópsins. Ráðherra væri frjálst að fara með tillögurnar eins og honum þætti rétt.

Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingar, lagði fram bókun á fundi atvinnuveganefndar þar sem tildrög hópsins, vinnuáferðir og efnisatriði voru gagnrýnd. Í bókun Ólínu segir að fjórmenningarnir hafi ekki hlotið umboð atvinnuveganefndar eða þingflokka stjórnarflokkanna til sinna starfa. „Hópurinn er sjálfskipaður hluti nefndarmanna í atvinnuveganefnd sem fengið hefur samþykki forystumanna ríkisstjórnarinnar til þess að leita niðurstöðu sín á milli um fiskveiðistjórnunarfumvarp atvinnuvegaráðherra sem sátt geti náðst um,“ bókaði Ólína.

svavar@frettabladid.is



Skíðaferðirnar okkar 2013 eru komnar í sölu!

Spennandi ferðir í beinu flugi til München á útvalda staði í Austurríki

Nánari upplýsingar á www.baendaferdir.is

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR



www.baendaferdir.is

s: 570 2790



Ljósheimaskólinn

Vegur til andlegs þroska og þekkingar

Skólinn er fyrir alla þá sem vilja vinna með sjálfa sig, kynnast fleiru en því efnislega og öðlast víðari sýn á heiminn. Námið er byggt upp á fyrirlesturum, umræðu, hugleiðslu og sjálfsvinnu.

Byggðu þig upp í vetur með öðru góðu fólki!

Upplýsingar í síma 862-4546.

Kennsla hefst 19.september.

www.ljosheimar.is



Ljosheimar
Síð huga, líkama og sál

„Það verður að taka málið allt upp aftur“

„Það þarf að endurskoða þetta allt saman. Frumvarpið og löggin um veiðigjöld verða ekkert slitin í sundur. Það er verið að leggja ofurskatt á útgerðina sem er í sumum tilfellum meiri en allur hagnaður einstakra fyrirtækja,“ segir **Fríðrik J. Arngrímsson**, framkvæmdastjóri LÍÚ, spurður hvaða þýðingu niðurstöður trúnaðarmannahóps stjórnmalaflokkanna hafi. „Það er auðvitað fjölmargt annað sem þarf að gæta að til viðbótar við þau atriði sem hópurinn fjallar um. Við leggjum áherslu á að allt málið verði skoðað frá grunni. Það verður að taka upp löggin um veiðigjöldin á sama tíma og endurskoðun laga um stjórn fiskveiða fer fram. Við eigum að vinna að samráði atvinnugreinarinnar og stjórnmalaflokkanna með það að leiðarljósi að bæta hag greinarinnar og það sem við höfum út úr því sem þjóð að nýta auðlindina,“ segir Fríðrik.



„Aldrei grunnur að neins konar sátt“

„Mér sýnist augljóst að þau atriði sem fjórmenningarnir hafa komið sér saman um í greinargerð sinni geti aldrei orðið grunnur að neins konar „sátt“ um þetta mál, að minnsta kosti ekki innan stjórnarflokkanna,“ skrifar **Ólína Þorvarðardóttir** við fyrirspurn Fréttablaðsins. „Ég trúi því seint að Samfylkingin muni víkja frá jafnræðis- og atvinnufrelsiskröfnum sem stefna okkar í sjávarútvegs-málum byggir á og stjórnarsáttmálinn staðfestir. Krafan um vaxandi og öflugan, opinn leigumarkað með aflaheimildir er í mínum huga ófrávikjanleg. Ég mun heldur aldrei sætta mig við að komið verði á sams konar gjafakvótakerfi í uppsjávar- og úthafsveiðum og því sem nú er við lýði í botnfiskveiðum, eins og mér sýnast tillögur hópsins gera ráð fyrir,“ segir Ólína.





HEILSA Í HAGKAUP

HYDROXYCUT HARDCORE

Eitt sterkasta brennsluefni í heiminum í dag. Margfaldar fitubrennslu, minnkar matarlyst og gefur orku. 250 mg af koffeini í einum skammti.

7.999KR
VERÐ ÁÐUR 9.999.-

KYNNING Í DAG
Í Garðabæ 12-16



**ARNAR OG ÍVAR VERÐA
MEÐ KYNNINGU**
í dag 14-17 í Skeifunni



KONJAK
Grenningarvara - Getur
aukið þyngdartap um 60%



NÝR SKYRDRYKKUR
Með hindberjum og banana

159KR
VERÐ ÁÐUR 183.-



2.897KR
VERÐ ÁÐUR 3.979.-

KYNNING Í DAG
Í Smáralind.



LÍFRAENAR HRÁFAEDISKÖKUR

Alvöru hollusta. Innihalda m.a. góð prótein, góð og flókin kolvetni, hollar olíur, einó-mettaðar fitusýrur, trefjar, kalk, magnesium og andoxunarefni.



ULTIMATE VEGGIES - ORKUSKOT SEM VIRKAR STRAX

Dagskammtur af grænmeti, fullt af vítáminum og steinefnum. 1 teskeið á dag í safu, boost eða mat – gott bragð. Fyrir börn, unglunga og fulloröna.



NUPO KYNNINGAR
Í Garðabæ, Kringlunni & Skeifunni
í dag & sunnudag 13:30 - 17:30

NÝTT



FÁÐU SIXPACK Á GÓÐU VERÐI!

NÝTT



LÍFRAEN BYGGMJÓLK

Byggmjólk úr ítölsku lífrænt ræktuðu byggi og er án viðbættar sætu. Hún er mjög bragðgóð ásamt því að vera næringarrík.



MYLLAN LÍFSKORN

Lífskorn brauð & heilkornabollur. Uppfylla skilyrði skráar-gatsins. Trefjarík og innihalda hátt hlutfall heilkorns.

KYNNING Í DAG
Í Kringlunni.



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



1. Hverjir vilja bílaklukkur í stað gjaldmæla í Reykjavík?
2. Hver hlaut Sjónlistaverðlaunin 2012?
3. Hvaða leikari úr sjónvarps-seríunni *The Wire* kynnti ráðstefnugagskrá ásamt Jóni Gnarr?

SVÖRIN

1. Samtök kaupmanna og fasteignaeigenda víð Laugaveg og Miðborgin okkar.
2. Ragnar Kjartansson, J. Clarke Peters.
3. Svörin eru á www.vi.is

Framsóknarmenn kynntu nýja tillögu á fundi:

Vilja grynna á skuldum

EFNAHAGSMÁL Framsóknarflokkurinn vill að skattkerfið verði nýtt til að grynna á skuldum heimilanna. Þetta kemur fram í nýrri tillögu flokksins sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður flokksins, kynnti á fundi á fimmtudag.

Samkvæmt tillögunni munu afborganir fasteignalána vera frádráttarbærar frá tekjuskatti. Skattaafslátturinn yrði lagður beint inn á höfuðstól viðkomandi fasteignaláns og fasteignalánin færð niður í 100 prósent af fasteignamati. Með þessu yrði fólk

hvatt til að greiða niður fasteignalán sín. Tillaga framsóknarmanna verður lögð fram sem þingsályktunartillaga á Alþingi og verður kynnt nánar þegar þar að kemur.

Sigmundur Davíð kynnti grunnatriðin fyrir gestum á fundi á Grand hóteli og var verðtryggingin ofarlega í huga fundargesta. Sigmundur ræddi einnig um tillögur flokksins um fjögurra prósentu þak á verðtryggingu, en sú tillaga var lögð fram á síðasta þingi. Hann ræddi einnig um tilkomu nefndar um afnám verðtryggingarinnar.

- þeb



ORKA Skýrsla Íslandsbanka um orkumarkaðinn var kynnt á Nauthóli í gærmorgun. Þar kom meðal annars fram að íslensk sérþekking í geiranum væri í útrás.

Gætu skapað 5.000 ný störf

Fyrirliggjandi virkjanakostir myndu hafa „gríðarleg áhrif á íslenskt efnahagslíf“ samkvæmt skýrslu Íslandsbanka. Kosta yfir 300 milljarða króna. Orkuframleiðsla myndi aukast um 42 prósent.

ORKUMÁL Ef ráðist yrði í allar fyrirliggjandi virkjanaframkvæmdir á Íslandi myndi orkuframleiðsla Íslendinga aukast um rúm 42 prósent. Yrðu þær allar að veruleika gætu skapað um fjögur til fimm þúsund bein störf. Fjárfestingaþörf vegna þessara verkefna er yfir 300 milljarðar króna fyrir utan nauðsynlegar breytingar á orkuflutningskerfinu. Þetta kemur fram í skýrslu Íslandsbanka um orkumarkaðinn sem kynnt var í gærmorgun.

Í skýrslunni kemur fram að Ísland sé í þrettánda sæti á meðal Evrópuþjóða þegar kemur að raforkuframleiðslu úr endurnýjanlegum auðlindum. Ísland er hins vegar með langmestu endurnýjanlegu raforkuframleiðsluna í heiminum miðað við höfðatölu.

Alls eru fjórtán virkjanaframkvæmdir í bið eða til skoðunar hjá Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og HS Orku. Bygging einnar þeirra, Búðarhálsvirkjunar, hófst haustið 2010 og á að ljúka í lok næsta árs. Orkan úr henni mun fara til álversins í Straumsvík. Áætlanir gera ráð fyrir að framkvæmdir við byggingu hinna þrettán hefjist á árunum 2012 til 2015. Sex þeirra eru enn ekki komnar með tilgreind orkuáætlun sjö eiga að sjá álverinu í Helguvík fyrir orku, náist samkomulag við eiganda þess, Norðurál, um verð. Samanlagt uppsett afl þessara fjórtán virkjanakosta er 995 megavött. Því er um að ræða aukningu upp á rúm 42 prósent frá því sem

nú er framleitt af orku hérlendis. Í skýrslunni segir að „flestar þessar virkjanir eru á útboðshönnunarstigi, þ.e. allri verkhönnun er lokið og hægt er að ráðast í verkefni með stuttum fyrirvara svo fremi sem kaupandi að orkunni er til staðar [...] Ef allar ofangreindar fyrirhugaðar virkjanir fara í framkvæmd gætu skapað um 4.000-5.000 bein störf hér á landi“.

Íslandsbanki áætlað gróflega að fjárfestingaþörfin til að hrinda þessum verkefnum í gagnið sé yfir 300 milljarðar króna. Til viðbótar þyrfti Landsnet að fjárfesta fyrir um 75 milljarða króna fram til ársins 2020 vegna nýrra virkjana og þróunar á flutningakerfi fyrir raforku. „Fari framkvæmdir af stað munu þær hafa gríðarleg áhrif á íslenskt efnahagslíf.“ Íslandsbanki telur vel mögulegt að fjármagna verkefni, til dæmis með verkefnafjármögnun sem felur í sér stofnun félags í kringum ákveðið verkefni.

Í skýrslunni segir að helstu hindranir sem orkufyrirtækin standi frammi fyrir í dag séu óvissa á alþjóðlegum markaði sem dregur úr eftirspurn eftir íslenski orku, mikil skuldsetning orkufyrirtækjanna og breyttar áherslur í rekstri sem valda því að framkvæmdir eru settar í bið og óvissa skapað um fjármögnun þeirra. Þá sé það vandamál að rammaáætlun liggja enn ekki fyrir og ljóst sé að pólitísk áhætta vegna breytinga á reglum eftir að „leikur er hafinn“ hafi fælandi áhrif á erlenda fjárfesta.

thordur@frettabladid.is

Umfangsmikill hliðargeiri í útrás

Skýrslan fjallar einnig um þann stóra geira sem þrífst á að þjónusta orkugeirann. Alls starfa rúmlega 1.260 manns hjá átta verkfræði- og þjónustufyrirtækjum innan hans. Fyrirtækin eru EFLA, ÍSOR, Jarðboranir, Mannvit, Orkustofnun, Reykjavík Geothermal, Verkís og VSO. Starfsmönnum þessara fyrirtækja hefur fækkað um 100 frá árinu 2008 en fjöldi þeirra sem starfa við orkutengd verkefni hefur þó aukist á sama tíma. Sú aukning er að nánast öllu leyti vegna aukinna umsvifa þeirra erlendis þar sem sjö af þessum átta fyrirtækjum eru með starfsemi. Hlutfall erlendra veltu verkfræðifyrirtækjanna af heildarveltu þeirra er misjafnt en nær öll erlend verkefni þeirra eru orkutengd verkefni. Í skýrslunni segir að fjárhagsstaða íslensku orkufyrirtækjanna og ákvörðun þeirra um að fresta stærri verkefnum hafi keðjuverkandi áhrif á verkfræði- og þjónustufyrirtækin.



UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

DAGUR ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU

Kæru landsmenn!

Til hamingju með Dag íslenskrar náttúru sunnudaginn 16. september.

Í aldanna rás hefur íslensk náttúra gefið kraft og veitt innblástur um leið og hún hefur gert okkur kleift að lifa af í harðbýlu landi. Í náttúru landsins er falinn fjársjóður sem mikilvægt er að varðveita fyrir komandi kynslóðir.

Njótum gjafa náttúrunnar og fögnum Degi íslenskrar náttúru sunnudaginn 16. september.

Upplýsingar um dagskrá er að finna á www.umhverfisraduneyti.is.

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

SPORT

UMRÆÐAN

ÚTVARP

LÍFIÐ

SJÓNVARP

STÖÐUGT NÝJAR FRÉTTIR

vísir
- oft á dag

Gasgrill frá 12.900
Aukahlutir 30% afsl
Garðhúsgögn 30% afsl

Grillbúðin
www.grillbudin.is

Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

ÚTSALA

www.grillbudin.is

Opið virka daga til kl. 18 og laugardag til kl. 14

AFMÆLISTILBOÐ!

RÚMFATALAGERINN ER 25 ÁRA

TILBOÐIN GILDA TIL 19.09.2012



**SPARIÐ
40.000**

Sweet Dreams

SWEET DREAMS AMERÍSK DÝNA
Vönduð og góð dýna með sterkri hliðarstyrkingu. Í efra lagi er áföst 10 sm. þykk yfirdýna úr hágæða svampi. Í neðra lagi eru u.þ.b. 140 BONNELL gormar pr. m². Fætur og botn fylgja með.

153 X 203 SM.

153 X 203 SM. FULLT VERÐ: 119.950

79.950

**SPARIÐ
30.000**



TUNGUSVEFNSÓFI

FULLT VERÐ: 129.950

99.950

BROOKLYN TUNGUSVEFNSÓFI
Glæsilegur tungusófi sem auðvelt er að breyta í svefnsófa með rúmfatageymslu. Sessur úr góðum kaldsvampi. Teflonmeðhöndlað áklæði úr 100% polyester sem er auðvelt að þrifa. Stærð: B227 x H86 x D90/187 sm. Í svefnstöðu: B140 x L200 sm. Litur: Grár.

FULLT VERÐ: 29.950

16.950

ERIK SKENKUR
Fallegur skenkur með 12 skúffum. Fæst í hvítu, lútuðu og antíkbrúnu. Stærð: 134 x 80 x 39 sm.

**43%
AFSLÁTTUR**

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

**SPARIÐ
20.000**

120 X 200 SM. FULLT VERÐ: 59.950

39.950

PLUS B12 JUBILÆUM DÝNA
Miðlungsstíf dýna með 250 poka-gormum pr. m². Innifalið í verði er 4 sm. þykk og góð yfirdýna. Slitsterkt áklæði úr polyester/polypropylene. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu. Verð án fóta. Fætur 7.995
Fæst einnig í stærð: 90 x 200
49.950 nú **29.950**



**MEMORYFOAM
DREAMZONE™
WellPur™**

**23%
AFSLÁTTUR**

FULLT VERÐ: 12.950

9.950

90 X 200 SM.

120 x 200 sm. **16.950**
140 x 200 sm. **19.950**
160 x 200 sm. **24.950**
180 x 200 sm. **26.950**

**GOLD T30
YFIRDÝNA**

Virkilega vönduð yfirdýna úr MEMORY FOAM svampi með þrýstijafnandi eiginleika. Lagar sig vel að líkamanum og veitir góðan stuðning. Endingargott áklæði sem hægt er að taka af og þvo við 60°C. Dýnan er 5 sm. þykk.

**33%
AFSLÁTTUR**

FULLT VERÐ: 8.995

5.995

MINA STÓLL
Fallegur borðstofustóll með PU áklæði og ljósum fótum. Fæst í eftirfarandi litum: Brúnu, svörtu, rauðu og hvítu.



BLOSSOM

C O P E N H A G E N

DANISH JEWELS DESIGN



Gullsmiðurinn í Mjódd, 109 Reykjavík
G.P. skartgripir & úr • Bankastræti 12, 101 Reykjavík
Úr & Gull • Firði, 220 Hafnarfirði

Georg V. Hannah úrsmiður • Hafnargötu 49, 230 Keflavík
Halldór Ólafsson úrsmiður • Glerártorgi, 600 Akureyri

Fréttaskýring: Réttarhöld í Icesave-málinu



Niðurstaða undir áramót

Icesave-mál Eftirlitsstofnunar EFTA gegn Íslandi verður flutt fyrir EFTA-dómstólnum á morgun. Átta manna málflutningsteymi Íslands hélt til Lúxemborgar um helgina. Ekki er búist við dómi fyrr en undir lok árs.

Átta manna teymi íslenskra lögspekinga heldur á morgun til Lúxemborgar, þar sem á þriðjudag fer fram málflutningur í Icesave-málinu gegn Íslandi fyrir EFTA-dómstólnum.

Gert er ráð fyrir að málflutningurinn taki fjóra til fimm tíma – þótt sumum þyki sú áætlun heldur bjartsýn – en að málflutningi loknum er dómurinn hins vegar ekki bundinn neinum tímatakmörkunum og því er ekki gert ráð fyrir að niðurstöðu sé að vænta fyrr en undir áramót.

Búist er við að málið vekji mikla athygli og eftirtekt, og vegna þess var ákveðið að málflutningurinn færi ekki fram í húsakynnum EFTA-dómstólsins, heldur í rýmri sal sem var tiltækur hjá viðskiptaráði Lúxemborgar.

Um hvað er deilt?

Í málinu krefst Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) viðurkenningar á því að Ísland hafi brotið gegn EES-samningnum með því að tryggja ekki að þeir sem áttu fé á Icesave-reikningum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi gætu gengið að 20.000 króna lágmarkstryggingu sinni eftir hrun bankans.

Krafan er annars vegar reist



SALURINN Málið gegn Íslandi verður ekki flutt í húsakynnum EFTA-dómstólsins í Lúxemborg, heldur hér, í þessum sal Viðskiptaráðs Lúxemborgar. MYND/EFTA-DÓMSTÓLLINN

á því sjónarmiði að aðildarríkjum EES-samningsins beri, samkvæmt tilskipun þar um, skylda til að vera með innistæðutryggingarkerfi sem virkar þegar á reynir – og ræður þar með við að dekkja lágmarksinnistæður á öllum reikningum sem undir kerfið heyra.

Einnig kemur til skoðunar sjónarmiðið um mismunum innistæðueigenda eftir ríkisfangi – enda hafi þeir sem áttu peninga í íslenskum bönkum fengið allt greitt en þeir í Bretlandi og Hollandi ekkert.

Hvað ef við töpum?

Rétt er að áréttu að dómurinn mun enga afstöðu taka til fjárhagslegra krafna, heldur einungis hvort um brot er að ræða. Tapi Ísland málinu mun það þannig ekki leiða til beinnar greiðsluskyldu fyrir íslenska ríkið, en hins vegar er hugsanlegt að þeir sem telja sig hafa orðið fyrir tjóni höfði í kjölfarið skaðabótamál á hendur íslenska ríkinu.

Ef Ísland vinnur málið er því lokið. Ef Ísland tapar því verður því hins vegar sennilega beint til ríkisins að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að nokkuð af þessu tagi endurtaki sig.

Hverjir eru aðilar málsins?

ESA er stefnandinn í málinu en auk þess hefur Evrópusambandið (ESB) stefnt sér til svokallaðrar

meðalgöngu og tekið undir kröfur og röksemdir ESA.

Þar sem ESB er orðið aðili að málinu gefst öllum aðildarríkjum EFTA og jafnframt ESB tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri fyrir dómnum.

Fjögur ríki hafa nýtt sér þennan möguleika: Noregur og Liechtenstein, hin ríkin sem aðild eiga að EES-samningnum, hafa tekið undir með Íslandi og mótmælt því að ríkisábyrgð sé á innistæðutryggingakerfinu, en Bretland og Holland lýsa yfir stuðningi við kröfur ESA.

Fulltrúar allra fjögurra ríkjanna hafa boðað komu sína í réttarhöldin á þriðjudag og munu þar fá stuttan tíma til að lýsa sjónarmiðum sínum.

Athygli vekur hins vegar að ekkert ríkjanna fjögurra hefur í greinargerðum sínum vegna málsins tæpt nokkuð á mismununarþættinum – á honum virðast þau ekki hafa skoðun, eða þora ekki að víðra hana, hvorki Norðmenn og Liechtensteinar, né Bretar og Hollendingar.

Stígur Helgason
stigur@frettabladid.is



Norski dómariinn véc vegna vanhæfis

Fulltrúi Noregs í EFTA-dómstólnum, Per Christiansen, lýsti sig vanhæfan til að dæma í málinu og vék sæti. Ástæða var ekki gefin upp formlega en talið er næsta víst að vanhæfið helgist af grein sem hann skrifaði á sínum tíma í norska blaðið Aftenposten og fjallaði um Icesave-málið. Sæti Christiansens tekur varamaður hans, Ola Melstad, sem er prófessor við Evrópuréttardeild Óslóarháskóla.

Páll Hreinsson, fulltrúi Íslands í dómnum, víkur hins vegar ekki sæti, jafnvel þótt hann hafi verið formaður Rannsóknarnefndar Alþingis, en í skýrslu hennar er ítarlega fjallað um Icesave-málið og Tryggingasjóð innstæðueigenda. Í skýrslunni er þó ekki tekin afstaða til álítafnisins sem liggur fyrir EFTA-dómstólnum, og þar sem dómaramir þurfa oftsinnis að dæma í málum heimalanda sinna víkur hann ekki sæti.


Þriðji dómariinn, og forseti dómsins, er Carl Baudenbacher, Svisslendingur sem dæmir fyrir hönd Liechtenstein.

Hvað er þetta?

10% afsláttur af Toyota varahlutum í dag, laugardag, fyrir þá sem vita svarið. Opið frá kl. 10.00 - 16.00.

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Sími: 570-5070
info@toyota.is

Parftu að láta smyrja bílinn?
Hraðþjónusta Toyota er opin í dag



Matur úti í mýri

Alþjóðleg barnabókmenntahátíð 2012
15.-17. september í Norræna húsinu

Laugardagur 15. september kl. 14:00 – 17:00

Opnun hátíðarinnar. Verðlaun í smásagnasamkeppni afhent.

Að éta eða vera étinn?

Erindi og umræður: Þórarinn Eldjárn, Svein Nyhus, Sigrún Eldjárn og Ragnheiður Gestsdóttir.

Málstofustjóri: Egill Helgason. Málstofan fer fram á ensku.

Sunnudagur 16. september kl. 11:00 – 16:00

Upplstrar fyrir börn: Candace Fleming, Kristín Arngrímsdóttir, Kristín Steinsdóttir, Polly Horvath og Þórarinn Eldjárn.

Vinnustofur fyrir börn: myndlist - sögur - matreiðsla. Skráning sjá myrin.is. Eric Rohmann, Jutta Bauer og Katrine Klinken.

Leiðsögn Jutta Bauer í Borgarbókasafni kl. 15:00.

Mánudagur 17. september kl. 13:00 – 17:00

Megrún, mannát og afneitun í íslenskum barna- og unglingsbókum.

Árman Jakobsson: Höfuðlausir englar og fátækir riddarar.

Dagný Kristjánsdóttir: Að éta mann og annan.

Anna Heiða Pálsdóttir: Kynvitund, kossar og ólífur.

Málstofustjóri: Helga Birgisdóttir. Málstofan fer fram á íslensku.

Matur í myndum, drengur í súpu og siðferðislegar vangaveltur.

Fridunn Karsrud: Smörbukksodd og andre delikatesser.

Unni Solberg og Kirsti-Nina Frønæs: Om mat og moral i Thorbjørn Egners Hakkebakkeskogen.

Kristin Hallberg: Áta bör man annars dör man.

Málstofustjóri: Gro-Tove Sandmark. Málstofan fer fram á sænsku og norsku.

Myndlistarsýningar:

Matarlist í íslenskum barnabókum, 9. – 19. september.

Sýning 17 teiknara í anddyri Norræna hússins.

Í skóginum stóð kofi einn, 5. september – 4. október.

Jutta Bauer sýnir í Borgarbókasafninu við Tryggvagötu.

Nánar á www.myrin.is **mýrin** Félag um barnabókmenntahátíð

VERSLUNIN FLYTUR!!!
30 - 50% AFSLÁTTUR
AÐEINS NOKKRIR DAGAR EFTIR
ENN MEIRI AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM



40% AFSL. AF ÖLLUM DÝNUM
40% AFSL. AF ÖLLUM LJÓSAKRÓNUM
40 - 50% AFSL. AF ÖLLUM NÁTTBORÐUM
40 - 50% AFSL. AF ÖLLUM RÚMGÖFLUM

OPNUM AÐ ÁRMÚLA 8, 29. SEPTEMBER

**HEIMA
HÚSIÐ**



mood lifum

GALLERY GÓLF

Þrjár flóttafjölskyldur koma til Íslands um næstu mánaðamót:

Gagnkvæmur ávinningur

Hópur flóttafólks er nú væntanlegur til Íslands en fjögur ár eru síðan síðast kom skipulagður hópur flóttafólks til landsins. Þá komu hingað átta palestínskar konur ásamt börnum sínum og settust að á Akranesi.

Eins og þá er hópurinn skipaður mæðrum með börn sín. Þær eru þrjár að þessu sinni og koma frá Írak eins og palestínsku konurnar árið 2008. Konurnar sem koma nú eru af afgönskum uppruna. Þær hafa aldrei komið til Afganistan en þær hafa þó hvorki íranskan ríkisborgararétt né vegabréf frekar en aðrir afganskir flóttamenn þar í landi en talið er að um milljón afganskra flóttamanna sé í Íran.

SKOÐUN

Steinnunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Fjölskyldurnar þrjár munu setjast að í Reykjavík og þeim er afar mikilvægt að eignast sem fyrst stuðningsnet sem bætir að einhverju leyti upp fjarveru stórfjölskyldu og vina – þeirra sem alla jafna mynda stuðningsnet utan um fjölskyldur.

Hlutverk þessara stuðningsaðila eða stuðningsfjölskyldna er vítt. Þeim er ætlað að mynda vinatengsl við nýkomnu fjölskyldurnar og vera þeim tengiliður inn í samfélagið, auk þess sem margháttað liðsinni sem blasir við að veita þarf fólki sem komið er til lands sem það þekkir ekki neitt kemur í hlut stuðningsfjölskyldunnar.

Að gerast stuðningsfjölskylda við fólk frá fjarlægum landi er tækifæri til þess að kynna fjarlægri menningu með beinum hætti um leið og maður lætur gott af sér leiða. Ingibjörg Óskarsdóttir sem gerðist stuðningsaðili einnar af palestínsku konunum sem komu fyrir fjórum árum segir einmitt í viðtali hér í blaðinu í dag að sér hafi fundist „spennandi að kynna fólk sem hefur alist upp við annað en við og hefur kannski aðrar skoðanir.“ Hún viðurkennir fúslega að hlutverkið hafi ekki verið auðvelt í byrjun meðan þær áttu til dæmis litla möguleika á að skilja hvor aðra öðruvísi en að tala í gegnum túlk. Stuðningurinn þróaðist hins vegar út í vináttu eftir að honum lauk formlega ári eftir að flóttakonurnar komu til landsins, vináttu sem stendur enn og er báðum mikilvæg.

Rauði krossinn hefur sem fyrr veg og vanda að því að afla stuðningsfjölskyldna við fjölskyldurnar sem eru á leiðinni og undirbúa stuðningsfjölskyldurnar undir hlutverk sitt. Leitað er að áhugasömum fjölskyldum sem langar að leggja flóttafjölskyldunum lið meðan þær stíga sín fyrstu skref í íslensku samfélagi en hver flóttafjölskylda þarf að eiga nokkrar stuðningsfjölskyldur. Þannig gefst nokkrum fjölskyldum á höfuðborgarsvæðinu tækifæri til að taka þátt í lífi þeirra kvenna og barna sem væntanleg eru, láta gott af sér leiða og kynna um leið framandi menningu.

Það er mikilsvert framlag að taka á móti fjölskyldum sem ekki eru bara án heimilis heldur einnig án heimalands. Reynslan sýnir að eftir því sem flóttafólki sem hingað kemur gengur betur að aðlagast samfélaginu og læra tungumálið þeim mun líklegra er að það festi hér rætur og nái að byggja upp tilveru í nýju heimalandi. Gott stuðningsnet í kringum nýkomnar fjölskyldur getur því skipt þær sköpum.



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Málefnaínurnar skýrast

Stefnuræða forsætisráðherra í vikunni og umræður um hana skýrðu býsna vel málefnaínurnar í pólitíkinni. Hitt verður að draga í efa að umræðan hafi skilið eftir hjá mörgum skýra framtíðarmynd um endurreisnina og stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna.

Það var engin útiðeyfa í þeim boðskap forsætisráðherra að mestu máli skipti að samþykka óbreyttar tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá. Ofurþinginn á þetta mál sagði á hinn bóginn æði margt um skilningsleysi á þeim efnahagslegu viðfangsefnum sem við blasa.

Framtíðarhagsmunir þjóðarinnar kalla á nýja stefnumörk-



ÞORSTEINN PÁLSSON

krónunni og nýjum haftareglum sé að verða ofan á þó að forsætisráðherra tæki fram í einni aukasetningu að skoða mætti hugsanlega aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru.

Þessi skilaboð og þögn forsætisráðherra um viðræðurnar við

un í peningamálunum. Þar hefur stjórnarflokkana greint á. Forsætisráðherra gekk mjög langt í því að jafna þann ágreining. Svo virðist sem stefna VG um að byggja á

Evrópusambandið voru mestu tíðindi stefnumræðunnar. Hér er skýr vísbending um breytta málefnaástæðu á taflborði valdanna. Augljóst er að formaður Samfylkingarinnar ætlar ekki að gefa VG ástæðu til að nálgast Sjálfstæðisflokkinn vegna Evrópumálanna.

Leiðtogar Sjálfstæðisflokksins kröfðust tafarlausra slita á aðildarviðræðunum þvert á samþykktir landsfundar flokksins sem gerðar voru með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Þeir telja klókara að höfða fremur til flóttafylgis VG en frjálslyndari vængsins í eigin flokki. Um leið virkar þetta eins og vandræðalegt ákall til VG um björgun frá einangrun.

Hugmyndafræðilegur ágreiningur

Íhaldsaðgerðirnar í efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins skiluðu framan af verulegum árangri í ríkisfjármálum. Veikleiki ríkisstjórnarinnar kom síðan í ljós þegar sjóðurinn sleppti tókunum: Annars vegar með því að fresta markmiðinu um hallalaus fjárlög. Hins vegar í svokölluðum grískum lausnum sem halda útgjöldum utan við ríkisbókhaldið.

Skarpasti hugmyndafræðilegi ágreiningurinn í umræðunni kom

fram í rökfastrí og málefnalegri gagnrýni formanns Sjálfstæðisflokksins á ríkisfjármálastefnunna. Það þarf ekki sérfræðinga til að sjá hversu ábyrgðarlaus það er að hefja útþenslu á ný áður en jöfnuði er náð. Á sama hátt er glórulaus að ráðstafa söluandvirði ríkiseigna í annað en niðurgreiðslu skulda. Þessi hugmyndafræðilegi ágreiningur var helsta merkið um pólitíska ábyrgð sem fram kom í umræðunum.

Formaður Framsóknarflokksins markaði flokki sínum aftur á móti stöðu til vinstri við ríkisstjórnina í ríkisfjármálum. Hann gagnrýndi hana bæði fyrir niðurskurð og viljaleysi til að auka útgjöld í stórum stíl. Sennilega þarf að fara aftur til þess tíma að Jóhanna Sigurðardóttir var í stjórnarandstöðu til að finna samanburð um jafn óábyrg viðhorf til ríkisfjármála.

Rödd frjálslyndari arms Samfylkingarinnar heyrðist ekki.

Hvaða bil má brúa?

Eðlilega hljóta margir að velta því fyrir sér hvaða vísbendingar stefnumræðan gefur um möguleika flokka til þess að byggja málefnalegar brýr á milli sín. Með öðrum orðum: Hvaða flokkar eiga auðveldast með að mynda ríkisstjórn? Eftir kosningar mun ný skipting þingsæta hafa áhrif á svarið. Persónuleg tengsl og persónuleg óbeit ráða líka nokkru. En sé einungis horft á málefnaástæðuna eins og hún birtist í stefnumræðunni blasir þetta við:

Dýpsta hugmyndafræðilega gjáin er á milli Sjálfstæðisflokks-

ins og Framsóknarflokksins í ríkisfjármálum. Ganga verður út frá því að formennirnir hafi meint það sem þeir sögðu um þessi efni. Það þýðir að ekki er unnt að brúa það bil eigi báðir að halda höfði.

Formaður VG birtist sem pólitískur leiðtogi stjórnarsamstarfsins. Hann lýsti einarðlega því viðhorfi að stjórnarflokkarnir ættu að sameinast með Framsóknarflokknum um að halda Sjálfstæðisflokknum í stjórnarandstöðu. Það gat hann gert vegna þeirrar tilslökunar í Evrópumálum sem fram kom hjá formanni Samfylkingarinnar. Sú málefnalega sveigja

ræðst alfarið af því að vinstri armurinn hefur nú bæði tögl og hagldir í flokknum.

Þetta þýðir að í Samfylkingunni er verið að ýta þeim til hliðar sem vilja að heildarefnahagsstefnan ráðist af markmiðinu um upptöku evru. Í Sjálfstæðisflokknum er svo verið að ýta þeim til hliðar sem vilja ljúka aðildarviðræðunum. Það er búið í Framsóknarflokknum. Spurningin er: Gæti fólk úr þessum röðum náð saman um heilsteypitari efnahagsstefnu ef það fengi stórlega aukin áhrif á framboðslistum flokka sinna og á Alþingi? Eða er það borin von?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLÉLAGSSTJÓRI: Ari Edwald
 RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinnunn Stefánsdóttir steinnunn@frettabladid.is
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Skíðaferðirnar okkar 2013 eru komnar í sölu!
 Spannandi ferðir í beinu flugi til München á útvalda staði í Austurríki
 Nánari upplýsingar á www.baendaferdir.is

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is s: 570 2790 ferðapjónusta bænda

Alltaf lágt verð



WORKS LJÓS 1X36W
3.990,-

WORKS LJÓS 2X18W
3.990,-

WORKS LJÓS 2X36W
5.990,-

2.990,-

nordlux
WORKS LJÓS

Kviknar samstundis og flóktir ekki. IP65 vottað. Má nota utandyra og í votrymum. Flúrþipa innifalin 1 x 18 wött.



3 STK Á VERÐI 2JA

1.190,-

CALLUNA
Calluna vulgaris. Ferskt, harðgert og fjölært haustyng sem þolir vel kulda. Kemur í 11 cm. potti. Verð pr. stk 595,-



Weibull's
40 L WEIBULL GRÓÐURMOLD

Til notkunar í garðinn, blóm-potta og útiker. Inniheldur næringu og heldur raka vel.

495,-



NAURU HANDSTURTUHAUS

Góður handsturtuhaus með gúmmistútum. 3 stillingar þ.á.m. nudd. Veggfesting og 150 cm barki fylgir.

1.645,-



KASSI	
20 L 60 x 40 x 14 cm.	1.195,-
35 L 60 x 40 x 20 cm.	1.395,-
60 L 60 x 40 x 32 cm.	1.895,-
LOK	
40 x 30 cm.	599,-
60 x 40 cm.	845,-
FERÐAKASSI	6.995,-

GRÁIR PLASTKASSAR.
Margar stærðir og gerðir. Hægt að stoffa.
T.d. 18L 40 x 30 x 22 cm.

995,-

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 13. september til og með sunnudagsins 16. september 2012. Gildir á meðan birgðir endast.



BAUHAUS®

GÆÐI

ÞJÓNUSTA

GJAFVERÐ

VÖRUÚRVAL



HYUNDAI

NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

i20



Hyundai i20
Rúmgóður sparneytinn bíll
Opnunar- og afmælistilboð
frá: **2.290.000 kr.**

i30



Hyundai i30
Nútímalegur bíll
Opnunar- og afmælistilboð
frá: **2.890.000 kr.**

Hyundai er flutt í Kaupþún 1

OPNUNAR- OG AFMÆLI

FRUMSÝNING
i40

Hyundai i40 Sedan
Nýja flaggskipið frá Hyundai
Opnunar- og afmælistilboð
frá: **4.790.000 kr.**



ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

UPPLIFÐU NÝJA TÍMA MEÐ HYUNDAI

Opnunartími Hyundai Kaupþúni 1

Öll þjónusta Hyundai er opin frá kl. 07.45 - 18.00 alla virka daga og 10.00 - 16.00 á laugardögum. Þetta á við um sýningarsalinn, viðgerðarþjónustuna, varahlutaverslunina og sölueldir nýrra og notaðra Hyundai bíla. Í neyðartilfellum er hægt að nýta sér 24ra tíma neyðarþjónustu varahlutaverslunar.



Hyundai / BL ehf. | Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 - Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 - Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 - Bílasala Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

ix35



Hyundai ix35
Ekta borgarjeppi
Opnunar- og afmælistilboð
frá: **5.390.000 kr.**

SANTAFE



Hyundai Santa Fe
Öflugur jeppi
Opnunar- og afmælistilboð
frá: **5.490.000 kr.**

i40



Hyundai i40 Station
Þægilegur fjölskyldubíll
Opnunar- og afmælistilboð
frá: **4.990.000 kr.**

SHÁTÍÐ ALLA HELGINA

OPIÐ LAUGARDAG 12-16 OG SUNNUDAG 13-16

Einstök opnunar- og afmælistilboð!

Við opnum glæsilegt nýtt sölu- og þjónustuumboð Hyundai í Kaupþúni 1 og bjóðum ykkur hjartanlega velkomin í heimsókn.

Í ár er 20 ár liðin síðan fyrstu Hyundai bílarnir komu til landsins og af því tilefni bjóðum við fjölbreytt úrval nýrra Hyundai bíla á veglegu opnunar- og afmælistilboði

Verið velkomin í heimsókn,
starfsfólk Hyundai



20 ÁRA AFMÆLISTILBOÐ
KAFFI OG MEÐLÆTI

ALLT AÐ 600.000 KR. AFSLÁTTUR!

REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM HYUNDAI



www.hyundai.is

VERÐHRUN!

RÝMINGAR SALA

BÓKAÚTGEFENDA

BORGARTÚNI 29

OPIÐ KL. 10-19 ALLA DAGA

**KOMDU
OG GERÐU
FRÁBÆR
KAUP!**

**ALDREI
MEIRA
URVAL!**

**ALLIR SEM
VERSLA
FÁ ÓKEYPIS
BÓK!**

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!



~~2.990,-~~
1.490,-



~~14.990,-~~
3.990,-



~~3.280,-~~
690,-



~~4.999,-~~
2.890,-




~~2.790,-~~
1.590,-




~~2.890,-~~
995,-



~~3.900,-~~
1.990,-



~~3.990,-~~
1.990,-



~~19.900,-~~
4.990,-



~~3.990,-~~
690,-



~~5.980,-~~
2.490,-



~~3.990,-~~
1.990,-

BÆKUR FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS!

Fann forföður sinn á safni

Fyrir nokkrum árum frétti **Ólöf Nordal** að til væri gifsafsteypa af forföður hennar sem varðveitt væri suður á Kanaríeyjum. Henni þótti málið forvitnilegt og hóf eftirgrennslan sem voru fyrstu skref að verkum sem nú má sjá á Listasafni Íslands. **Sigríður Björg Tómasdóttir** hitti Ólöfu að máli og fékk að heyra hvernig grúsk í geymslum og gömlum minningum varð að listasýningu.

Verið var að hengja upp ljósmyndir af brjóstmyndum, höndum, fótum, hársýnum og margvíslegum gögnum þegar Fréttablaðið bar að garði á Listasafni Íslands fyrr í vikunni. Í undirbúningi var sýning Ólafar Nordal, Musée Islandique, og á daginn kom að aðdragandi sýningarinnar er langur.

„Þannig var að árið 2005 heyrði ég frá einum frænda mínum að það væri til afsteypa á Kanaríeyjum af forföður okkar, Birni Gunnlaugssyni stærðfræðingi og yfirkennara í Lærða skólanum. Þetta vakti auðvitað forvitni mína og ég tók að grennslast fyrir um þessa afsteypu,“ segir Ólöf og rekur krókaleiðina sem hún fór til að hafa upp á afsteypunni. „Það kom á daginn að mannfræðisafn á Kanarí hafði keypt afsteypur af Íslendingum sem teknar voru af frönskum vísindamönnum um miðja 19. öld. Einhverjir Íslendingar í Kanaríreisun á sjöunda áratugnum fóru á safnið og ráku augun í nöfn sem gátu verið af Íslendingum og þannig fréttist af forföður mínum á safni, þar sem stytturnar af Íslendingunum voru sýningardæmi um hinn hreina norræna kynstofn. Frummyndir afsteypnanna voru hins vegar varðveittar í Musée de l'homme í París en þangað hafði Elsa E. Guðjónsson sem starfaði á Þjóðminjasafni lagt leið sína og tekið saman upplýsingar um þessar frönsku afsteypur. Þær upplýsingar voru til í Þjóðminjasafninu í lítilli möppu sem ég kynnti mér þegar ég var lögð af stað í þann leiðangur sem síðar varð að þessari sýningu.“



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Afsteypur í úthverfi Parísar

Ólöf fékk mikinn áhuga á því að skoða afsteypurnar og upphófust nú miklar bréfaskrifir hennar til franska safnsins og þessa á Kanaríeyjum. „Ég fer svo til Parísar árið 2010 eftir að leyfi hafði gefist til þess að ljósmynda stytturnar. Og þar leyndust þær í geymslu í úthverfi borgarinnar, þær höfðu aldrei verið sýndar og raunar var búið að loka safninu sem á að opna í breyttri mynd síðar.“

Musée de l'homme var að sögn Ólafar komið úr tísku, fornfálegt safn þar sem ægði saman munum frá nýlendum Frakka – og munum úr leiðöngrum á borð við þann sem birtist á Íslandi árið 1856. „Sá leiðangur átti upphaf sitt í áhuga Frakka á að efla tengslin við Ísland, hér stunduðu þeir sjóinn og þeir höfðu raunar áhuga á Íslandi sem mögulegri nýlendu. Þekktastur leiðangursmanni var Jerome Napoleon prins, bróðursonur Napoleons Bónapartes. Fjöldi annarra var með í för, meðal annars mótunarmeisteri sem hafði það hlutverk að taka afsteypur af innfæddum.“

Fræði með grimmilegar afleiðingar
Afsteypurnar voru gerðar í árdaga mannmælingafræða og áttu að hjálpa mönnum til að átta sig á

BARA FJÓRUM ÆTTLIÐUM FRÁ 18. ÖLDinni

„Það er svo langt á milli ættiliða í þessari fjölskyldu að það eru einungis fjórir ættiliðir á milli mín og Björns Gunnlaugssonar sem fæddur var á 18. öldinni,“ segir Ólöf Nordal en á myndinni hér fyrir ofan má sjá myndina af Birni í bakgrunni. Björn Gunnlaugsson var langalangangafi Ólafar. Dóttir hans og fyrri konu hans Ragnheiðar Bjarnadóttur, Ólöf, er langalangamma Ólafar Nordal. Ólöf var gift Jens Sigurðssyni rektor, alþingismanni og bróður Jóns Sigurðssonar. Sonur þeirra Jón átti meðal annars Ólöfu Nordal, ömmu listakonnar. Ólöf var gift Sigurði Nordal prófessor og tók nafn hans. Jón sonur þeirra var faðir Ólafar og þannig höfum við rakið okkur til 20. aldarinnar frá þeirri átjándu.

því hvernig maðurinn er byggður og á mismun kynþátta. „Þarna er verið að leggja grunn að fræðum sem áttu eftir að hafa gríðarlegar afleiðingar, og voru notuð til þess að réttlæta kynþátta-, stétta- og kynjamismun og leiddu í sinni hörmulegastu mynd til voðaverka nasismans.“

Ólöf bendir á að Íslendingarnir sem tekin voru mót af hafi verið vandlega valdir fulltrúar ólíkra stétta. „Það er að segja karlarnir, konurnar voru allar þjóðustúlkur, og það fór reyndar gríðarlega fyrir brjóstið á Íslendingunum að það skyldu vera teknar afsteypur af nöktum líkögum þeirra,“ bætir hún við og við sköðum myndirnar af afsteypunum þar sem þær hanga

uppi, auk brjóstmyndanna má sjá myndir af afsteypum af höndum, fótum og búkum karla og kvenna.

Óhjákvæmilegt er að staldra við myndina af Birni en í bakgrunni hennar má sjá borgina Las Palmas á Kanaríeyjum. „Það vildi svo til að eina stytturnar sem var brotin í París var sú af Birni en ég gafst ekki upp, vildi endilega sjá afsteypuna af þessum forföður mínum. Það tók langan tíma fyrir mig að komast í samband við safnið á Kanaríeyjum en það tókst að lokum og þessi mynd var tekin þar.“

Á slóðum líkamsmannfræðinnar
Ólöf segist hafa vitað nokkuð fljótlega eftir að hún fór að grúska í sögu afsteypnanna og eftir að hún

hafði upp á þeim að hér væri kominn efniviður að sýningu. „Það er kannski fyrst núna þegar myndirnar eru komnar í ramma og upp á vegg að allt þetta smellur saman. Ég er kannski ekki svo mikið að hugsa um alla þessa sögu sem liggur að baki þegar verkið er komið saman, heldur er ég frekar að velta fyrir mér almennt þessum vísindum mælinganna og fræðum sem tengjast þeim. Og þá í framhaldinu hvernig við beutum þekkingu okkar og hvernig þjóðfélag sprettur upp úr þeirri hugsun sem býr til fræðin.“

Þar með berst talið að hinum hluta sýningarinnar en í honum er sjónum beint að ævistarfi líkamsmannfræðingsins Jens Pálssonar sem áratugum saman safnaði gögnum um útlit Íslendinga. „Það má líka segja að þessi hluti sýningarinnar, sem ég kalla Das Experiment Island, eigi sér langar rætur. Umfjöllun um rannsóknir Jens sem sýnd var í Ríkissjónvarpinu á áttunda áratugnum festist í minni mér og ég hafði lengi haft áhuga á honum. Þegar ég var komin á slóðir afsteypnanna vissi ég að leiðin hlyti að liggja líka til Jens. Eftirgrennslan leiddi mig á slóðir Gísla Pálssonar

mannfræðings sem var þá einmitt að skrifa grein um Jens og tók mér fagnandi.“ segir Ólöf sem hefur myndað hluta af umfangsmiklu safni Jens, sem var afrakstur ævistarfs hans. „Rannsóknir Jens eiga sér rætur í vísindum 19. aldar þar sem tekið var að mæla og flokka fólk eftir ytri ásjáð með nákvæmum hætti. Hann lauk sínu doktorsnámi í Þýskalandi á sjöunda áratugnum og hafði alla tíð sterk tengsl við Þýskaland, fékk fjármagn til rannsókna þaðan en hann naut líka mikils velvilja hér á landi.“

Tilgangur og tilgangsleysi fræða

Ólöf segir að þrátt fyrir allar hans rannsóknir hafi orðið fátt um niðurstöður hjá Jens. „Hann safnaði gögnum en skrifaði lítið og birti fátt. Og hann miðlaði ekki aðferðum sínum þannig að í dag getum við ekki lesið úr mælingum hans. Gísli Pálsson hefur bent á hvernig Jens einangraðist að vissu leyti vegna tengsla sinna við Þýskaland, lærimeistarar hans þar tengdust kynþáttakenningasmíðum nasismans. En það er gríðarlega forvitnilegt að velta fyrir sér hvernig þetta safn varð til, tilganginn og tilgangsleysið í því.“

MANNFRÆÐI OG LISTFRÆÐI RÆDD Á MÁLPINGI Í TENGLUM VIÐ SÝNINGU ÓLAFAR NORDAL



Sýning Ólafar er í Listasafni Íslands og stendur til 4. nóvember. Þess má geta að í tengslum við sýningu Ólafar verður haldið málþing 29. september í samstarfi við Háskóla Íslands á sviði mannfræði og listfræði undir heitinu „Homo islandicus.“ Á myndunum hér að ofan má sjá myndir Ólafar af afsteypunum sem fundust í Frakklandi. Myndin lengst til hægri er af hlutum úr safni Jens Pálssonar og hana er einnig að finna á sýningunni auk fleiri mynda af safni Jens.



Ævintýralegt úrval af kvikmyndum
og sjónvarpsstöðvar fyrir
alla fjölskylduna í Sjónvarpi Símans



Ljósnetið er
kraftmeiri tenging
fyrir íslensk heimili

Með Ljósnetinu færðu háhraðanettengingu með mikla flutningsgetu. Þú getur tengt allt að fimm háskerpuþykla fyrir Sjónvarp Símans þar sem hægt er að leigja kvikmyndir og horfa á yfir 100 íslenskar og erlendar sjónvarpsrásir.

Kynntu þér áskriftarleiðirnar á siminn.is eða í 800 7000.

Vinsælasta
leiðin



Ljósnet 1
10GB

Mánaðarverð
4.690 kr.



Ljósnet 2
40GB

Mánaðarverð
5.690 kr.



Ljósnet 3
80GB

Mánaðarverð
6.790 kr.



Ljósnet 4
140GB

Mánaðarverð
8.090 kr.

Ljósnetið er allt að 50 Mb/s

Síminn

Freistaðu gæfunnar um helgina!

ASLMO

D A G A R

3D



289.989,-
185.593,-*
Miðað við 36% aukaafslátt (3 sexur)

Panasonic TXP50ST50

50" 3D NeoPlasma með hámarksmyndgæðum. Viera Connect Nettenging með innbyggðu WiFi. Infinite Black Pro 5.500.000.000:1 skerpa.



Casio EXZS6

Stafræn myndavél með 16.1 milljón punkta upplausn. Auto BESTSHOT 21 myndstillingar með face detection.

14.989,-
9.593,-*
Miðað við 36% aukaafslátt (3 sexur)

Philips HTS3261

3D Heimabiókerfi með blu-ray spilara. 400w RMS Class D magnari, 2 litlir hátalarar og bassabox.



49.989,-
31.993,-*
Miðað við 36% aukaafslátt (3 sexur)

Toshiba 40LV933

40" LCD sjónvarp með háskerpuupplausn 1920x1080p. Vönduð myndgæði með 3D Digital Comb filter og 3D colour management. USB margmiðlunartengi - afspilun af ljósmyndum, tónlist og kvikmyndum.



99.989,-
63.993,-*
Miðað við 36% aukaafslátt (3 sexur)



89.989,-
57.593,-*
Miðað við 36% aukaafslátt (3 sexur)

Acer Aspire V5-571

15" skjár. nVidia GeForce GT 620M skjákort. Intel i3 Sandy Bridge örgjörvi. 4GB vinnsluminni og 320 GB harður diskur.

Beko DC7110 Þurrkari

Barkalaus þurrkari sem tekur 7kg.8 þurrkkerfi. Auðveldur í notkun með stórra hurð.



59.989,-
38.393,-*
Miðað við 36% aukaafslátt (3 sexur)

*AUKAAFSLÁTTUR ER Á BILINU 3-36% EFTIR ÞVÍ HVAÐ KEMUR UPP Í TENINGAKASTINU

Teningakast ræður afslættinum!

MAXAÐU AFSLÁTTINN!

GILDIR UM
ALLAR VÖRUR
Í VERSLUN!

OKKAR
LÁGA
VERÐ

ALLT AÐ
36%
AUKA
AFSLÁTTUR!



Hoover TFS5184
1800w freespace ryksuga
með 270w sogkraft.
Vandaður haus sem hentar
vel á parket.

9.989,-

6.393,-*

Miðað við 36% aukaafslátt (3 sexur)

Beko WMB71431
Einföld 1400sn/7kg þvottavél.
Þvott hæfni A / Orkunotkun A+.
Skjár sem sýnir þvottatíma.

69.989,-

44.793,-*

Miðað við 36% aukaafslátt (3 sexur)

Teningakast ræður aukaafslættinum!

Þegar búið er að stimpla inn vörurnar færðu að kasta þremur teningum á Casino borðinu okkar – samtalan sem kemur upp er aukaafslátturinn þinn.

Dæmi:

 = 15% AUKAAFSLÁTTUR

 = 13% AUKAAFSLÁTTUR

Ef þú færð þrjá eins þá tvöfaldast afslátturinn!

Dæmi:

 = 36% AUKAAFSLÁTTUR

 = 30% AUKAAFSLÁTTUR

Aðeins eitt kast á mann.

Max er rísa raftækjamaður í Kaupþúni í Garðabæ.
2.000 fermetrar stútfullir af sjónvörpum,
heimilistækjum, tölvum og raftækjum fyrir
heimilið á lægra verði!

MAX
RAFTÆKI

Opið mán.- fös.
Laugardaga
Sunnudaga

kl. 11-19
kl. 11-18
kl. 12-18

MAX Kaupþúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

Beint á móti IKEA



INGIBJÖRG OG LÍNA Ingibjörg segist fyrst hafa ákveðið að hún hefði ekki tíma til að sinna stuðningi við flóttamennina. Hún ákvað þó að slá til og tók hlutverkið ekki of háttíðlega. Þær Lína urðu góðar vinkonur þrátt fyrir aldursmun og Lína talar um að Ingibjörg sé eins og systir hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eins og venjulegt vinasamband

Ingibjörg Óskarsdóttir ákvað að styðja flóttamannafjölskyldu frá Palestínu sem fluttist á Akranes árið 2008. Fjórum árum síðar er hlutverki hennar sem stuðningsaðila lokið en hún heldur enn vinskapi við Línu, sem talar um hana eins og systur. Ingibjörg sagði *Pórunni Elísabetu Bogadóttur* frá ástæðum þess að hún gerðist stuðningsfjölskylda, reynslunni og fordómum gegn arabum.

Par til þessi umræða kom upp um að fólk kæmi á Akranes hafði ég aldrei þælt í neinu svona. Þá datt mér í hug að vera með en fann fljótlega út að ég hefði nú engan tíma í þetta,“ segir Ingibjörg Óskarsdóttir sjúkrahjálpari um upphaf þess að hún ákvað að gerast stuðningsfjölskylda fyrir palestínska konu og börn hennar árið 2008. Konurnar komu á Akranes nokkrum dögum fyrir hrun.

„Þegar ég komst svo að því að það yrðu allavega þrjár stuðningsfjölskyldur með hverja og eina fjölskyldu hugsaði ég með mér að ég gæti alveg verið með og myndi bara bakka út ef ég hefði ekki tíma í þetta. Þetta myndi mæða á fleirum en mér.“

Gerði þetta af forvitni

„Ég hef stundum talað um það að ég fór inn í þetta á svölítið eiginörnum forsendum. Ég sá mér hag í þessu, ég hef ferðast svakalega mikið og hef óskaplegan áhuga á annarri menningu. Ég sá mér því hag í að kynna útlandri fjölskyldu sem kom frá allt öðru menningarsvæði, svæði sem ég reyndar hafði mikinn áhuga á. Fyrst og fremst var þetta forvitni af minni hálfu, en ég vildi auðvitað gera gagn í leiðinni. Mér fannst spennandi að kynna fólk sem hefurst upp við annað en við og hefur kannski aðrar skoðanir.“

Fjölskyldurnar sem komu árið 2008 höfðu alla tíð dvalist í Írak, en eru frá Palestínu. Átta einstæðar mæður með börn á öllum aldri dvöldust í Al Waleed-flóttamannabúðunum við slæman kost þar til þær fengu hæli á Akranesi.

„Svo var fjölskyldunum deilt niður á okkur handahófskennt

og Lína lenti hjá mér og tveimur öðrum og flutti svo þar að auki í húsið hjá mér. Ég bý í sexbýli og það voru svona þrjár metrar á milli dyranna hjá okkur. Við höfðum því ágætis forsendur, ég hitti hana oft út af þessu og það var auðvelt að banka upp á hjá mér.“

Ingibjörg ákvað frá upphafi að vera bara ein í verkefninu þrátt fyrir að búa með ungum syni sínum sem væri á svipuðum aldri og einhver af börnum kvennanna. Hún ákvað að skuldbinda hann ekki í verkefni heldur bara sjálfa sig.

Erfitt til að byrja með

„Þetta var náttúrulega hörkuertitt til að byrja með,“ segir Ingibjörg um tímann eftir að konurnar komu hingað fyrst. „Hún talaði nánast enga ensku og ég auðvitað enga arabísku, en við fengum túlk öðru hvoru og þá gat maður komið nauðsynlegum upplýsingum á milli. Oft lá henni samt svo mikið á hjarta að hún endaði á að tala við túlkinn og maður fékk svo bara að vita um hvað var rætt. Þetta voru samskiptin til að byrja með, við fengum reyndar litla orðabók sem nýttist ekkert sérstaklega vel, það verður að segjast.“

Þetta hefur þó breyst mikið. Lína Mazar kom hingað ein með þrjú börn árið 2008. Nú hefur hún eignast kærasta og fjórða barnið og fékk nýlega vinnu sem skólaliði við Brekkubæjarskóla á Akranesi. Henni hefur því gengið mjög vel að aðlagast samfélaginu á Akranesi.

Heimili Línu varð fljótlega eins konar miðstöð fyrir fjölskyldurnar og Ingibjörg kynntist þess vegna flestum fjölskyldunum að einhverju leyti. „Ég var líka mjög dugleg að mæta á alla viðburði sem Rauði krossinn og bærinn skipulögðu í kringum þetta og við

ákváðum það, þessar fjölskyldur, að hittast alltaf vikulega eða hálfsmánaðarlega til að byrja með til að spjalla saman og vita hvernig gengi.“ Fljótlega kom í ljós að fólk hafði ólíkar hugmyndir um það hvaða hlutverki það ætti að gegna og segir Ingibjörg það hafa verið frekar frjálst og fólk hafi ráðið því sjálf. „Ein fjölskyldan sem var með mér hætti því þeim fannst þau ekki hafa neitt hlutverk, eða vissu ekki hvar þau stóðu. Ég lenti í því að verða svoltill reddari, það var auðvitað þægilegt að banka upp á hjá mér og sjá hvort ég gæti hjálpað. En ég var ekkert alveg klár á mínu hlutverki og tók það ekkert ægilega háttíðlega.“

Íslenskan algjör forsenda

Meðal þess sem konurnar þurftu hjálp við var að útskýra fyrir þeim hvað stæði í bréfum sem þær fengu. „Ég bankaði stundum upp á hjá Línu til að vita hvort hana vantaði eitthvað og okkur gekk allavega að koma skilaboðum á milli, og svo bara kynntumst við smám saman. Hún fór að læra aðeins íslensku og þá varð þetta allt miklu, miklu betra. Það er algjör forsenda. Hvað sem fólk kann að þykja um það, þá finnst mér að fólk eigi að læra eitthvað allavega, þú kemst ekki inn í þjóðfélagið nema að læra eitthvað. Það kemur berlega í ljós, þeim sem gengur vel að læra málið, þær komast inn í þetta en hinar miklu miklu minna.“

Eins og fyrr segir fékk fólk að ráða því að miklu leyti sjálf hvernig hlutverki þeirra væri háttað. „Sumir tóku fjölskylduna bara nánast í fóstur, en það gekk svo sem ekkert betur en hjá okkur hinum.

FRAMHALD Á SÍÐU 24

MIKILL FJÖLDI FLÓTTAMANNA Í ÍRAN



Íslensk stjórnvöld taka nú á móti hópi flóttamanna í fyrsta sinn í fjögur ár, eða síðan átta einstæðar mæður með börn sín komu á Akranes úr flóttamannabúðum í Írak. Nú er von á þremur einstæðum mæðrum með börn sín. Þær koma frá Íran en eru af afgönskum uppruna. Að sögn Írisar Bjargar Kristjánsdóttur, formanns flóttamannanefndar velferðarráðuneytisins, er búið að ganga frá öllu sem þarf og von er á konunum á næstu tveimur vikum. Þær koma til landsins í gegnum samtökin IOM, International Organization for Migration, sem velferðarráðuneytið er með samning við.

„Þær eru flóttamenn í Íran en þær eru frá Afganistan upprunalega. Þær eru ekki með íranskan ríkisborgararétt eða vegabréf. Þetta eru Afganar sem hafa aldrei komið til Afganistan,“ segir Íris. Saga afganskra flóttamanna í Íran er löng, en fjöldi fólks flúði þangað eftir innrás Sovétríkjanna á niunda áratug síðustu aldar. Síðan þá hafa komið fleiri skeið þar sem fjöldi fólks hefur flúið Afganistan, en jafnframt hefur fjöldi fólks snúið til baka. Afganskir flóttamenn í Íran öðlast ekki full réttindi þar. Samkvæmt tölum Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna er um ein milljón Afgana flóttamenn í Íran. Frá innrásinni í Afganistan og falli talibanastjórnarinnar fyrir ellefu árum hafa 5,7 milljón manns snúið aftur til landsins af flóttu.

Konurnar og börnin sem nú koma til landsins koma eftir tillögu frá Flóttamannahjálpinni. „Við leggjum inn fyrirspurn um hvar neyðin sé mest og hvaðan þeir leggjja til að fólk komi. Enn og aftur erum við að horfa á konur í hættu.“ Fjölskyldurnar munu koma til með að búa í Reykjavík eftir komuna til landsins.



Ólympíumótshetjurnar okkar, Jón Margeir Sverrisson, Kolbrún Alda Stefánsdóttir, Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir og Helgi Sveinsson, taka hér á móti 406 þúsund króna styrk til Íþróttasambands fatlaðra en þann 29. ágúst runnu 2 krónur af hverjum seldum lítra hjá Atlantsólíu til sambandsins.

**TIL HAMINGJU
MED GULLIÐ
OG GLÆSILEGAN ÁRANGUR!**



SÆKTU UM DÆLULYKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS



Tapað – fundið – Fundarlaun!


**Þessi vél smágrafa
Komatsu PC14R hvarf
úr malarnámu við
Krýsuvíkurveg í byrjun
ágúst**

- Vinnuvélaskráning er IM-1290
- Framleiðslunúmer F00984

Ef einhver hefur upplýsingar um þetta tæki eða hvar það gæti verið staðsett vinsamlegast hafið samband í s 864-3325 eða s 893- 8424. Einnig er hægt að senda póst á leiga@gardheimar.is

Fundarlaun!

**Fundarlaunum heitið
150.000kr til handa þeim sem
gæti upplýst hvar vélin er
niðurkomin.**



GARÐHEIMAR

FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI
Í 20ÁR

FRAMHALD AF SÍÐU 22

Ég veit að sumir fóru að hjálpa fólki með íslenskukennslu. Ég bauð Línu það en hún vildi bara hafa það fyrir sig. Þetta er hörkudugleg kona sem hefur staðið í ýmsu, og ég held að hún hafi ekkert vilja láta einhvern fara að sjá um sig eða hjálpa eitthvað óskaplega mikið nema bara á sínum forsendum. Ég leyfði henni bara að ráða því. Ég var ekkert að trana mér fram en ef hana vantaði eitthvað þá gat hún alltaf bankað upp á. Bara eins og með aðra vini mína – ég leit ekkert á mig eins og ég ætti að bjarga henni.“

Eru nágrannar og vinkonur

Ingibjörg og Lína eru ágætar vinkonur í dag, auk þess að vera nágrannar. „Okkar verkefni var formlega lokið eftir ár, samningurinn var í ár, en ef þú hefur myndað gott samband við fólk þá stekkurðu ekkert út eftir ár og lætur ekki sjá þig.“ Hún segir mjög misjafnt hvernig samböndum stuðningsfjölskyldna og flóttamanna-fjölskyldna sé háttað í dag. Lína og Ingibjörg haldi líklega mestu sambandi. „Þessar konur sem komu hingað eru alls konar konur eins og gengur. Fólki hefur gengið misjafnlega að aðlaga sig og auðvitað verður þú ekki vinur einhvers sem þú átt ekkert sameiginlegt með.“ Ingibjörg er oft gestur á heimili Línu og þær hittast reglulega. „Hún er jafngömul dóttur minni en hún segir að ég sé bara eins og systir hennar og ég held að það sé allveg rétt.“

Meiri fordómar en hún átti von á

Ingibjörg segist hafa upplifað miklu meiri fordóma gagnvart flóttafjölskyldunum en hún átti von á. „Fordómar eru eitthvað sem maður vissi að væri til en ég hefði aldrei látið mig dreyma um að það væru svona miklir fordómar. Miklu meira en ég gerði mér grein fyrir.“ Hún segist telja að fordómur gagnvart aröðum séu öðruvísi heldur en fordómar sem til dæmis konur frá Asíu hafi mætt. „Mér hefur fundist þetta svo hatrammt. Fólk er uppfyllt af því að allir karlar séu lemjandi allar konur, þær verði að gera hitt og þetta og verði að vera með slæður. Fólk er meira að segja að tala um að litlir strákar stjórni heilu fjölskyldunum. Ég hef verið alveg ófeimin við að láta í mér heyra þegar fólk er að tala um þetta. Fólk sem tekur þetta að sér ætti líka að hafa í huga að vera eins konar talsmenn þessa fólks út á við.“

Ingibjörg segir líka mikilvægt að fólk taki sig ekki of hátíðlega ef það ætlar sér að styðja við flóttamenn með þessum hætti. „Það má allveg hafa þínu húmor. Það koma upp alls konar sniðug atvik sem maður hlær að eftir á. Eins og til dæmis með Bónus, sem er með grísinn framan á og þau borða ekki svínakjöt. Þegar þetta var komið á djúsfarnurnar þá var farið að spyrja spurninga. Fólk má allveg hafa húmor fyrir þessu, auðvitað finnst þeim sumt asnalegt og skrítið. Og svo máttu segja nei, þú gerir bara það sem þú vilt. Þetta er bara eins og í venjulegu vinasambandi.“

LEITA AÐ FJÖLSKYLDUM

Um mánaðamótin er von á þremur flóttamannafjölskyldum ættuðum frá Afganistan hingað til lands. Þær koma þó í gegnum Íran. Allar fjölskyldurnar samanstanda af einstæðum mæðrum með börnin sín.

Hver fjölskylda sem kemur hingað til lands sem flóttamenn á vegum stjórnvalda fær þrjár til fjórar stuðningsfjölskyldur sem hjálpa þeim við að aðlagast íslensku samfélagi sem best. Það er Rauði kross Íslands sem stendur að stuðningi við fjölskyldurnar og heldur námskeið fyrir væntanlegar stuðningsfjölskyldur þann 19. september. Þar verður farið yfir verkefnið og sögu fólksins sem kemur að þessu sinni, auk þess sem fólk verða kynntar hefðir og menning Afganistans og heyrir reynslusögu stuðningsfjölskyldu. Rauði krossinn leitar nú að fjölskyldum sem eru tilbúnar til að hjálpa flóttamönnum að aðlagast lífinu á Íslandi, og geta áhugasamir fundið nánari upplýsingar á heimasíðu Rauða krossins.

**KENNDU BARNINU ÞÍNU AÐ
SKOÐA EFNI Á NETINU MEÐ
GAGNRÝNUM HÆTTI**



S A F T

2.0i bensínvél
Fjór hjóladrif
Sjálfskiptur
Alcantara og tau innrétting
17" álfelgur
Litað gler í aftari hliðarrúðum og afturrúðu
Rafstýrðir og upphitaðir hliðarspeglar
Þokuljós að framan
Skriðstillir (Cruise Control)
Tvöföld tölvustýrð loftkæling
Fjarlægðarskynjarar (2 x framan, 4 x aftan)
Hljómflutningstæki með geislaspilara og
RDS útvarpi ásamt 4 hátölurum
Aðgerðarhnappar fyrir hljómtæki í stýri
Hemlalæsivörn (ABS)
Stöðugleikabúnaður (VSA)
Stöðugleikabúnaður fyrir tengivagn (TSA)
Tvöfaldir SRS loftpúðar að framan
Tvöfaldir SRS hliðarloftpúðar
Tvöfaldar SRS loftpúðagardínur
og margt fleira.

CR-V

COMFORT

kr. 5.590.000

Fyrir 15 árum upplifðu Íslendingar fyrst töfra Honda CR-V á götum landsins. Gæði hafa verið aðalsmerki CR-V frá upphafi - 98% allra seldra CR-V bíla á Íslandi eru enn í notkun. Stöðugt er aukið við búnað til að tryggja öryggi og vellíðan fjölskyldunnar. Tryggðu þér hann núna á Honda-góðu verði.



www.honda.is



Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

NÝDÖNSK



1990 **NOSTRADAMUS** „Þetta var í kringum útgáfu á laginu Nostradamus. Einar Sigurðsson og Þorgils Björgvinsson eru þarna á myndinni. Þorgils [gítarleikari] spilaði í Nostradamus og það var eina lagið sem hann spilaði með bandinu. Hann var með okkur í nokkra mánuði en þetta er væntanlega sumarið 1990,“ segir Ólafur og Stefán bætir við: „Þetta er rétt áður en við Jón [Ólafsson] komum inn í bandið.“

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



1991 **DELUXE Á VÍNÝL** „Þetta er á Borginni [Hótel Borg árið 1991] í tengslum við Deluxe. Ástæðan fyrir því að Steinar [Berg Ísleifsson útgáfandi] er að færa okkur blómvönd er að vinyllinn var að deyja út þarna en við vorum harðir á því að þessi plata fengi að koma út á vinyll því við vorum búnir að taka alla plötuna upp hlíðrænt. Þess vegna var þetta svolítil viðburður. Steinar var svolítið að kveðja þetta „format“ og þetta var sennilega seinasta platan sem hann gaf út á vinyll. Þarna var okkur líka afhent vinyllplata.“



1992 **GULL FYRIR HIMNASENDINGU** „Þetta er í Skífunni þar sem Sena er núna. Jón Trausti er þarna með okkur sem var útgáfustjóri. Þarna fengum við gullplötu fyrir Himnasendingu,“ segir Ólafur. „Er þetta ekki platinu-plata?“, spyr Stefán. „Nei, við fengum víst aldrei platinu-plötu,“ svarar Ólafur, en Himnasending, sem kom út 1992, seldist í 9.500 eintökum á þessum tíma. Gullplata fæst fyrir 5.000 seld eintök.“



1993 **HUNANG OG BÝFLUGUR** „Þetta er í Þjóðleikhúsinu [í desember 1993]. Jón sést ekki en hann er til hlíðar á flyglinum. Þetta eru útgáfutónleikar Hunangs. Við vorum með valið efni í „akústískum“ búningi fyrir hlé og svo var Hunangsplatan spiluð í heild sinni eftir hlé. Ég man að við vorum með alls konar býflugur og þess háttar hangandi úr loftinu,“ segir Ólafur.



1990 **MEÐ RAGNARI SÓLBERG** „Þetta er Ragnar Sólberg með okkur, sennilega í bakherbergi í Íslensku óperunni [árið 1998]. Hann spilaði á þessum tónleikum. Þetta var í kringum Húsmæðragarðinn, útgáfutónleikar til að kynna plötuna.“



NÝDÖNSK Hljómsveitin Nýdönsk fagnar 25 ára afmæli sínu með þrennum tónleikum í september.

Fiðrildi í maganum á 25 ára afmælinu

Hin ástsæla **Nýdönsk** heldur upp á 25 ára afmælið sitt með þrennum tónleikum. Fréttablaðið fékk gítarleikarann Stefán Hjörleifsson og trommarann Ólaf Hólm til að rýna í gamlar ljósmyndir frá ferli hljósveitarinnar.

Nýdönsk heldur upp á aldarfjórðungs afmælið sitt með þrennum tónleikum. Fyrst verða tvennir tónleikar í Eldborgarsal Hörpunnar laugardagskvöldið 22. september og viku síðar verða tónleikar í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Nánast uppselt er á alla tónleikana en örfáir miðar eru þó fáanlegir.

Einvalalið tónlistarfólks mun samfagna þeim Daníel Ágústi Haraldssyni, Birni Jörundi Friðbjörnssyni, Jóni Ólafssyni, Stefáni Hjörleifssyni og Ólafi Hólmi á tónleikunum. Meðal gesta verða Unnsteinn Manuel úr Retro Stefón, Högni Egilsson og Sigríður Thorlacius úr Hjaltalín, Svanhildur Jakobsdóttir sem syngur með Birni Jörundi lagið Á sama tíma að ári og KK. „Þetta leggst rosalega vel í okkur og við ætlum að

vanda okkur vel. Við ætlum að spila okkar þekktustu lög en svo verða líka lög sem hafa ekki heyrst „live“ alveg í tuttugu ára og örugglega lög sem við höfum aldrei spilað „live“,“ segja þeir Stefán og Ólafur. Aðspurðir nefna þeir Foss af plötunni Hunang sem eitt þessara laga. „Það er epískt stórvirki sem kallar á alla sem vettlingi geta valdið á sviðinu að spila með okkur. Það þurfa allir að bregðast við því kalli.“

Þið eruð vanir menn, svo varla eru þið stressaðir fyrir tónleikana? „Ég hef ekki verið stressaður í einhver ár eða áratugi með þessu bandi,“ segir Stefán. „Við æfum vel fyrir tónleikana og það á ekki að vera neitt óvænt. En það verða nýir vinklar. Það verða örugglega smá fiðrildi í maganum. Svo erum við í þessu húsi líka. Þetta er svolítið yfirþyrmandi. Ég hef aldrei spilað í þessu húsi.“



1993 **DRÖG AÐ UPPRISU** „Þessi mynd var tekin á æfingu fyrir þessa tónleika [Drög að upprisu með Megasi í hátíðasal MH í nóvember 1993]. Það sem kom mér á óvart, eins og mörgum sem hafa unnið með Megasi, var hvað hann er „próffessional“. Þetta var þriggja vikna æfingartímabil og svaka æfingartörn,“ segir Stefán. „Einhvern tímann kom hann [Megas] með útskrifaðan gítarpart sem ég fór með heim. Þrátt fyrir að vera hámenntaður gítarleikari gat ég aldrei spilað hann en þá var hann bara að fíflast. Þá vissi hann að það væri ekki hægt að spila gítarpartinn, sem segir hvað hann er vel að sér. Hann var víst búinn að leggja þetta fyrir marga aðra gítarleikara.“



1997 **ENDURKOMA ÁRSINS** „Þetta eru tíu ára afmælistónleikar sem voru haldnir í Háskólabíói [í október 1997] en þá var gefinn út safndiskurinn „87-97“. Þarna er Danni að koma sem gestur því þarna var hann hættur í bandinu. Þessir tónleikar þóttu tilefni til að veita okkur viðurkenningu fyrir endurkomu ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum því við vorum búnir að vera í einhverri pásu þarna,“ segir Stefán. „Ég á kuðunginn heima þar sem á stendur Tónlistarviðburður ársins.“ Ólafur bætur við: „Ég braut mína stytta í partínu þarna þegar verðlaunin voru veitt.“ Spurður út í hinn berfætta Daníel segir Stefán: „Ég hef aldrei séð hann áður berfættan en hann er kamelljón. Hann hefur verið í ýmsum múnderingum og allt klæðir hann vel. Ég hafði aldrei séð það áður þegar hann var alltaf í strigaskóm og jakkafötum. Það var alveg nýtt. Það var „trendsetter“ í honum.“

Viltu vinna draumaferð um Ísland?



8 glæsilegir ferðavinningar í boði

Allir sem setja inn myndir á vefinn islandermedetta.is eiga möguleika á að vinna ferðalög, gistingu og fjölbreyttar upplifanir af Íslandi.

Fjöldi vinninga í boði! Valið úr innsendum myndum í lok september. Skoðaðu alla vinningana á islandermedetta.is.



Það geta allir tekið þátt í myndaleiknum!

Það er einfalt að senda inn myndir, þú getur valið um fjölda möguleika:



VEFURINN
Skráðu þig sem notanda í gegnum Facebook á islandermedetta.is




iPHONE
iPhone-appið fyrir myndaleikinn er hægt að sækja í Appstore



ANDROID
Android-appið fyrir myndaleikinn er á markaðstorginu Google play




TWITTER
Merktu myndina með #islandermedetta og hún fer sjálfkrafa inn á vefinn



INSTAGRAM
Merktu myndina með #islandermedetta og hún fer sjálfkrafa inn á vefinn



TÖLVUPÓSTUR
Sendið póst á leikur@islandermedetta.is og myndin birtist sjálfkrafa á vefnum



Vefurinn islandermedetta.is auðveldar þér að finna spennandi ævintýri og upplifanir úti um allt land. Hvert á land viltu fara, hvenær viltu fara og hvað viltu gera? islandermedetta.is hefur svarið.

islandermedetta.is

Sendu okkur þína mynd og þú gætir unnið ferðavinning!

**ÍSLAND
ER MEÐ'ETTA**



ÚTSALA

20-70% AFSLÁTTUR!

**20%
AFSLÁTTUR
AF INNIMÁLNINGU
BARA UM
HELGINA!**



**FRÁBÆR KAUP!
TASKA FYLGIR
158 FYLGIHLUTIR
TVÆR RAFHLÖÐUR**

WORX
it's your nature

**Rafhlöðuborvél 14.4V
Áður: 26.995 kr.
Nú: 19.995 kr.**



PÚ SPARAR 16.000!

**HEIMILSTÆKI
ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR**

Electrolux
5 ára ábyrgð

Purrkari Electrolux
m/barka og rakaskynjara Vnr.1805423
Áður 89.900 kr.
Nú: **73.900 kr.**



PÚ SPARAR 10.000!

Electrolux
5 ára ábyrgð

Helluborð
Vnr.1850524
Áður 59.900 kr.
Nú: **49.900 kr.**



**FLÍSAR
20-70%
AFSLÁTTUR!**

**VEGGFLÍSAR
VERÐ FRÁ
990 kr.**

**GÓLFFLÍSAR
VERÐ FRÁ
1.495 kr.**



**ÚTIVISTAR-
FATNAÐUR
20-70%
AFSLÁTTUR!**

Flíspeysa m/hettu
vnr.5870577-91
Áður: 5.199 kr.
Nú: **2.000 kr.**



**VALIN SMÁ-
RAFTÆKI
20-35%
AFSLÁTTUR!**

Matvinnsluvél 600W
Russel Hobbs, Desire Vnr. 1840066
Áður 17.390 kr.
Nú: **11.900 kr.**



**SKJÓLVEGGIR
25-50%
AFSLÁTTUR!**

Skjólveggur MADRID
180x180 Vnr. 603400
Áður 15.390 kr.
Nú: **11.543 kr.**

ÁRSINS

ENN MEIRA ÚRVAL!



STUÐ Í SKÚTUVOGI!

HITACHI VERKFÆRAKYNNING - OG HAPPDRETTI!

Walter Welln kynnir það nýjasta frá Hitachi milli kl. 13-15 í dag.

KOMDU Í DAG OG ÞÚ GETUR UNNIÐ!

Í verðlaun er stórglæsilegt viðgerðarsett fyrir bílinn að andvirði 89.900 kr.
- drögum kl.15:00 í dag!

**HITACHI
HAPPDRETTI!**

HAUSTLAUKARNIR KOMNIR, SÝNIKENNSLA UM HELGINA!

Hautlaukaráðgjöf og sýnikennsla
Garðyrkjufraeðingar Blómavals sýna réttu handtökin við
haustl aukana í Skútuvogi milli kl 13-16, laugardag og
sunnudag. Komdu og fáðu ráðleggingar og lærðu réttu
handtökin. Eitt mesta úrval landsins af haustl aukum!

MAGNPAKKNINGAR
Túlipanar 50 stk.
Krókusar 50 stk.
Páskalliljur 20 stk.

1.699

HAUST-
VÖNDURINN
2.990

ERIKUR
3 stykki
aðeins um helgina!

999


blómaval



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

TATTÚHEIMURINN FJÖLBREYTTUR

Öll húð hulin nafni guðsins

Mick eyddi fimm árum í að leita uppi trúarhóp á Indlandi þar sem meðlimir eru með nafn guðsins Ram húðflúrað yfir allan líkama sinn. Hópurinn býr á mjög afskekktum og leyndum stað og þegar Mick fór frá þeim sór hann þess eioð að hann myndi aldrei segja neinum frá því hvar þeir héldu til. Allir meðlimir hópsins eru komnir vel til ára sinna og vilja fá að lifa í friði, en aðeins eru nokkrir tugir enn á lífi. Hópurinn iðkar hindúisma, sem eru þriðju fjölmennustu trúarbrögð heims, og hafa tileinkað guðinum Ram tilveru sína með því að hylja húð sína með húðflúruðu nafni guðsins. Þeir brugðu á þetta öfgaráð til að greina sig frá öðrum hópum. „Það er óhætt að segja að það verði ekki aftur snúið þegar þú hefur ákveðið að tilheyra þessum hópi,“ segir Mick.



Icelandic tattoo expo á Hótel Sögu

Travelin Mick verður í Súlnasal Hótel Sögu alla helgina. Þar stendur yfir Icelandic Tattoo Expo sem er haldin hérlendis í fyrsta skipti þessa helgina. Fjölbreytt dagskrá er í boði og meðal annars verður þarna að finna hinn heimsfræga Lizardman sem er allur húðflúraður eins og eðla og með klofna tungu. Einnig verður þar að finna marga færustu húðflúrlistamenn heims sem margir hverjir eru með hátt í tveggja ára biðlista, en hægt verður að komast í flúrur hjá þeim. Auk þess verða keppnir í gangi alla helgina en allir sem eru með húðflúr geta tekið þátt. Nánar er hægt að kynna sér keppnirnar og dagskrá helgarinnar á Facebook-síðu þeirra, facebook.com/IcelandicTattooExpo.



TRAVELIN MICK Mick hefur ferðast til afskekktustu svæða heims þar sem hann hefur tekið myndir og skráð sögu alls kyns húðflúra. Hann segir þetta vera mikinn menningararf sem þurfi að varðveita.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Með 5.000 ára gamalt húðflúr

Travelin Mick hefur ferðast um heiminn og myndað húðflúr. Hann er staddur hérlendis og spjallaði við *Tinnu Rós Steinsdóttur* um þá stórmerki-legu hluti sem hann hefur séð og kynnst á ferðalögum sínum.

Travelin Mick ferðast á afskekktu staði og leitar uppi ættbálka og húðflúr sem tengjast jafnvel þúsund ára gömlum hefðum. „Stundum kem ég á stað þar sem eru kannski tvær 100 ára gamlar konur þær einu eftirlifandi sem bera húðflúr ættbálks síns og þekkja söguna. Oft hefur þetta fólk búið á afskekktum stöðum alla sína ævi og því ekki til neinar myndir eða heimildir um flúrur og ástæðurnar sem liggja að baki þeim. Ég reyni að varðveita þekkinguna með því að mynda flúrur og skrifa niður söguna,“ segir ljósmyndarinn og blaðamaðurinn Mick. Á ferðalögum sínum um heiminn hefur hann komist í kynni við marga stórmerkilega hópa sem bera ýmis konar húðflúr af menningar- eða trúarlegum ástæðum. „Ég verð oft var við endurtekin mynstur, jafnvel hjá fólki sem býr á afskekktum stöðum í sitthvorum hluta heimsins,“ segir hann.

Menningararfur sem þarf að rannsaka

Mick hóf rannsóknir sínar og ferðalög árið 1999. Hann segir mikinn menningararf í húðflúrum og honum hafi þótt nauðsynlegt að

Kærastan deilir áhugamálinu

Travelin Mick er staddur hér á landi til að taka þátt í Icelandic Tattoo Expo sem fer fram í Súlnasal Hótel Sögu um helgina. Þar mun hann setja upp ljósmyndasýningu sína *In Your Face*, auk þess sem hann mun skrifa um ráðstefnuna. „Á sýningunni má sjá fólk með mismunandi tattú í andlitinu sem bera vitni um menningu þeirra eða trú,“ segir hann.

Kærastan hans, Sana, deilir blessunarlega áhugamálinu með honum og ferðast þau mikið saman. Hún er einnig stödd hérlendis og verður með danssýn-



Á sýningunni má sjá fólk með mismunandi tattú í andlitinu sem bera vitni um menningu þeirra eða trú.

Leaves and Stars

eftir Snorra Hjartarson

Hallberg Hallmundsson sneri á ensku

“During the thirty-five years Snorri Hjartarson has been publishing his exquisite poetic compositions, he has turned out only four books, but each has been a treasure chest of polished gems”.

From: “World Literature Today”
Hallberg Hallmundsson



Bók þessi er upplögð gjöf fyrir erlenda ljóðavini.



Hallberg Hallmundsson ætlaði sér að reyna að koma ljóðum íslenskra skálda á framfæri í Bandaríkjunum þegar hann bjó Vestra. Fyrsta bókinn skyldi vera *Þorpið* eftir Jón úr Vör (þegar komin út hjá Brú) og næst átti að vera *Lauf og stjörnur*. En bandarískur ljóðamaður reyndist vera erfiðari vinfangs en svo að hægt væri að láta þennan draum rætast.

Rétt fyrir andlát sitt í janúar 2011 bað Hallberg ættingja sína um að koma þeim ljóðabýðingum hans á prent sem tilbúnar voru í tölvunni hans þar á meðal *Laufi og stjörnum*. Næsta bók sem kemur út fljótlega af býðingum Hallbergs á ensku eru *13 Chapbooks*, með ljóðum eftir jafn marga Íslendinga.

Dreifing: JPV.

Bókin fæst í öllum helstu bókabúðum

Dularfull saga húðflúra

Húðflúr hafa tilheyrt menningarsamfélögum í mörg þúsund ár en saga þeirra er þó sveipuð dulúð og leyndardómum. Líklegt þykir að fyrstu flúrur hafi orðið til af slysi þar sem sót hafi komist ofan í sár og þannig gróid inn í húðina. Elsta húðflúr sem fundist hefur var á um 5.300 ára gamalli múmíu ísmannsins Ötzi sem fannst við landamæri Ítalíu og Austurríkis árið 1991. Talið er að Ötzi hafi verið uppi um 3.300 fyrir Krist og var hann með 57 húðflúr, sem hægt var að sjá með berum augum því jökullinn hafði varðveitt líkið svo vel. Rannsóknir leiddu í ljós að þau voru gerð úr sóti og talið er að þau hafi þjónað lækisfræðilegum tilgangi. Mick kannast vel við söguna af Ötzi og ber sjálfur húðflúr sem er eins og eitt af þeim sem á Ötzi er.

„Ég var staddur meðal búskmanna í Namibíu þegar ég sneri mig á ökkla. Þá var fundin rétt jurtt til að lækna mein mín, búið var til blek úr henni og lækningartattú flúrað á mig. Seinna kom í ljós að

varðveita hann. „Það er mjög sorglegt hvað tattúheimurinn hefur verið lítið rannsakaður í gegnum tíðina því hann er svo merkilegur. Ég veit ekki betur en að það sé einn vísindamaður í heiminum í dag sem sérhæfir sig í húðflúrum. Sjálfur rannsaka ég þetta meira út frá sjónarhorni blaðamannsins,“ segir hann.

Mick er þýskur að uppruna og býr nú í Berlín. Hann eyðir þó minnstum hluta ársins heima hjá sér því átta til tíu mánuði af árinu ferðast hann um heiminn. „Starfið mitt er í raun þríþætt. Árlega fer ég á tuttugu til 25 tattúræðstefnur um allan heim þar sem ég set upp myndasýningar og skrifa um ráðstefnurnar,“ segir hann en hann skrifar helst fyrir tattú-tímarit þó annars konar tímarit leiti stundum til hans líka. „Ég leita líka uppi tattúlistamenn og tek við þá viðtöl, sýni vinnu þeirra og fjalla um hvað sé sérstakt við þá. Að lokum eru það svo áðurnefnd ferðalög,“ segir Mick.

ingu á Icelandic Tattoo Expo. Það er videigandi að þau skuli starfa saman í tattúheiminum því þau kynntust einmitt í gegnum hann. „Það er stór og merki-legur hluti tattúheimsins í Japan en þeir eru fáir þar sem tala ensku og ég tala ekki japönsku, Sana starfadi sem túlkurinn minn og þannig kynntumst við,“ rifjar Mick upp, en hjónaleysin eru búin að vera saman í fjögur ár. Þau komu til landsins fyrir viku og tóku sér nokkra daga til að ferðast um Suðurlandið. „Við lentum í smávægis óveðri en vorum á góðum bíl svo við björguðum okkur,“ segir Mick, sem hefur lengi ætlað að koma til Íslands en alltaf eitthvað komið upp á á síðustu stundu. „Ég er rosalega glaður yfir að hafa loksins komist alla leið hingað. Ég er alveg heillaður af Íslandi og fjölbreytileika landsins. Það leynist eitthvað óvænt handan við hvert horn,“ segir hann ánægður en þau Sana verða hér fram á þriðjudag.



10 ÁRA

AFMÆLISVEISLA VERSLUNAR BYKO BREIDD

ÓTRÚLEGT AFMÆLISVERÐ
UM HELGINA

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.



VÖRUR Á 10 ÁRA VERÐI*

10 AFMÆLISVERÐ
590 kr.

Vnr. 70210023
BYKO trésög.

10 AFMÆLISVERÐ
590 kr.

Vnr. 84100160
FIA málingar-
rúlla og bakki,
25 cm.

10 AFMÆLISVERÐ
2.590 kr.

Vnr. 50170181
Trappa, 3 þrep,
þolir 120 kg.

10 AFMÆLISVERÐ
390 kr.

KAPRO
Vnr. 49250519
KAPRO málband,
5 m, 19 mm, króm.

10 AFMÆLISVERÐ
2.990 kr.

málning
Vnr. 86620040
KÓPAL Glitra,
hvít, 4 l.

*Takmarkað magn - eitt stk. á viðskiptavin - Vörur á afmælisverði fást í verslun BYKO í Breidd á meðan birgðir endast.

SÝNISHORN AF ÖÐRUM FRÁBÆRUM AFMÆLISTILBOÐUM

AFMÆLISVERÐ **13.990** kr.

Vnr. 52236871
PRAHA 5 arma kristalljós-
króna, króm og gler. **24.990** kr.

AFMÆLISVERÐ **2.990** kr.

Vnr. 74800500
BAVARIA BID 500E
höggborvél. **3.870** kr.

AFMÆLISVERÐ **5.990** kr.

Vnr. 52236473
CANNES gölflampi,
stál og króm. **14.990** kr.

AFMÆLISVERÐ **3.990** kr.

Vnr. 78070007
Verkfærasett fyrir
börn, 18 stk. **5.990** kr.

AFMÆLISVERÐ **3.990** kr.

Vnr. 41100108
Matar- og kaffistell, 20 stk. **6.590** kr.

AFMÆLISVERÐ **1.290** kr./m²

Vnr. 0113450
SARAGOSSA plastparket,
eik, 192x1285 mm. **1.890** kr./m²

FAGNAÐU MEÐ OKKUR Í BREIDDINN

Afmælisveisla

Við höldum upp á 10 ára
afmæli verslunar BYKO í Breidd
með 10 metra afmælisköku,
pylsum og gosi fyrir gesti
í dag kl. 12-15.

Kynningar


Alls kyns kynningar í
gangi allan daginn.

Happdrætti

Í tilefni afmælisins gefum við heppnum
gestum stórglæsilega vinninga.

TAKTU ÞÁTT OG ÞÚ GETUR UNNIÐ!

Vinningar:	Að verðmætti:
SUNWIND GASGRILL KANSAS 4000	119.900 kr.
STERLING GASGRILL 1716-3	49.900 kr.
BOSCH RAFHLÖÐUVÉL PSR 14,4V LI	27.900 kr.
BOSCH RAFHLÖÐUVÉL PSR 10,8V LI-2	20.900 kr.
PHILIPS SENSEO KAFFIVÉL, BLÁ	15.995 kr.
BOSCH TÓFRASPROTI 600W	12.995 kr.
SODASTREAM JET	12.949 kr.
RATTAN BISTRO SETT BORD OG 2 STÓLAR	12.990 kr.



Atlantsólía
10 kr. afmælisafsláttur
laugardag 15. september til
miðnættis á Skemmuvegi.

10 kr.
afmælisafsláttur með
dælukeyli frá Atlantsólíu

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ebá myndabreyngi. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.



Á SJÚKRAHÚSINU „Ég skreið fyrst, reyndi síðan að labba en skjögraði til allra átta,“ sagði Guðlaugur sem fékk góða aðhlyningu á sjúkrahúsinu og heimsóknir ættingja, meðal annars Sigurhönnu systur sinnar.

MYNDIR/GVA



VATNSÍLÁT BAK VIÐ ELDFELLIÐ Þótt vatnið í baðkarinu væri óhreint hressti það Guðlaug verulega. En fyrst þurfti hann að berja af því ísinn.

Var ekki hræddur við að deyja

Guðlaugur Friðþórsson synti rúma fimm kílómetra í ísköldum sjó, braust gegnum brimgarð, kleif kletta og gekk berfættur um tveggja kílómetra leið til byggða í Eyjum, meðal annars um úfið hraun. Í tilefni þess að Djúpið, mynd Baltasars Kormáks sem verður frumsýnd 21. september, er innblásin af þessu einstæða afreki er hér gluggað í frásagnir af atburðinum 11. mars 1984.

Við sátum þrjú á kili, ég, Hjörtur skipstjóri og Pétur 1. vélstjóri sem við höfðum á milli okkar því hann var aðframkominn. Þegar við fundum að skipið var að fara niður báðum við það irvorið í sameiningu og ákváðum að hver yrði að bjarga sér.“

Þessi orð eru höfð eftir Guðlaugi Friðþórssyni sem tuttugu og tveggja ára komst í þá karlmennskuraun að bátinum, Hellisey VE 503, sem hann var vélstjóri á, hvolfdi seint um kvöld um þrjár sjómílar austur af Heimaey. Guðlaugur var um þrjá stundarfjórðunga á kili, ásamt tveimur öðrum skipverjum, og beið þess sem verða vildi. Þeir höfðu þá horft á eftir tveimur félögum sínum í hafið.

Skyndilega sökk báturinn undan þremningunum og þeir gripu sundtökin, sáu vitaljósin á Stórhöfða og tóku stefnuna þangað. Innan stundar var Guðlaugur orðinn einn eftir á yfirborði sjávar.

Hugsaði margt

„Ég hugsaði margt á sundinu til lands, hvað maður hefur gert og hvað maður átti eftir að gera... Ég fór líka að hugsa um það að ég skulda hér og þar, smávegis, eins og gengur og mér þótti mikið

slæmt að stefna í dauðann án þess að geta gert upp...“

Þegar Guðlaugur var kominn um þriðjung leiðarinnar í land sá hann bát á siglingu og synti allt hvað af tók í áttina til hans, veifaði, öskraði og buslaði en báturinn fór fram hjá án þess að skipverjar yrðu hans varir í náttmyrkrinu. Þá

Átti leiðarstörn

Guðlaugur synti ýmist bringusund eða baksund. Vitaljósið og eyjarnar voru í sjónmáli þegar hann synti bringusundið en á baksundinu miðaði hann stefnuna við skæra stjörnu á himni. Þegar á leið nótt hurfu flestar stjörnurnar í ský en stjarnan hans hvarf aldrei.

labba en skjögraði til allra átta og gat satt að segja ekki staðið á fótunum. Ég taldi mér borgið þegar ég var kominn á land, en samt var það ef til vill erfiðara að fara landleiðina um hraunið, berfættur og svo dofinn að maður fann ekki fyrir sjálfum sér...“

Á miðri leið rakst Guðlaugur á

í íþróttum væru í ætt hans kvaðst Guðlaugur ekki vita til þess. „Ég hef heldur aldrei verið neinn íþróttamaður, hef stundum verið í fótbolta svona að gamni mínu með félögum. Það er nú hálfgerður villimannafótbolti... Eina íþróttin sem ég get sagt að ég hafi stundað er það að maður hefur stundum farið í sjómann á böllum og þá held ég að ég hafi yfirleitt tapað. En það er þetta með sundið. Við vorum í fyrrasumar nokkrir félagar saman að gera okkur glaðan dag, fengum okkur gúmmíuðru, sigldum út á Vík og stígum í land í Ystakletti, ekki langt frá Klettshelli. Það er þarna móbergshilla, nokkuð stór, og við sátum á henni og létum okkur líða vel. Þá fékk ég allt í einu þá flugu í höfuðið að gaman væri að synda yfir Víkina og fara á land hinum megin á nýja hrauninu. Úr þessu varð þó ekkert, enda töldu félagar mínir mér trú um að ég myndi aldrei hafa það, ég gæfist upp á miðri leið. Þó eru þetta líklega ekki nema þrjú til fjögur hundruð metrar.“

Frækileg frammistaða Guðlaugs Friðþórssonar, andlegt og líkamlegt þrek, og þol gegn kulda, vakti heimsathygli og þótti hvarvetna furðu sæta.

Heimildir: Ísland í aldanna rás/ Helgarpósturinn/DV



Þegar ég komst upp á milli fellanna og ljósin í bænum blöstu við, leit ég einhverja stórkostlegustu sýn í lífi mínu og mér óx ásmegin og ég greikkaði sporið.

sá hann að hann yrði að bjarga sér sjálfur, klæddi sig úr sjógallanum sem var honum til trafala á sundinu, og var þá einungis klæddur þunnri peysu, skyrtu og gallabuxum. Síðan hélt hann áfram áleiðis til lands.

„Það undarlega var að ég var aldrei hræddur þessa nótt. Ég hafði á tilfinningunni að ég myndi deyja. Fór tvisvar með Faðir vor á leiðinni í land og það var satt að segja æði fjölbreytt sem ég reyndi að gera til að halda hugsuninni gangandi. Ég talaði við múkkann og bað hann fyrir skilaboð til lands, bað hann að láta vita af mér...“

„Ég held það hafi hjálpað mér mjög að ég var rólegur allan tímann, var ekki hræddur við að deyja, en hins vegar kveið ég því að drukkana, hafði sopið sjó og fannst það óþægilegt.“

Guðlaugi gekk erfiðlega að finna hentugan lendarstað. Hann náði taki á stórum steini um fimm til tíu metra frá stórgrýttri fjörinni og beið þar meðan fjarafi út en lét næstu öldu skola sér upp í urðina. Þar átti hann erfitt með að fóta sig vegna sjóriðu og hafðist um stund við á syllu sem sjórin gekk upp á. En með því að skríða skáhallt upp klettana komst hann upp á hraunið. „...Ég skreið fyrst, reyndi síðan að

baðkar sem notað var sem vatnsílát fyrir skepnur. Með berum höndum náði hann að brjóta um þumlungsbýkkan ís á yfirborði þess og fá sér að drekka. Hann var þó móður og þungur á göngunni og brekka sem á leið hans varð óx honum í augum. Samt lagði hann í hana og sigraði. „...Þegar ég komst upp á milli fellanna og ljósin í bænum blöstu við, leit ég einhverja stórkostlegustu sýn í lífi mínu og mér óx ásmegin og greikkaði sporið að fyrsta húsinu sem ljós var í. Þar barði ég dyra...“

Enginn íþróttamaður

Spurður eftir á hvort afreksmenn

ÓSÁTTUR VIÐ MYNDINA

Mynd Baltasars, Djúpið, er byggð á leikriti með sama nafni eftir Jón Atla Jónsson rithöfund.

Guðlaugur Friðþórsson var fyrir tveimur árum ósáttur við að nafn hans skyldi tengt myndinni samkvæmt síðunni www.eyjafrettir.is 30. júlí 2010. „Það hefur tvisvar verið haft samband við mig vegna þessarar myndar en í bæði skiptin var það eftir að búið var að ákveða að gera hana.“ -og einnig: „Atburðirnir sem gerðust kvöldið 11. mars 1984 eru í mínum huga ekki leikrit heldur ískaldur raunveruleikinn, þar sem fjórir ungir menn létust.“

Í Fréttablaðinu 31. júlí 2010 stendur: Baltasar segir handrit myndarinnar fyrst og fremst fylgja því sem kemur fram í opinberum gögnum og skýrslu um slysið. Þrátt fyrir það verður hvorki nafn Guðlaugs né þeirra sem létust notað í myndinni. „Ég reyni að vera eins trúverðugur og sannur gagnvart efninu eins og ég get. Ég er ekki að reyna að sverta minningu eins né neins, nema síður sé.“

Þess má geta að Guðlaugur vildi ekki koma í viðtal við Fréttablaðið í gær, vegna umfjöllunarinnar á þessari síðu.

Myndirnar til hliðar eru teknar við tókur á Djúpinu af Antoni Brink.





HVITA HÚSID / SÍA -12-1000



VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA

www.postur.is

VISSIR ÞÚ AÐ...

9% kvenna

KVENNA Hafa ÁTT VIÐ ÓFRJÓSEMI AÐ STRÍÐA Á ALDRINUM 20-44 ÁRA.

■ ... talið er að á næstum árum muni eitt af hverjum sex þörum í heiminum þurfa að glíma við vandamál sem tengjast **ófrjósemi** á einhverjum hluta frjósemissskeiðs síns eða á því öllu. Samkvæmt skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) telst það vera ófrjósemi þegar þar hefur reynt að geta barn í meira en eitt ár án þess að það takist.

■ ... líffræðilegar breytingar sem verða við blæðing- ar koma fram fyrir og hraðar hjá þeim sem þroskast snemma. Hormónabreytingar sem leiða til **kynþroska** geta valdið ýmsum tilfinningalegum sveiflum þar sem sjálfsmat og sjálfsstjórn þroskast síðar. Unglingar eru því örari á þessu tímabili, verða spenntari, sýna meiri tilfinningasemi og geta orðið áhættusæknari en síðar.

■ ... um víða veröld eiga all flestar konur sem verða 55 ára eða eldri það sameiginlegt að hætta blæðingum. Þrátt fyrir alla þessa sameiginlegu reynslu af **tíðahvörfum** (síðustu blæðingum) var þekking á aðdraganda þeirra og áhrifum á heilsu kvenna af skornum skammti allt fram á tíunda áratug 20. aldar.



■ ... þrátt fyrir greiddan aðgang að öruggum getnaðarvörnum á Vesturlöndum verða árlega fjölmargar konur þungaðar án þess að ætla sér það. Ýmislegt hefur áhrif á notkun **getnaðarvarna** en fagleg ráðgjöf um þær er talin vera mjög mikilvæg til að stuðla að markvissri notkun.

■ ... enn er ekki að fullu vitað hvað veldur **vefjagigt** en þar sem sérstakar lífeðlis- og lífefnafræðilegar orsakir hafa ekki fundist hefur því verið haldið fram að þær geti að einhverju leyti verið sálfræðilegar. Hafa nokkrar rannsóknir til dæmis sýnt að talsvert hlutfall einstaklinga með vefjagigt hafði orðið fyrir einu eða fleiri áföllum áður en einkenni gigtarinnar komu fram og svo virðist sem konur sem hefur verið nauðgað séu líklegri til að þjást af

vefjagigt en aðrar. Konur sem eru þolendur ofbeldis eru ellefu sinnum líklegri til að vera með vefjagigt en aðrar konur.

■ ... skýr kynjamunur kemur fram bæði í tegundum **áfalla** og afleiðingum þeirra. Rannsóknir hafa leitt í ljós að karlmenn eru líklegri til að verða fyrir öllum tegundum áfalla nema þeim sem tengjast kynferðis- og heimilisofbeldi, en slík áföll eru töluvert algengari hjá konum og konur eru líklegri en karlar til að þróa með sér áfallastreituróskun og önnur vandamál í kjölfar áfalla.



■ ... héraendis voru 3,3% barna sem fæddust árið 2008 getin með aðstoð **tæknifrjóvgunar** sem er samheiti yfir meðferðir við ófrjósemi, svo sem glasafrjóvgun, smásjárfrjóvgun, uppsetningu frystra fósturvísa og tæknisæðingu.


51 kona

LÉST ÚR LANGVINNRI LUNGNATEPPU ÁRIÐ 2009 EN 37 KARLAR.

■ ... konur með langvinna **lungnateppu** er hratt vaxandi skjólstaðingahópur heilbrigðisþjónustunnar víðs vegar um heiminn. Þær nota þjónustuna meira en karlar þótt sjúkdómurinn sé síður greindur hjá þeim. Reykingar eru meginorsök sjúkdómsins. Sjúkrahúskostnaður vegna langvinnrar lungnateppu er stærsti einstaki útgjaldaliður heilbrigðisþjónustu vestrænna þjóða. Dánartíðni kvenna með langvinna lungnateppu á Íslandi fór fram úr dánartíðni karla á árinu 2004.


Heimild: Heilsufar kvenna, Hagstofa Íslands.

ÓRÁÐGERÐ PUNGUN*



■ Ástæður óráðgerðar þungunar meðal kvenna sem fóru í fóstureyðingu hér á landi voru rannsakaðar á árunum 1999 til 2000. Meginástæða þess að getnaðarvarnir voru ekki notaðar var sögð vera kæruleysi. Þetta háa hlutfall kvenna sem ekki notuðu getnaðarvarnir þegar getnaður varð er mun hærra hér en víða annars staðar.

UNGUM MÆÐRUM FÆKKAR



26,6 ár

MEÐALALDUR FRUMBYRJA

■ Með tilkomu getnaðarvarna í kringum 1960, hafa konur í auknum mæli getað stýrt barneignum sínum en það hefur síðan haft áhrif á meðalaldur kvenna þegar þær eignast sitt fyrsta barn. Eins og grafið sýnir hefur frumbyrjum 20 ára og yngri fækkað mjög.

Heilsa kvenna í nýju ljósi

Þekking á heilsufari kvenna var lengi vel af skornari skammti en þekking á heilsufari karla. Ný bók varpar ljósi á ýmsar hliðar er snerta heilbrigðismál kvenna sagði Herdís Sveinsdóttir, annar tveggja ritstjóra bókarinnar, við Sigríði Björgu Tómasdóttur.

Lengi vel var mjög mikill kynjahalli í rannsóknum á heilbrigðismálum. Það voru fáar konur sem störfuðu sem vísindamenn og rannsóknir endurspegluðu það. Sem betur fer hefur orðið mikil breyting á undanföllum árum,“ segir Herdís Sveinsdóttir, prófessor í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og annar tveggja ritstjóra bókarinnar Við góða heilsu? Konur og heilbrigði í nútíma samfélagi. Í bókinni, sem ritstýrt er af Helgu Gottfreðsdóttur, dósent í ljósmóð-



HERDÍS SVEINSDÓTTIR

urfræði, auk Herdísar, er að finna fræðigreinar um fjölmörg málefni sem tengjast heilsufari kvenna. Blæðingar, meðganga, ófrjósemi, tíðahvörf, áföll, þunglyndi og vefjagigt eru meðal umfjöllunarefna bókarinnar.

Herdís segir að þær hafi haft að leiðarljósi að birta fræðigreinar sem varpa

nýju ljósi á heilbrigðismál kvenna. „Rannsóknir hafa leitt í ljós að konur og karlar bregðast til dæmis ekki eins við lyfjum og því þarf að rannsaka sjúkdóma hjá bæði körlum og konum. Undanfarin tuttugu ár hefur, hvað varðar heilsu kvenna, náðst mestur árangur í að lækka dánartíðni af völdum brjóstakrabbameins, hjarta- og æðasjúkdóma og leghálskrabbameins. Hins vegar hefur ekki verið lögð næg áhersla á að rannsaka félagslega, menningarlega og umhverfislega áhrifaþætti heilsu kvenna,“ segir Herdís.

Það er mikilvægt jafnréttismál að þekking á heilsu kvenna sé jafn góð og á heilsu karla að mati ritstjóra til að úrræði og inngríp við hæfi standi til boða eða eins og segir í inn- gangi bókarinnar: „Gagnrýnin umræða um heilsufar kvenna og samspil þess við félagslegt umhverfi hefur [...] náð eyrum margra en til að uppræta megi misrétti þegar kemur að heilsu er mikilvægt að taka á undirrót kynjamismunar innan hvers samfélags. Jafnrétti kynjanna er forsenda þess að hægt sé að takast á við annan ójafnuð í heiminum.“

Stillanleg heilsurúm! Fyrir þínar bestu stundir.

TEMPUR
DÝNUR OG KODDAR

TEMPUR® Original eða Cloud heilsudýna á C&J stillanlegum botnum. 2x80x200 cm.

TILBOÐ Kr. 578.550,-

Verð 749.875,- Þú sparar 171.325,-



Charlotte & Julien
Create your world



Þráðlaus fjarstýring

12 mánaða
vaxtalaus lán
á stillanlegum
rúmunum*

* 3,5% lántökugjald

Betra
BAK

Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is

ENGLAR, BÖRN OG FULLORÐNIR



Photographer Nora Nordøy

STÓRVIÐBURÐUR Í EYMUÐSSON!

Märtha Louise Noregsprinsessa og Elisabeth Nordeng munu hitta gesti og árita bók sína **Leyndarmál Englanna** í Eymundsson Suður-Kringlu í dag kl. 11.00. Verið velkomin!



Tilboð
kr. **2.299,-**
kr. 2.699,-



TILBOÐ kr. **2.299,-**
Verð áður kr. 2.699,-



TILBOÐ kr. **2.299,-**
Verð áður kr. 2.699,-



TILBOÐ kr. **2.799,-**
Verð áður kr. 3.299,-



TILBOÐ kr. **2.299,-**
Verð áður kr. 2.699,-



TILBOÐ kr. **2.999,-**
Verð áður kr. 3.499,-



TILBOÐ kr. **2.399,-**
Verð áður kr. 2.999,-



TILBOÐ kr. **2.299,-**
Verð áður kr. 2.699,-



TILBOÐ kr. **2.299,-**
Verð áður kr. 2.699,-

Tilboð gildir til og með 19.09.12



VILDARKLÚBBUR
EYMUÐSSON



5% aukaafsláttur af tilboðum.
Skráðu þig í næstu heimsókn.

Eymundsson

Bóksali frá 1872

Úr eldhússkonsu í opið rými

Eldhúsið er staður til að næra líkama og sál og jafnvel talið hjarta heimilisins. *Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir* fjallar hér um sögulegar og hugmyndafræðilegar breytingar á eldhúsum 20. aldar og hvernig þær endurspeglar tíðarandann.

Þegar þú ferð í party og skýst inn í eldhús til að næla þér í ískaldan bjór úr ísskápnum verður ekki aftur snúið. Þú dettur inn í samræður, sest upp á borð, nartar í snakk löðrandi í Voga-ídyfu og mestar líkur eru á að þarna munir þú eyða öllu kvöldinu.

Í eldhúsinu er gestum boðið upp á kaffi og spjall og þar myndast oft besta stemningin í gleðskapnum. Sumir hafa jafnvel nefnt eldhúsið sem sinn uppáhaldsskemtistað. Það sem fer fram í eldhúsinu þarf því ekki að vera eins formlegt og í stofunni og ekki eins persónulegt og í svefnherberginu. Þar er slúðrað og meira að segja hægt að laumast til að reykja.

Eldhúsið er notað í ýmsum tilgangi hvern einasta dag. Það gegnir mikilvægu hlutverki sem blasir þó ekki alltaf við meðan beðið er eftir að vatnið sjóði. Hugmyndin um eldhúsið sem hjarta heimilisins hefur þó sjaldan verið mikilvægari en einmitt nú.

Á undanförunum árum hefur matreiðsla, sem eldhúsið myndar umgjörð um, notið síaukinna vinsælda. Vinsældir eldhússins eru í takt við opinberu heimilisins út á við þar sem fasteignavefir eru mörgum dægurvöl auk þess sem hífýla- og hönnunarblogg njóta gífurlegra vinsælda. Það kann að skjóta skökku við að á meðan miklum tíma, púðri og peningum er eytt í að eignast huggulegt heimili er mun minni tíma eytt innan veggja þess. Fólk eyðir lungunum úr deginum annars staðar en heima og fjölskyldumeðlimir borða oft á hverjum stað fyrir sig. Eldhúsið stendur því autt stóran hluta dagsins.

Elda í eldhúsi, pissa á salerni

Hvernig fólk byggir, breytir og skreytir segir margt um feðurarskyn, smekk og félagslegar venjur. Arkitektúr hefur markvisst verið notaður til að stuðla að samfélagsbreytingum og breytt samfélag birtist glögglega í húsunum sem byggð eru og hugmyndin sem uppi er um heimilið á hverjum tíma. Þannig segja hús sögu.

Á fyrri hluta 20. aldar höfðu upp lýstir borgarar áhyggjur af óheilnæmum samsöfnuði fólks í eldhúsum. Gestir stöldruðu við í kaffi, móðirin vann heimilisstörf, börnin léku og faðirinn slakaði á í vinnufótunum. Í sumum tilfellum bjuggu heilu fjölskyldurnar, dag og nótt, í einu eldhúsi. Þetta þótti vitaskuld ótækt og reyndi borgarastéttin hvað hún gat að sporna við þessu og snúa alþýðunni til betri vegar. Því voru eldhús í nýjum húsum á fyrri hluta 20. aldar mjög lítil til að yta fólkinu úr eldhúsinu í önnur rými. Fólk var hvatt til að snúa til „nútfámalegra lifnaðarháttá“ þar sem öllu var skipt haganlega niður milli rýma. Elda átti í eldhúsi, sofa í svefnherbergi, pissa á salerni og slaka á í stofunni.

Arkitektar komust þó fljótt að því að fólkið hélt áfram að safnast saman í eldhúsinu og skildi stofuna eftir auka og frekar til sýnis fyrir fína gesti. Lokaða eldhúsinu var svo til þröngvað upp á alþýðuna til að bæta líf hennar að henni forspurðri.



1. Þröngt eldhús fúnksjónalismans þar sem hrátt notagildið er í fyrirrúmi. Það sparar sporin og rúmar ekki marga. Slík eldhús voru ríkjandi í fjölbýlishúsum langt fram eftir 20. öld.
2. Rúmgott eldhús frá sjötta áratugnum undir amerískum áhrifum sem er lokað en meira í ætt við sveitaeldhúsið þar sem allir geta komið saman og unnið, eldað eða slakað á.
3. Opna eldhúsið þykir styrkja fjölskylduböndin en það endurspeglar líka opinberu heimilisins út á við og nýjar hugmyndir um eldamennsku sem félagslega athöfn en ekki einnar konu vinnu.

Vegna þess að fólkið var oftast ekki haft með í ráðum hentaði eldhúsið ekki endilega hversdagslegu amstri og sama hversu lítið eldhúsið var hélt fólk áfram að safnast þar saman. Þrátt fyrir vankanta sem komu snemma í ljós hélt lokaða eldhúsið vinsældum sínum langt fram eftir öldinni.

fá meira pláss til að athafna sig sem undirstrikar auknar vinsældir matreiðslu og hugmyndir um eldamennsku sem félagslega athöfn en ekki einnar konu vinnu. Það endurspeglar líka ákveðið gegnsæi sem varð lyklatríði, steikin átti ekki að birtast tilbúin á borðstofuborðinu, allir áttu að vita hvernig hún komst þangað.

● ● ● Það er sama hversu mikið eldhúsið breytist, það virðist ávallt vera eitt vinsælasta rými heimilisins.

Inn með nýja, út með gamla

En svo kom að því að lokaða eldhúsið vék fyrir því opna. Á uppbyggingartímanum í upphafi 21. aldarinnar voru ný hús nær undantekningalaust byggð með nýju skipulagi, hið opna eldhús var allsráðandi og svo virtist sem allir hefðu fengið nóg af fjötrum gamla þrönga eldhússins.

Þessar breytingar má skýra með ýmsum hætti. Opna eldhúsið var til að mynda tilraun til að gera heimilið að einni heild á sama tíma og minni tíma var eytt þar. Hugmyndin með opna eldhúsinu var líka að

Blómaskeið eldhússkonsunnar

Hugurinn reikar gjarnan til „gömlu góðu“ daganna þegar eldhús ber á góma en opna eldhúsið þykir ekki eingöngu til marks um nýja tíma heldur minna á gamla sveitaeldhúsið þar sem fólk kom saman og vann, lærði eða eldaði. Þetta „gamla“ eldhús er fjölnota herbergi, opið öllum, ungunum sem öldnum, konum og körlum. Það takmarkar einkalíf en yfir undir samverustundir og fagnar óformlegheitum. Nú til dags er þetta eldhús jafnvel talið styrkja fjölskylduböndin og stuðla að samveru.

Í kjölfar hruns og kreppu með tilheyrandi sparsemi og hagsýni í stað óhófs hefur jafnvel mátt greina mun á hugmyndum fólks um heimilið. Fólk hefur æft orð á því að það kjósi frekar lokað kósi eldhús en hið opna. Á krepputímum fer fortíðarþráin á flug og þráin eftir myndarlegum húsmæðrum sem baka brauð á hverjum degi, taka slátur, búa til konfekt fyrir jólin og taka á móti fjölskyldunni með hlýju faðmlagi við lok dags verður sterkari.

Lokaða eldhúsið varð að einhverju leyti tákn fyrir blómaskeið húsmæðra og það vekur upp hugmyndir um nánd þegar allir hrúguðust inn í eldhús sama hversu lítið það var. Og allir hafa gleymt striti og svita

örmagna húsmóður í agnarlítilli eldhússkonsu.

Veggirnir tala

Eldhúsið og hugmyndir okkar um það hafa breyst töluvert. Nýjar áherslur birtast í því hvernig veggir rísa og falla. Veggirnir endurspeglar og þeir móta, þeir hlusta og þeir tala, þeir hafa áhrif á þá sem búa innan þeirra en íbúarnir hafa líka áhrif á veggina. Það getur verið ólíkt eftir tímabilum hvernig lítið er á rými heimilisins. Eina stundina er lítið á gamla þrönga eldhúsið sem tíma-sparandi og hagkvæmt, aðra einangrandi og vérlænt og að lokum huggulegt og náid.

Það er sama hversu mikið eldhúsið breytist, það virðist ávallt vera eitt vinsælasta rými heimilisins, að minnsta kosti í hugum fólks. Eldhús dagsins í dag er, þegar öllu er á botninn hvolft, ekki svo ýkja frábrugðið eldhúsum fyrri tíma. Sama hvernig skipulagi þess er hattað er eldhúsið talið búa yfir eiginleikum sem önnur rými hafa ekki. Þar eru allir velkomnir, háir og lágir, þar slær hjartað taktföstum slögum sem tæla okkur til sín.

HÖFUNDUR: *Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir* er MA-nemi í þjóðfræði.

FÚNKSJÓNALISMINN OG FRANKFURTARELDHÚSIÐ

Vinsældir þrönga eldhússins meðal umbótarsinnaðra arkitekta voru margþættar. Við upphaf tuttugustu aldar var húsnæði af skornum skammti og þurfti bæði að byggja ódyrt, hratt og fyrir marga.

Einn þessara arkitekta var Grete Schutte-Lihotsky. Hún var fædd í Víðarborg í lok 19. aldar þegar fátækt var mikil í borginni og sósíalíshreyfingin í blóma. Hún flutti síðar til Frankfurt og hannaði eldhús sem naut gífurlegra vinsælda, „Frankfurtar-eldhúsið“. Þrátt fyrir að vera heilluð af gamla eldhúsinu sem hvatti til samveru beygði hún sig undir kenningar fúnksjónalismans og hannaði praktísk eldhús til þess að elda í. Þegar Schutte-Lihotsky var komin á tíraaldur sagði hún frá því að eldhúsið hefði ekki verið hannað með heimavinandi húsmæðrum í huga heldur var þetta eldhús fyrir útivistandi konur svo þær þyrftu ekki að eyða dýrmætum tíma í eldhúsinu.

Eldhúsið átti að spara tíma og auka afköst og það varð í kjölfarið eins og tilraunastofa. Slík eldhús spurðu notendum sporin en mörgum fannst þau einkennast af auðn og eynd hins vérlæna þar sem ekki rúmuðust tilfinningar, sköpun og líf.



SVIÐSETNING HEIMILISINS

Á síðastliðnum árum hafa margir spyrt fótum við of stíliseruðum og hreinum heimilum á síðum tímarita, sagt að þau séu liflaus og að þar sé ekki búandi. Margir hafa fengið sig fullsadda af glansi; af glansandi heimilum glansandi fólks á glansandi pappír sem eiga sér enga stoð í möttum raunveruleikanum.

Nýtt „trend“ skipulagðrar óreiðu virðist vera að ryðja sér til rúms. Mörg tímarit leggja nú áherslu á að sýna eðlilegt heimilislíf fólks og birta myndir sem eru uppfullar af dotti og drasli sem við erum ekki vön að sjá – venjulega er búið að taka til, stílisera og gera fínt fyrir gests augað áður en myndavélin er dregin úr slóðinu. Þessi gjörningur endurspeglar hugmyndir um að heimili eigi ekki að vera sviðsett á síðum tímarita, þar sé lífað og lífið er fullt af óreiðu. Óstíliserað heimili birtast víðar, til að mynda í auglýsingum húsbúnaðarverslana. IKEA sýnir okkur óumbúin rúm og mat sem snarkar á pönnum, barnadót undir sófum og fleira í þeim dúr og þeir segja okkur meira að segja líka að lífið snúist um meira en húsöggn.

FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA

LAUGARDAGUR 15. SEPTEMBER 2012

Kynningarblað Rekstrarvörur, hágæðalausnir, matvæli og persónuleg þjónusta



Með þér í vinnunni

„Við leggjum upp úr því að viðskiptavinir geti nálgast okkur á þann hátt sem hentar þeim best, hvort sem er í gegnum sölumenn, verslun, síma eða vef, og viljum að það sé þægilegt og gaman að eiga við okkur viðskipti,“ segir viðskiptastjórinn Bylgja Bára Björnsdóttir.

MYNDIÓLAFUR ÞÓRISON

Fyrirtækjafjónusta fyrir alla

Í Pennanum má finna úrval ritfanga, rekstrarvara, húsgagna og kaffilausna sem henta fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum. Starfsfólk Fyrirtækjafjónustu Pennans kappkostar að veita faglega og persónulega þjónustu um land allt.

Okkar styrkleiki felst í góðu vöruúrvali á breiðu verðbili. Við hlustum á viðskiptavininn, greinum þarfir hans og finnum þær lausnir sem henta best,“ segir viðskiptastjórinn Bylgja Bára Bragadóttir en fyrirtækjafjónusta Pennans hefur verið starfrækt frá árinu 1997. „Við leggjum upp úr því að viðskiptavinir geti nálgast okkur á þann hátt sem hentar þeim best; hvort sem er í gegnum sölumenn, verslun, síma eða vef og viljum að það sé þægilegt og gaman að eiga við okkur viðskipti.“ Fyrirtæki geta óskað eftir reglulegum heimsóknnum frá söluráðgjafa Pennans „Í upphafi gerir söluráðgjafi þarfagrein-

ingu með fulltrúa viðkomandi viðskiptavinar og veitir ráðgjöf við vöruval þar sem hagkvæmnissjónarmiða er gætt. Ef viðskiptavinur óskar eftir því getur söluráðgjafi séð um að viðhalda ákveðnum lágmarkslager auk þess sem hann tekur niður sérpantanir ef við á.

„Þetta er þjónusta sem við höfum boðið upp á fyrir bæði smærri og stærri fyrirtæki og hefur gefist afar vel enda getur verið tímafrekt að halda utan um lager og sjá til þess að ekkert vanti,“ segir Bylgja. Söluráðgjafar benda á nýjungar og góð tilboð og í sumum tilfellum fá viðskiptavinir að prófa nýjungar. Þjónustan er fyrirtækj-

um að kostnaðarlausu og með henni er hægt að spara bæði tíma og peninga.“

Bylgja segir marga kjósa persónuleg samskipti við sölufulltrúa í þjónustuveri Pennans í síma 540-2050. Þar geta viðskiptavinir átt sérstakan tengilið og skapist oft góð tengsl eftir margra ára viðskipti. „Það eru dæmi um að fólk bíði með að panta ef tengiliðurinn er í fríu og er bara gaman að því.“ Bylgja segir einnig hægt að senda fyrirspurnir og panta í gegnum netfangið pontun@penninn.is og eru margir sem nýta sér það. Ný og notendavæn vefverslun Pennans, www.penninn.is, auðveldar viðskiptavinum enn

frekar að nálgast upplýsingar um vörur og þjónustu. Viðskiptavinir geta sótt um þjónustuaðgang á vefnum og meðal annars fengið upplýsingar um fyrri pantanir og reikninga. „Þá bjóðum við upp á að vera með fyrirtæki í hýsingu sem virkar þannig að þau geta hýst hjá okkur markaðsvöruna sína eins og umslög, bréfsfni og fleira sem svo er hægt að nálgast í gegnum vefverslunina. Vörurnar koma beint inn á lager til okkar og eru hýstar eins og önnur vara en eingöngu viðkomandi fyrirtæki hefur aðgang að henni,“ útskýrir Bylgja.

Að endingu er alltaf gaman að líta við í verslunum Pennans sem

eru um land allt. Í húsgagnadeildinni að Grensásvegi 11 (Skeifunni) er að finna mikið úrval skrifstofuhúsgagna. Penninn hefur í fjölda mörg ár aðstoðað viðskiptavini við val á innréttingum og húsgögnum fyrir skrifstofuna. Það sem færri vita er að í húsgagnaverslun Pennans er gott úrval af heimilislvörum frá fremstu hönnuðum heims.

„Við leggjum ríka áherslu á að Fyrirtækjafjónusta Pennans sé fyrir alla og ekkert fyrirtæki er of lítið eða of stórt til að vera í viðskiptum við okkur.“

Starfsfólk Fyrirtækjafjónustu Pennans kappkostar að veita faglega og persónulega þjónustu um land allt.

Hagstæðara fyrir fyrirtækin að leigja bílana en að eiga.

Gott úrval nýrra bíla og sveigjanleg og persónuleg þjónusta einkenna fyrirtækjapjónustu Avis bílaleigu.

Avis bílaleiga hefur um margra ára skeið rekið öfluga fyrirtækjapjónustu. Viðskiptavinir bílaleigunnar geta treyst því að Avis er ávallt með gott úrval af nýjum bílum og vinnur stöðugt að því að gera bókun á bílaleigubílum eins aðgengilega og einfalda og kostur er. Um leið og fyrirtæki hefur gert samning við Avis fær það sérstakan viðskiptastjóra sem sér um að öll bílamál hjá viðkomandi fyrirtæki séu í lagi. Þessi þjónusta er sveigjanleg og áreiðanleg lausn sem leysir þarfir viðkomandi fyrirtækis. Þannig finnum við alltaf bestu lausnina fyrir fyrirtækið hverju sinni.

Það eru margir ótvíræðir kostir við að leigja bíla frekar en að eiga þá. Það fylgir enginn viðhaldskostnaður leigðum bílum né bifreiðagjöld. Ekki þarf að hafa áhyggjur af dekkjaskiptum, tryggingum eða endursöluháttu bílsins.

Ófeigur Friðriksson og Ólöf Sif Þráinsdóttir eru viðskiptastjórar hjá Avis og er fyrirtækjapjónusta sérgrein þeirra. Þau segja þarfir fyrirtækja vera eins misjafnar og þau eru mörg. „Hingað koma stór og smá fyrirtæki með ólíkar þarfir þegar kemur að stærðum og gerðum bíla og eins að lengd leigutímans svo eitthvað sé nefnt. Við kappkostum að finna bestu lausnina



fyrir hvert og eitt fyrirtæki bæði hratt og vel.“

Viðskiptastjórar Avis hafa mikla reynslu og auðvelda fyrirtækjum að sjá bestu kostina. „Það er misjafnt hvort um er að ræða tímabundið söluátak, árstíðabundin störf eða stöðuga keyrslu svo eitthvað sé nefnt. Vetrarleigan eða skólabilarnir þar sem þú leigir bílinn bara yfir vetrarmánuðina hefur einnig verið sérstaklega vinsæl hjá fyrirtækjunum fyrir komandi vetur.“

Forgangspjónusta Avis er þægilegur kostur fyrir þá sem ferðast mikið. Sem meðlimur forgangspjónustu Avis þarftu einungis að framvísa ökuskírteininu þínu, sækja bílyklana og aka af stað. Viðskiptavinurinn sleppur því við allar skráningar og biðraðir.

Avis býður upp á leigustöðvar á öllum helstu þéttbýliskjörnum á Íslandi. Það er alltaf verið að skoða möguleikana á því að



Ófeigur Friðriksson og Ólöf Sif Þráinsdóttir eru viðskiptastjórar hjá Avis og er fyrirtækjapjónusta sérgrein þeirra.

MYND/STEFÁN

fjölga leigustöðvunum um landið enn frekar. Viðskiptavinir Avis geta því auðveldlega fengið bíl á einum stað og skilað honum á öðrum.

Bílafloti Avis er stór og nær yfir allan skalann, allt frá litlum umhverfisvænum smábílum upp í stóra jeppa, smárútur og sendiferðabíla. Til eru fjórar stærðir af sendiferðabílum sem henta fyrirtækjum jafnt sem einstaklingum að leigja. Leigu-

tíminn er mjög sveigjanlegur en það er hægt að leigja þessa bíla frá fjórum klukkustundum allt upp í 36 mánuði.

Í þjónustuveri okkar starfar frábært og reynslumikið fólk sem sér um að bóka bílinn hvort sem fólk vantar bíl innanlands eða erlendis.

Nánari upplýsingar má finna á vef Avis, www.avis.is og í þjónustuveri Avis í síma 591 4000.

Dreifing til áttatíu þúsund heimila

Dreifikerfi Póstdreifingar nær inn á 80.000 heimili sex daga vikunnar á stórhöfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Jafnframt sinnir fyrirtækið dreifingu á önnur svæði víðs vegar um landið. Dreifikerfi Póstdreifingar eru gæðavottuð.

Hjá Póstdreifingu starfa um 500 manns og er stærstur hluti þeirra póst- og blaðberar sem starfa við dreifingu á blöðum, markpósti, tímaritum og fjölpósti.

Sérhæfðar lausnir

Anna Bára Teitsdóttir, deildarstjóri sölu- og markaðsdeildar, segir þjónustu Póstdreifingar hafa verið fagnað af fjölmörgum útgefendum blaða og fjölpósts þar sem fyrirtækið hefur einsett sér að vera leiðandi í verði á markaði.

Enn fremur segir Anna Bára að fyrirtækið leggi mikla áherslu á að bjóða viðskiptavinum sínum upp á sérhæfðar lausnir. „Við eigum í góðu samstarfi við margar prentsmiðjur og auglýsingastofur sem þurfa á sérhæfðri þjónustu að halda á sviði dreifingar.“ Þá nefnir Anna Bára einnig í því sambandi markhópatengda dreifingu á fjölpósti þar sem hefðbundið dreifingarmynstur er brotið upp. „Þannig getur til dæmis lítið fyrirtæki eða einyrki sent út fjölpóst á ákveðið svæði innan póstnúmera, til sérþýla eða fjölþýlishúsa allt eftir því hvað hentar markhópnum hverju sinni.

Nú fer að ganga í hönd annasamasti tími ársins og eru fyrirtæki þegar farin að tryggja sér dreifingardag á kynningarefni og



Anna Bára Teitsdóttir segir að þjónustu Póstdreifingar hafi verið fagnað af útgefendum blaða og fjölpósts þar sem fyrirtækið einsetti sér að vera leiðandi í verði á markaði.

MYND/STEFÁN

gera ráðstafanir varðandi heimsendinguá vörum sínum.“

Vöruhýsing í nýju húsnæði

Samhliða blaðadreifingu sér Póstdreifing um að dreifa vörum og sendingum fyrir fyrirtæki á stórhöfuðborgarsvæðinu. „Samstarf og sveigjanleiki eru þar lykilhugtök og einbeitem við okkur að því að veita klæðskerasniðna þjónustu sem passar vel að þörfum ólíkra viðskiptavina. Þannig eru netverslanir farnar að nýta sér þjónustu okkar í auknum mæli og til að mæta betur þörfum þeirra

varðandi dreifingu og vöruhýsingu hefur verið ákveðið að flytja í hentugra húsnæði um áramótin.“

Gæðavottað dreifikerfi

Í stóru fyrirtæki eins og Póstdreifing er nauðsynlegt að vera með gott gæðastjórnunarkerfi og hafa því öll dreifingarkerfi Póstdreifingar verið vottuð samkvæmt ISO 9001:2008-staðlinum. „Vottunin staðfestir að gæðakerfi fyrirtækisins uppfyllir kröfur staðalsins og að allir starfsferlar og verklagsreglur eru skýrar og í samræmi við viðskiptaskilmála.“

HRESSING Í VINNUNNI

Vinna getur verið góð skemmtun. Að vinna vinnuna sína með góðum og hollum veitingum er hins vegar enn betri skemmtun. Það þarf ekki mikla fyrirhöfn til að fríska upp á vinnuandann með góðum bita eða ljúffengum drykk. Hægt er að koma vinnufélögum á óvart með því að mæta óvænt með léttan mat í vinnuna. Það er tilvalið að baka kræsingar heima, til dæmis kóku eða pönnukökur. Einnig er sniðugt að mæta með kex, osta, sultu og salat. Hollir og ferskir ávextir eru himnasending þegar vinnudagurinn hefur verið erfiður. Svo má auðvitað bara koma við í næsta bakaríi og kaupa rúnstykki og vínarbrauð. Örlítið metnaðarfullri starfsmenn koma vinnufélögum á óvart með

gómsætum pitsum og ilmandi hvítlauksolíu. Ef maður vill slá alveg í gegn þá er kveikt í grillinu og ljúffengir hamborgarar grillaðir. Þá er um að gera að láta hugmyndaflugið njóta sín og splæsa í beikon, góða osta og spennandi sósur.



Við berum út sögur af frægu fólki

Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Séð og heyrð

Póst-dreifing

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



HJÓLAÆVINTÝRI FYRIR ALLA
Hjólaævintýri fjölskyldunnar verður á höfuðborgarsvæðinu á Degi íslenskrar náttúru á morgun. Hjólað verður frá þremur upphafsstöðum klukkan 10.30, Bakkaflöt, Álafoskvos og Ástjörn, og endað í Árbæjarsafni. Nánari upplýsingar í síma 863-1177 og 864-2776.

SKATTFRAMTALSGERÐ & ÁRSREIKNINGAR

Lokafrestur til að skila skattframtali lögaðila er 20. september

APOLLON
BÓKHALDS & REKSTRARÞJÓNUSTA

Sími 571 9555
www.apl.is

Borgartúni 28
105 Reykjavík

Upprifjun fyrir SAMRÆMDU PRÓFIN í september í 4., 7. og 10. bekk

NÁMSAÐSTOÐ

Öll skólastig - Réttindakennarar

Nemendabjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233



Bikini Tankini Sundbolir

Selena

Suðurlandsbraut 50 • Bláu húsin v/Faxafen

Sími 553 7355 • www.selena.is



Air Crash Investigation
Flugslys krufin til mergjar og orsökinn fundin

NATIONAL GEOGRAPHIC CHANNEL

NATIONAL GEOGRAPHIC CHANNEL ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS



SKRÍTNIR DRAUMAR

LES VEÐURSPÁ Í FYRRAMÁLIÐ Dagur íslenskrar náttúru er á morgun. Þá lætur Svandís Svavarsdóttir ráðherra gamlan draum rætast á gömlu Gufunni.

Mér finnst svo flott að segja: „Það vantar bíl í Vesturbæ“ eða „Kjartan er beðinn um að koma fram að upplýsingum í síma“ eins og kallað var í hátalarakerfinu í Hagkaup á árum áður. Ég er nefnilega veik fyrir röddum sem fara með mikilvæg skilaboð,“ segir Svandís og kímir.

Draumar hennar á unglingsárum voru að lesa veðurfréttir í útvarpi, vinna á skiptiborðinu hjá Hreyfli eða á upplýsingaborðinu í Hagkaup.

Í fyrramálið rætist einn drauma Svandísar þegar hún les veðurfréttir frá Veðurstofu Íslands klukkan 10.03 á Rás 1.

„Þegar ég tók við ráðuneytinu kom ég við á Veðurstofunni og sá litla herbergið þar sem veðurfréttir eru lesnar. Ég spurði veðurstofustjóra í bríaríi hvort ég fengi ekki að lesa veðurspána einn daginn og þá var mikið hlegið að því,“ rifjar Svandís upp.

Í tilefni Dags íslenskrar tungu á morgun fannst henni við hæfi að athuga hvort ráðherra yrði nú hleypt inn í veðurfréttaklefan.

„Ég hlakka mikið til að setjast í þetta veigamikla sæti enda stórkostlega mikilvægt verkefni að koma veðurfréttum áleiðis til þjóðarinnar. Það er líka ágætis áminning um að veðurfréttir eru

eitt af því sem tvinnar saman öryggis- hlutverk Ríkisútvarpsins og Veðurstofu Íslands,“ útskýrir Svandís.

Hlustendur eiga vafalaust eftir að greina hátíðlegan spenning í röddu ráðherra þegar stóra stundin rennur upp en Svandís segist vona að sér verði ekki fótaskortur á tungunni.

„Ég ætla að vanda mig, gera eins vel og ég get og gegna starfinu af mikilli trúmennsku,“ segir Svandís og gengst ekki við að hún muni fara með gamanmál eins og Karl Bretaprins gerði í maí síðastliðnum þegar hann spaugaði með sífellda rigningu í Skotlandi í veðurfréttatíma breska ríkissjónvarpsins.

„Það er svo sem aldrei að vita hvað manni dettur í hug á síðustu stundu og óneitanlega gaman fyrir hlustendur að setja eilítið persónulegan blæ á veðurfréttalesturinn. Mér finnst mér bara trúað fyrir svo miklu og geri þetta því sennilega eins og ég væri í vinnu sem veðurfræðingur á Veðurstofunni. Það er líka ágætt að eiga plan B ef ég hætti í stjórnmálum,“ segir Svandís og skellir upp úr.

Úr veðurfréttum æskunnar er veðurspá fyrir miðin og veðurskipin Lína og Metró í mestu dálæti hjá Svandísi.

„Líka öll örnefni á veðurstöðvum sem maður vissi ekki hvar voru en

■ FRAMHALD Á SÍÐU 2

DRAUMADÍS

Svandís Svavarsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra er þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að láta drauma sína rætast. „Stundum þarf ekki mikið til eins og dæmin sanna nú. Ég gæti því allt eins verið kölluð á kvöldvakt hjá Hreyfli og hefði bara gaman af.“

MYND/VALLI

HRESS Á HÆLUM

Pokkafull sveiflan í bendingum um öryggisljós í gólfi flugvéla finnst mér ansi flott og líka að bjóða farþegum: „Coffee? Tea? Coffee? Tea?“

VIETNAM MARKET
ALLT FYRIR
AUSTURLENSKA MATARGERÐ

699 kr. 550 kr. 320 kr. 387 kr.

Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík Sími: 534 7268

PHO VIETNAMESE

HOLLT OG GOTT

1.250 kr. 1.350 kr. 1.250 kr.

BJÓÐUM UPP Á HEIMSENDINGU

PHO víetnamskur veitingastaður // Ármúla 21 - 108 Reykjavík - Sími: 588 6868 - www.pho.is

Opið: mán - föst Kl. 11 - 21 lau - sun Kl. 12 - 21

ÚRVAL AF FALLEGUM YFIRHÖFNUM!
Opið laugardaga 11:00-15:00

B/A/S/L/E/R Parísar
TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



Allsnægtir fyrir alla

Viltu auka lífsgæði þín?

Setur þú þér markmið eða áttu í erfiðleikum með að ná þeim? Hér er góð leið til árangurs.

Tveggja tíma grunnnámskeið þar sem farið verður í eftirfarandi atriði:

- Á hvaða forsendum á líf þitt að vera
- Veistu hvað þú vilt fyrir þig?
- Er virkilega hægt að skapa það líf sem þú vilt
- Viltu læra hvernig?

Hvenær:
hópur 1: þriðjudaginn 18. sept. kl. 20–22
hópur 2: laugardaginn 29. sept. kl. 11–13

Verð: kr. 8.500

Fyrirlesarar eru Guðrún Óladóttir ráðgjafi og hómópati og Vildis Guðmundsdóttir markþjálfari í life- & businesscoaching www.coaching.is

Framhaldsnámskeið í boði.

Upplýsingar:
Vildis í síma 899 3954 eða vildis@internet.is
Guðrún í síma 897 7747 eða gudrunola@islandia.is




heyrði fyrst af í veðurspánni. Ég hlakka til að fara með hugtökin gráð og ládaútt og tala um úrkomu í grennd og með köflum," segir Svandís og brosir.

Umhverfis- og auðlindaráðherra á sér á fleiri framandi drauma eins og að leiðbeina flugfarþegum um notkun öryggis-tækja í flugvélum.

„Þokkafull sveiflan í bendingum um öryggisljós í gólfi flugvéla finnst mér ansi flott og líka að bjóða farþegum: „Coffee? Tea? Coffee? Tea?“ Þessi stöku atriði heilla mig meira en að vera flugfreyja í fullu starfi því ég held að það sé krefjandi starf að þurfa að vera alltaf hress á hælum í þrengslum.“

Svandís er fjögurra barna móðir og þreföld amma. Hún segist iðulega eiga góð helgarfrí þótt annríki ráðherra sé

mikið og þá vera eins mikið með fjölskyldunni og hún getur.

„Maður sækir orku og næringu í samskipti við sína nánustu. Þar er rafmagníð í orkubúskap mannsins. Ég er óskaplega rík af fólkinu mínu sem allt er ferlega skemmtilegt og sniðugt.“

Þegar færi gefst fer Svandís í göngutúra meðfram sjávarsíðunni og helst þegar hvasst er og rignir.

„Mér finnst ofsalega hressandi að vera úti við í vondu veðri og líður sérstaklega vel nálægt sjó. Í hafinu er svo mikill kraftur og einhver eilífð sem gefur heimspeki-lega ró eftir daglegt þvægling. Þá er gott að verða þess áskynja að ein lítill og stressuð kerling uppi á Íslandi er ekki það sem öllu máli skiptir heldur stóra samhengið í öllu sem er.“ ■ thordis@365.is

■ FRAMHALD AF FORSÍÐU

ÞREFÖLD AMMA

Svandís á þrjú barnabörn á aldrinum fjögurra mánaða til þriggja ára. Hún segir þau stundum koma í gistingu til ömmu en þó ekki nógu oft og að það megi ekki líða langur tími á milli samfunda við þau.

MYND/GVA

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

vísir
FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!



Vísir þú að...
Foreldrum og yfirvöldum
þér að tryggja öryggi barna

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

FALIÐ MEIN

Aukin vitund Ráðstefna um endómetríósu eða legslímuflakk er haldin í Hörpu í dag. Sjúkdómurinn hrjáir um tíu prósent allra kvenna.

Ráðstefnan er alþjóðleg og sú stærsta sem haldin hefur verið hérlendis. Hún er hluti af baráttu kvenna fyrir aukinni vitund og viðurkenningu á sjúkdómnum í samfélaginu.

Orsök endómetríósu er að finna í því að frumur úr innra lagi legsins, sem venjulega ættu að fara út úr líkamanum við blæðingar, finnast á öðrum stöðum í kviðarholinu. Frumurnar setjast undir yfirborðsþekju líffæra og valda bólgum og blöðrumyndun. Þar bregðast þær við mánaðarlegum hormónabreytingum líkt og þær væru í innra lagi legsins. En þar sem þær fara ekki út úr líkamanum, kemst blóðið ekki í burtu og blöðblöðrur eða samgróningar myndast í kviðarholinu. Þetta á sér reglulega stað í tíðahringnum og getur orsakað gríðarlegan sársauka.

Engin varanleg lækning er til en hægt er að fjarlægja samgróninga og blöðrur með skurðaðgerðum sem leysir vandann oft tímabundið. Einnig er hægt að stjórna blæðingum með hormónagjöf.

Áður fyrr tók greining á sjúkdómnum allt að að tuttugu ár. Að baki lágu oft margar heimsóknir til lækna. Jafnvel voru þær sakaðar um móðursýki

eða sagt að þetta væri eðlilegur hluti af tíðahring kvenna. Í dag greinast konur fyrr, þökk sé aukinni meðvitund og rannsóknum á sjúkdómnum.

Ítarlegar upplýsingar um sjúkdómnum er að finna á heimasíðu Samtaka um endómetríósu: www.endo.is

■ vidir@365.is

RÁÐSTEFNAN ER ÖLLUM OPIN
Ráðstefnan fer fram í Kaldalóni í Hörpu. Hún hefst klukkan níu og lýkur klukkan fimm.

eða sagt að þetta væri eðlilegur hluti af tíðahring kvenna. Í dag greinast konur fyrr, þökk sé aukinni meðvitund og rannsóknum á sjúkdómnum.

Ítarlegar upplýsingar um sjúkdómnum er að finna á heimasíðu Samtaka um endómetríósu: www.endo.is

■ vidir@365.is

NÝ ÍSLENSK VERK
Gaflaraleikhúsið í Hafnarfirði býður upp á áhugaverðar og skemmtilegar leiksýningar á þessu leikári.

■ **GAMAN** Leikárið í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði hefst í kvöld með Trúðleik í leikstjórn Halldórs Gylfasonar. Trúðleikur er gestasýning frá Frystiklefanum á Rífi sem var sýnd í sumar við miklar vinsældir.

Verkefni Gaflaraleikhússins á leikárinu falla vel að hugmyndafræði þess, en hún er sú að skapa kraftmiklar, myndar, harmrænar, lifandi og sjónrænar leiksýningar úr efniviði sem gefur leikhúslíftöfki mikið listrænt svigrúm. Um næstkomandi mánaðamót frumsýnir Leikfélag Hafnarfjarðar í Gaflaraleikhúsinu verk í þessum dúr en það er eitt vinsælasta verk Eugene Ionesco, Sköllotta söngkonan. Hver gamansýningin rekur svo aðra en í október mun leikhúsið halda áfram sýningum á Ævintýrum Múnhásens og frumsýna nýtt íslenskt gamanleikverk, Blakkát. Í byrjun nóvember mun svo leikhópurinn Skýjasmiðjan frumsýna gamanleikritið Hjartaspaðarnir. Leikhúsið mun auk leiksýninga bjóða fólki upp á uppistandskvöld.

Í GAFLARALEIKHÚSINU Sýningin Ævintýri Múnhásens heldur áfram frá fyrra sýningarári.




FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Ótrúlegt septembertilboð á húsbílum!



Pú kaupir draumahúsbílinn á frábæru verði og við geymum hann í vetur, þér að kostnaðarlausu.


Sjón er sögu ríkari!



LMC Breezer MK V654G árg. 2009.
Lápekja.
Septembertilboð: 7.490.000.-
Verðlækkun: 2.000.000.-
Ásett verð: 9.490.000.-
Frí vetrargeymsla fylgir!




LMC Breezer MK A694G árg. 2009.
Hápekja.
Septembertilboð 5.990.000.-
Verðlækkun: 2.200.000.-
Ásett verð: 7.990.000.-
Frí vetrargeymsla fylgir!



LMC Breezer MK A664G, , árg. 2009.
Hápekja.
Septembertilboð: 5.790.000.-.
Verðlækkun: 2.100.000,-
Ásett verð 7.890.000.-
Frí vetrargeymsla fylgir!



Carado A361 árg. 2010.
Hápekja.
Septembertilboð: 6.490.000.-
Verðlækkun: 2.000.000.-
Ásett verð: 8.490.000.-
Frí vetrargeymsla fylgir!



Hymer Camp Classic G524. Árg. 2006.
Hápekja.
Septembertilboð: 4.990.000.-
Verðlækkun: 2.000.000.-
Ásett verð: 6.990.000.-
Frí vetrargeymsla fylgir!

Ekki missa af þessu tækifæri!

Fimm stjörnu ferðafrelsi!



Opnunartími

Virka daga: 10:00 til 18:00

Laugardag: 12:00 til 16:00

Sunnudag: 12:00 til 16:00



P. KARLSSON EHF.

Ögurhvarf 2, Kópavogi

Nánari upplýsingar

í síma: 517 5200 og á

www.pkarlsson.is



Lykilsérfræðingar

Vegna aukinna verkefna óskar LS Retail að ráða framúrskarandi sérfræðinga

Mannauðsstjóri

Starfið felst í umsjón með mannaúsmálum, framkvæmd og eftirfylgni starfsmannastefnu. Hjá fyrirtækinu starfa í dag 90 starfsmenn, þar af 15 erlendis í 10 löndum. Um nýtt starf er að ræða og er næsti yfirmaður forstjóri.

Starfssviðið

- Þróun og eftirfylgni starfsmannastefnu
- Utanumhald og skipulagning starfsmannasamtala
- Ráðningar, þjálfun og fræðslumál
- Ráðningasamningar og starfslýsingar
- Upplýsingamiðlun til starfsmanna, utanumhald fréttabréfs o.fl.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af samningagerð
- Reynsla af sambærilegu starfi er nauðsynleg
- Góð ensku og íslenskukunnátta
- Frumkvæði, sjálfstæði og öguð vinnubrögð

Microsoft Program Manager Sérfræðingur í Microsoft leyfismálum

Starfið felst í umsjón með samskiptum við Microsoft og endursöluaðila LS Retail. Næsti yfirmaður er forstjóri.

Starfssviðið:

- Utanumhald allra samninga við Microsoft
- Utanumhald og lykilþekking á leyfismálum Microsoft
- Miðlun upplýsinga er varða leyfismál til endursölu- og samstarfsaðila LS Retail um allan heim

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun er nauðsynleg
- Reynsla af sambærilegu starfi t.d. af leyfismálum í SAP, Oracle, IBM eða Microsoft er nauðsynleg
- Reynsla af samningagerð
- Ritfærni og mjög góð enskukunnátta

Hugbúnaðarþróun Microsoft Dynamics NAV

Starfið felst í hönnun og forritun alþjóðlegra viðskiptalausna fyrir Microsoft Dynamics NAV.

Menntunar- og hæfniskröfur:

Við leitum að einstaklingi með reynslu af hugbúnaðarþróun í Microsoft Dynamics NAV. Viðkomandi þarf að geta hannað og forritað hugbúnaðarlausnir fyrir alþjóðlegan markað í fjölbreyttu starfsumhverfi þar sem Agile aðferðafræði er beitt. Háskólamenntun í tölvunarfræði, kerfisfræði, verkfræði eða sambærilegu námi er æskileg. Reynsla af hugbúnaðarþróun í Microsoft Dynamics NAV er skilyrði, ásamt góðri enskukunnáttu.

Hugbúnaðarþróun .NET

Starfið felst í hönnun og forritun alþjóðlegra viðskiptalausna í Microsoft .NET umhverfi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

Við leitum að einstaklingi með reynslu af hugbúnaðarþróun í Microsoft .NET. Viðkomandi þarf að geta hannað og forritað hugbúnaðarlausnir fyrir alþjóðlegan markað í fjölbreyttu starfsumhverfi þar sem Agile aðferðafræði er beitt. Háskólamenntun í tölvunarfræði, kerfisfræði, verkfræði eða sambærilegu námi er æskileg. Haldgóð reynsla af hugbúnaðarþróun í Microsoft .NET og C# er skilyrði, ásamt góðri enskukunnáttu.

Við leggjum okkur fram, stöndum saman og vitum hvað þarf til að skara framúr. Frumkvæði og nýsköpun eru mikilsverðir eiginleikar sem hafa skipað LS Retail í fremstu röð í þróun hugbúnaðar á alþjóðavísu.

Við þróum hugbúnað fyrir fyrirtæki í verslunarrekstri og seljum vörur okkar í gegnum net 120 endursöluaðila í 60 löndum. Við leitum að öflugum og metnaðarfullum einstaklingum sem eru reiðubúnir að takast á við fjölbreytt og vaxandi verkefni. Góð enskukunnátta er mikilvægur þáttur til að ná árangri í okkar starfsumhverfi.

Nú er lag á að sækja um og koma til liðs við samheldinn hóp sem metur góðan starfsanda mikils.

Hugbúnaðarprófanir

Starfið felst í hugbúnaðarprófunum, gerð prófanatílvika, skipulagningar sjálfvirkra prófana ásamt tengdum verkefnum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

Leitað er að háskólamenntuðum einstaklingi með reynslu af hugbúnaðargerð eða hugbúnaðarprófunum. Viðkomandi þarf að hafa haldgóða tölvuþekkingu, vera fljótur að tileinka sér nýja færni og þekkingu ásamt því að geta starfað sjálfstætt í fjölbreyttu starfsumhverfi þar sem Agile aðferðafræði er beitt. Góð enskukunnátta er skilyrði.

Þjónustufulltrúi á þróunarsviði

Starfið felst í tæknipjónustu (e. Technical Support) við innlenda og erlenda endursöluaðila ásamt tengdum verkefnum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

Við leitum að einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt við úrvinnslu og staðfestingu á þjónustubeiðnum frá endursöluaðilum LS Retail, bæði innlendum sem erlendum. Háskólamenntun er æskileg en ekki skilyrði. Þekking á verslunarlausnum og/eða Microsoft Dynamics NAV er æskileg en ekki skilyrði. Forritunarkunnátta er kostur en ekki skilyrði. Viðkomandi þarf að hafa mjög góða tölvuþekkingu, vera þjónustulundaður og fljótur að tileinka sér nýja færni og þekkingu. Mjög góð enskukunnátta er skilyrði.

intellecta

Upplýsingar um störfin veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Helga Rún Runólfssdóttir (helga@intellecta.is), ráðgjafar hjá Intellecta í síma 511 1225.

Umsóknarfrestur er til og með 23. september.

Allar umsóknir og fyrirspurnir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Umsóknir óskast fylltar út á www.intellecta.is.

Umsókn um störfin þarf að fylgja starfsferilskrá.

VEISTU HVAÐ ÞÚ VILT?

VIÐSKIPTASTJÓRI Á FYRIRTÆKJASVIÐI

Leitað er eftir öflugum og þjónustulunduðum einstaklingi til að vinna í hópi metnaðarfullra starfsmanna sem sinna sölu og þjónustu við fyrirtæki og stofnanir. Starfið er í senn fjölbreytt og krefjandi.

STARFSSVIÐ

- Almenn þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina félagsins á fyrirtækjasviði
- Tilboðsgerð og sala til nýrra og núverandi viðskiptavina
- Greining og áhættumat

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölu váttrygginga æskileg
- Góð þekking á tölvu- og upplýsingatækni
- Marksækni og reynsla af sölustörfum
- Hæfni til að koma frá sér upplýsingum í ræðu og riti
- Frumkvæði og þjónustulipurð

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 1. OKTÓBER NK.

Nánari upplýsingar gefur Harpa Víðisdóttir mannauðsstjóri:
harpa@vordur.is

LÖGFRÆÐINGUR Á TJÓNASVIÐI - PERSÓNUTJÓN

Vörður leitar að lögfræðingi á tjónasviði til að vinna í hópi metnaðarfullra starfsmanna okkar. Krefjandi og fjölbreytt starf í góðu og líflegu starfsumhverfi.

STARFSSVIÐ

- Tjónauppgjör
- Ákvarðanatataka um bótaskyldu
- Yfirferð gagna sem tengjast tjónum
- Samskipti við tjónpola, lögmenn og úrskurðarnefndir
- Lögfræðileg ráðgjöf

HÆFNISKRÖFUR

- Kandídat- eða meistaraþróf í lögfræði
- Reynsla og þekking á málefnum váttrygginga æskileg
- Þekking á skaðabótarétti og váttryggingarétti
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg

Vinsamlega fyllið út umsóknir á vordur.is eða sendið beint á starfsumsoknir@vordur.is

Vörður tryggingar hf. er alhliða váttryggingafélag í eigu BankNordik. Félagið hefur vaxið hratt á undanförunum árum og í dag starfa um 65 starfsmenn hjá félaginu. Vörður er áhugaverður vinnustaður fyrir fólk sem vill taka þátt í frekari uppbyggingu og vexti félagsins á komandi árum. Allar nánari upplýsingar um félagið má nálgast á vordur.is

VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR.



Okkur vantar grafískan hönnuð

Við leitum að reynslumiklum einstaklingi til að hjálpa okkur við að útbúa kynningarefni fyrir Ísafoldarprentsmiðju og þróa útlit þess, ásamt því að sjá um vefsíðu og vefverslunarkerfi fyrirtækisins. Starfið er í markaðsdeild. Umsækjandi þarf að kunna á öll helstu forrit sem tengjast hönnun, myndvinnslu og umbroti og geta unnið sjálfstætt og verið skapandi. Hann þarf að vera góður í mannlegum samskiptum og hafa frumkvæði.

Í boði er skemmtilegt, fjölbreytt og krefjandi starf með skemmtilegu fólki.


Áhugasamir sendi umsókn og ferilskrá á haraldur@isafold.is fyrir 21. September 2012.



Ísafoldarprentsmiðja er eitt af elstu fyrirtækjum landsins, stofnuð 1877. Hjá fyrirtækinu starfa 60 manns. Ísafoldarprentsmiðja býður heildarlausnir í prentþjónustu, er leiðandi í hagkvæmum lausnum, hefur vaxið og styrkst í kreppunni og stendur sterkari en nokkru sinni fyrr.



Suðurhraun 1
Garðabæ
Sími: 595 0300
www.isafold.is

 www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARDARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRDUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar óskar að ráða sérfræðing í vinnslu og miðlun upplýsinga.

Starfið felur í sér:

- Söfnun og úrvinnslu tölulegra upplýsinga.
- Umsjón með árskýrslu sviðsins, skýrslugjöf til opinberra aðila og aðra skýrslugerð.
- Þróunarverkefni, greiningavinnu og sérstakar athuganir.
- Margháttða framsetningu og miðlun upplýsinga.
- Umsjón með vefmálum fjölskylduviðs.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af tölfraðilegri úrvinnslu.
- Hæfni í framsetningu ritaðs máls og góð tök á íslensku máli.
- Góð tölvukunnátta.
- Nákvæmni og skipulögð vinnubrögð.
- Þekking á málaflokkum sviðsins er kostur.

Fjölskylduþjónustan býður upp á:

- Fjölskylduvænan vinnustað
- Fjölbreytt verkefni á sviði velferðarmála
- Þverfaglega samvinnu með metnaðarfullu starfsfólki
- Góðan starfsanda

Santiago Sierra heitir listamaður. Hann er þekktastur fyrir að borga fátæku fólki fyrir að gera erfða og/eða niðurlægjandi hluti, eins og til dæmis að vera ofan í kassa í fjóra daga eða láta múra sig inn í vegg. Hann vill sýna fram á að fólk sé tilbúið að gera ansi margt sér til viðurværis, meðal annars að láta breyta líkama sínum varanlega, og greiddi til dæmis fjórum vændiskonum peningaupphæð sem samsvaraði einum heróínskammti fyrir að láta húðflúra línu á bak sitt. Sierra vill með list sinni sýna notkun kapitalismans á fólki og líkama þess. Í stuttu máli: hann fer illa með fólk til að sýna hversu illa er hægt að fara með einstakling án þess að samfélagið fordæmi það.



CHRIS BROWN heitir listamaður sem sækir að því er virðist innblástur til Sierra. Hann vill sýna hvað samtíminn er firrtur þegar kemur að ofbeldi gagnvart konum. Hann vill neyða okkur til að horfast í augu við það að einhver sem getur sungið skemmtileg lög, er myndarlegur og fallega klæddur geti jafnframt verið maður sem lemur kærustuna sína þannig að hún þarf að leggjast inn


á spítala. Gjörningurinn, sem hefur staðið yfir í mörg ár, felur í sér að verða poppstjarna sem er elskuð og dád, einkum af unglingsstúlkum, lemja kærustuna sína í klessu, hljóta dóm og Grammy-verðlaun nokkru síðar. Í stuttu máli: hann fer illa með konur til að sýna hversu illa er hægt að fara með þær án þess að samfélagið fordæmi það.

CHRIS BROWN notar líka húðflúr í listsköpun sinni. Þar sem listaverkið sem á að sýna firringu heimsins gagnvart ofbeldi gegn konum er hann sjálfur, líf hans og starf, leggur hann eigin líkama undir og lætur flúra á hálsinn á sér staðfestingu þess að hann hafi framið glæpin sem allir vita að hann framdi. Vel valinn líkamshluti, hann er aldrei með trefil. Betri áminning til heimsins um nákvæmlega hvað hann gerði er vandfundin, og betri yfirlýsing um afstöðu hans til verksins er ekki til.

EN ÞETTA er allt saman listrænn gjörningur. Það hlýtur bara að vera. Einhvern tíma bráðum mun Chris Brown taka niður sólgleraugun, horfa djúpt í augun á okkur og segja: „Hvað eruð þið eiginlega að spá? Hversu langt þarf ég að ganga til að þið sjáið hvað ég er fyrirlitlegur og hættið að mæra verkin mín og gefa dætrum ykkar myndir af mér til að hengja upp á vegg?“

myndasögur

■ Pondus



Eftir Frode Overli

■ Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

■ Handan við hornið



Eftir Tony Lopes

■ Barnalán



Eftir Kirkman/Scott

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**Laugardagur 15. september****→ Sýningar**

10.00 Sýningin Teikning - þvert á tíma og tækni opnar í Bogasal Þjóðminjasafnsins. Á sýningunni eru teikningar skoska vísindamannsins John Baine sem tók þátt í leiðangri Stanleys til Íslands árið 1789 en auk þess teikningar Önnu Guðjónsdóttur, grafíkmyndir Per Kirkeby og teikningar eftir höfund sýningarinnar, Þóru Sigurðardóttur.

14.00 Unnar Örn J. Auðarson opnar myndlistarsýninguna Brotabrot úr afreks sögu óeirðar á Íslandi: Fyrsti hluti í Flóru, Akureyri.

14.00 Myndlistasýningin Ljósdragar opnar í höggmyndagarði Myndhöggvafélagsins í Reykjavík, Nýlendugötu 17A. Heimalöguð gulrótasúpa og léttar veitingar verða í húsnæði Myndhöggvafélagsins í Reykjavík á Nýlendugötu 15.

15.00 Sýning Ásdísar Kalman, Ljós-eindir, opnar í sal Íslenskrar Graffikur í Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17. Samanstandur hún af abstrakt olíumálverkum Ásdísar.

16.00 Sibreytileg sjónhverfing, máttur tímans og pólitísk samtímaádeila eru viðfangsefni þriggja nýrra sýninga sem opna í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhús.

→ Námskeið

10.00 Elisabeth Nordegen og Märtha Louise Noregspriessessa halda námskeið um hvernig hægt sé að ná tengslum við verndarengil sinn í sal Þjóðdansaafélags Íslands, Álfabakka 14. Verð kr. 3.000.

→ Umræður

10.30 Stefán Eiríksson lögreglustjóri og Jón F. Bjartmarz verða gestir á laugardagsspjalli Framsóknar að Hverfisgötu 33. Rætt verður um stöðu löggæslunnar og spurninguna Er öryggi einstaklinga ógnað á Íslandi?

→ Uppákomur

16.00 Tónlistarmyndband við lagið Born to be Free eftir Borko verður frumsýnt í Bíó paradís. Í kjölfar sýningarinnar munu Borko og hljómsveit leika nokkur lög, meðal annars af væntanlegri breiðskífu. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

→ Leikrit

14.00 Atvinnuleikhúsið Frystiklefinn, frá Snæfellsnesi, í samvinnu við Gaflaraleikhúsið í Hafnarfirði sýnir gamanleikinn Trúðleik eftir Hallgrím H. Helgason í Gaflaraleikhúsinu.

→ Tónlist

15.00 ASA Tríoíð leikur á sjöundu tónleikum Jazztónleikaraðar Munnhörpunnar í tónlistarhúsinu Hörpu. Aðgangur er ókeypis.

20.00 Hljómsveitin Furstarnir heldur upp á 17 ára starfsafmæli sitt með spilamennsku á Restaurant Reykjavík.

21.00 Hljómsveitin Valdmar spilar á Bar 11. Spilað verður gamalt og gott efni í bland við lög af væntanlegri plötu hljómsveitarinnar, Um Stund. Aðgangur er ókeypis.

22.00 Helgi og Hljóðfæraleikarnir spila á haustfagnaði á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð í forstölu er kr. 1.500.

22.00 Brother Grass efna til tónleika á Café Rosenberg. Kristjana Arngrímsdóttir verður gestasöngkona og mun flytja nokkur lög. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

23.30 Hljómsveitin Sveittir milli sanda leikur á Ob-La-Di-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**Sunnudagur 16. september****→ Sýningar**

15.00 Sýning á myndum úr þýsku barnabókinni Í skóginum stóð kofi einn (Steht im Wald ein kleines Haus) opnar í aðalsafni Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15. Höfundurinn, Jutta Bauer mun leiða gestu um sýninguna með dansi og söng. Allir eru velkomnir, ekki síst börn og foreldrar. Léttar veitingar verða í boði.

→ Sýningarspjall

14.00 Listfræðingurinn og sýningarstjórinn Aðalsteinn Ingólfsson leiðir sýningarstjóraspjall vegna sýningarinnar Ljóðheimar á Kjarvalsstöðum.

15.00 Elisabet V. Ingvarsdóttir verður með sýningastjóraspjall á sýningunni Nautn og notagildi, myndlist og hönnun á Íslandi, í Listasafni Árnesinga.

→ Uppákomur

13.00 Degi íslenskrar náttúru verður

fagnað í Grasagarðinum með grænum og vænum náttúruvatni og rathlaupi fyrir alla fjölskylduna. Í lok leikja og hlaups verður boðið upp á ylvoga skógarsaft. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

19.00 Bridge verður spilað í Breiðfirðingabúð. Allir velkomnir.

→ Dans

20.00 Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík verður haldinn í félagsheimili þeirra að Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassik leikur léttan danstónlist. Aðgangseyrir er kr. 1.500 fyrir félagi í FEB og 1.800 fyrir aðra.

→ Tónlist

16.00 Haldnir verða söngtónleikar í Salnum, Kópavogi, til heiðurs tónskáldinu Jóni Þórarinssyni sem féll frá fyrr á þessu ári. Auður Gunnarsdóttir sópran,

Bergþór Pálsson barítón og Gunnar Guðbjörnsson tenór koma fram ásamt píanóleikaranum Jónasi Ingimundarsyni.

16.00 Andrea Jónsdóttir leikur lög af hljómplötum á Ob-La-Di-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

20.00 Trío Reykjavíkur kveður Hafnarborg eftir 100 tónleika þar á 22ja ára samstarfi þeirra. Á þessum síðustu tónleikum verða flutt nokkur af helstu verkum tónbókmenntanna fyrri hljóðfæraskipan tríosins.

→ Listamannspjall

16.00 Rúmenski listamaðurinn Dan Perjovschi flytur erindi um eigin verk í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur. Spjallið er í tengslum við sýningu hans sem standur þar yfir.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Kór, kór kvennakór

Kvennakórinn Kyrjurnar er að hefja sitt 16. starfsár og getur bætt við sig reyndum söngroddum/kórfélögum.

Æft er einu sinni í viku, á miðvikudagskvöldum, í Friðrikskapelli við Vodafonehöllina. Lagaval er fjölbreytt og skemmtilegt.

Stjórnandi kórsins er Sigurbjörg Hvanndal Magnúsdóttir söngkona og söngkennari. Hún sér einnig um raddþjálfun.

Frekari upplýsingar gefa Sigurbjörg í síma 865 5503 og Auður í síma 864 6032.



50 ÁRA AFMÆLISKVÖLDVERÐUR GRILLSINS TIL STYRKAR Á ALLRA VÖRUM

HELGINA 28 – 29 SEPTEMBER 2012

Veitingastaðurinn Grillið fagnar 50 ára starfsafmæli og af því tilefni höfum við fengið til liðs við okkur fyrrverandi og núverandi matreiðslu- og framreiðslumeistara Grillsins til að bjóða upp á sögulega matarupplifun. Agnar Sverrisson, Ragnar Wessman, Bjarni Gunnar Kristinsson og Siguður Helgason hafa sett saman ómóttstæðilegan 7 rétta matseðil sem túlkar 50 ára sögu Grillsins á nýstárlegan hátt.

Kvöldið hefst klukkan 19.00 með fordrykk á Mímisbar og síðan verður töfraður fram 7 rétta matseðill ásamt sérvöldum vínnum á Grillinu. Verð kr. 29.000 á mann.

Borðapantanir og nánari upplýsingar veitir Hörður Sigurjónsson í síma 525 9810.

VERTU MEÐ OKKUR ÞETTA EINSTAKA KVÖLD OG LÁTTU GOTT AF ÞÉR LEIÐA

ALLUR ÁGÓÐI KVÖLDSINS MUN RENNA BEINT TIL ÁTAKSINS Á ALLRA VÖRUM



RÚMENSKI LISTAMAÐURINN Dan Perjovschi flytur erindi um eigin verk á morgun kl. 16. Fyrirlesturinn er haldinn í tengslum við sýningu listamannsins sem stendur yfir í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur.

ÞREFÖLD OPNUN Í HAFNARHÚSINU

Þrjár myndlistarsýningar verða opnaðar í Hafnarhúsinu á Tryggvagötu á morgun, þar sem sjónhverfingar, máttur tímans og pólitísk samtímaádeila eru í lykilhlutverki.

„Þetta eru ólíkar sýningar, enda langaði okkur að bjóða gestum upp á fjölbreytilegt úrval,“ segir Hafþór Yngvason, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur um þrjár sýningar, sem verða opnaðar í Hafnarhúsinu í dag.

Fyrst ber að nefna sýningu rúmenska listamannsins Dan Perjovschi, sem þykir einn áhrifamesti veggja- og teiknimyndalistamaður samtímans. Í verkum Perjovschi má gjarnan finna pólitíska ádeilu á áhrifamátt fjölmíðla, markaðshyggju og viðtekin samfélagsgildi. Hann var fulltrúi Rúmeníu á Feneyjatværingnum árið 1999 og sýndi stóra innsetningu í MoMA-safninu í New York árið 2008.

„Perjovschi vinnur út frá hverjum sýningarstað fyrir sig,“ segir Hafþór Yngvason, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur. „Frá því hann kom til Reykjavíkur hefur hann verið á flakki um borgina, setið á kaffihúsum, kynnt sér aðstæður og drukkið í sig stemninguna. Þess á milli kemur hann hingað í Hafnarhúsið og teiknar á vegg og gólf.“ Eðli málsins samkvæmt hverfa verk Perjovschi fyrir fullt og allt þegar sýningu er lokið. „Hann er mjög harður á því,“ segir Hafþór. „Við getum til dæmis ekki framlengt sýninguna án þess að fá sérstakt leyfi frá honum.“

Í innsetningunni HA leysir Sara Björnsdóttir hið fasta rými upp með lifandi myndum af rýminu sjálfu. Hver myndin fellur inn í

þá næstu og skapar síbreytilega sjónhverfingu. Sýningarstjóri er Hanna Styrmsdóttir. „Þetta er stór innsetning sem Sara hefur verið að vinna að í eitt og hálf ár,“ segir Hafþór. „Safnið pantaði verk eftir hana og lagði til dagóðan pening svo hún gæti gert þetta af miklum metnaði. Sara beitir fyrir sig aðferðum sem hún hefur notað áður en á miklu stærri skala. Útkoman er mjög merkileg.“

Þriðja sýningin er samsýningin Hreyfing augnabliksins, en Hafþór er jafnframt sýningarstjóri hennar. Öll verkin tengjast framvindu og breytingum. Listamennirnir á sýningunni eru Þór Elís Pálsson, Harpa Árnadóttir, Guðrún Einarsdóttir, Ragna Róbertsdóttir, Sólveig Aðalsteinsdóttir og Jóhann Eyfells, en verk hans er miðjan í sýningunni.

„Jóhann er merkilegur listamaður, hann er að verða níræður en er með verk á þremur sýningum í Reykjavík; hér, á Kjarvalsstöðum og í Listasafni ASÍ.“


Listamennirnir í sýningunni vinna með ólíka miðla en eiga það sameiginlegt að styðjast við óvissa verkferla til að breyta efniviði sínum og færa hann úr einu ástandi í annað. Endanleg ásýnd listaverkanna er því ófyrirsjáanleg. „Þeir sem vinna með málningu láta til dæmis efnin ljúka við verkið.“ Flest verkanna eru komin í föst form á sýningunni en Hafþór bendir á að þau geti alltaf breyst við flutninga og verða til dæmis fyrir rakabreytingum. „Þá fara þessi efnaferli aftur af stað. Eitt verkið er til dæmis silfurplata sem Ragna Róbertsdóttir hengdi upp á vegg fyrir nokkrum árum. Platan tekur stöðugum breytingum því það fellur sífellt á hana. Mér skilst að það hafi orðið miklar breytingar á henni eftir að Helligheidarvirkjun var tekin í notkun því það breytti efnasamsetningu í loftinu.“

bergsteinn@frettabladid.is



ÚR ÓLÍKUM ÁTTUM

Sara Björnsdóttir skapar sjónhverfingu með því að varpa myndum af sýningarrýminu á vegg sama rýmis. Rúmeninn Dan Perjovschi teiknar pólitískar myndir á vegg en samsýningin Hreyfing augnabliksins samanstendur af verkum þar sem listamennirnir láta efnaferla og óvissuþætti ráða endanlegri útkomu verksins.



Brynjureitur stgr. 1.172.0

Hagsmunaaðilakynning*

Miðvikudaginn 19. september kl. 16:00 – 17:00

Kynningin verður haldin á Hverfisgötu 33, 1. hæð.

Kynnt verður breyting á deiliskipulagi fyrir Brynjureit.

Brynjureitur afmarkast af Laugavegi, Vatnsstíg, Hverfisgötu og Klapparstíg.

Veittur verður frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum til 4. október 2012.

Athugasemdir/ábendingar skal senda á netfangið skipulag@reykjavik.is

Athugasemdir/ábendingum verður ekki svarað skriflega heldur eru þær innlegg í áframhaldandi vinnu.

Fundurinn er opinn öllum og við vonumst til að sjá sem flesta.



Hljómalindareitur stgr. 1.171.1

Hagsmunaaðilakynning*

Miðvikudaginn 19. september kl. 17:15 – 18:15

Kynningin verður haldin á Hverfisgötu 33, 1. hæð.

Kynnt verður nýtt deiliskipulag fyrir Hljómalindareit.

Hljómalindareitur afmarkast af Laugavegi, Klapparstíg, Hverfisgötu og Smiðjustíg.

Veittur verður frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum til 4. október 2012.

Athugasemdir/ábendingar skal senda á netfangið skipulag@reykjavik.is

Athugasemdir/ábendingum verður ekki svarað skriflega heldur eru þær innlegg í áframhaldandi vinnu.

Fundurinn er opinn öllum og við vonumst til að sjá sem flesta.



*skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010



STEVEN OSBOURNE

Tónlist ★★★★★

Upphafstónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í vetur

Einleikari: Steven Osbourne. Stjórnandi: Ilan Volkov.

Eldborgarsalur Hörpu, 13. september

Vöðvastæltur Tsjaikovskí

Arnold Schwarzenegger lék einu sinni Hamlet. Það var í stuttri senu í kvikmyndinni The Last Action Hero. Schwarzenegger var mjög óvanalegur Hamlet, vöðvastæltur og árásargjarn. Á einum tímamarki spurði hann sjálfan sig: „To be, or not to be?“ Og svaraði: „Not to be!“ Svo sprengdi hann allt í tætlur.

Mér datt þetta í hug á upphafstónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu á fimmtudagskvöldið. Ilan Volkov stjórnaði fimmtu sífóníunni eftir Tsjaikovskí. Það voru engin vettlingatök. Túlkunin átti greinilega að vera nútímalegt mótvægi við tilfinningasemina sem svífur yfir vötnum í tónlistinni. Sálarlíf Tsjaikovskis var þrungjó áttökum, og í þessari sífóníu er allt lítróf mannlegra tilfinninga. Tónlistin er dálítið endurtekningasöm, en það virkar ef stigandi er í túlkuninni. Mismunandi kaflar í verkinu þurfa að fæðast, verða til eðlilega, ná hápunkti. Ef túlkunin er þannig verða endurtekningarnar spennandi.

Hljómsveitin má eiga það að hún spilaði vel. Heildarhljómurinn var óvanalega flottur, strengirnir hnausþykkir og glansandi. Margir hljóðfæraleikarar spiluðu líka fallegar einleikstrófur. Engu að síður var þetta ekki Tsjaikovskí eins og hann á að vera. Maður sá tónskáldið fyrir sér í sundskýlu að hnykla tattúskeytta vöðvana á vaxtaræktarmóti. Hann ætlaði sér að vinna! Útkoman var yfirborðsleg, og maður satt best að segja beið eftir að verkið væri búið.

Mun meira var varið í píanókonertana eftir Ravel. Þennan vinsæla í G dúr, og svo konsertinn fyrir vinstri hönd. Sá síðarnefndi var saminn fyrir píanóleikarann Paul Wittgenstein. Hann missti hægrri höndina í fyrri heimsstyrjöldinni. Lét þó ekki deigan síga, heldur pantaði verk frá ýmsum tónskáldum og spilaði þau á tónleikum.

Einleikari var hinn skoski Steven Osbourne. Hann var einfaldlega frábær. Konsertarnir voru dásamlega ferskir og leikandi í meðföllum hans. Hraðir kaflar voru stórglæsilegir, alls konar tónahlaup svo skýr og örugg að maður dáðist að. Túlkunin var sannfærandi, full af krafti og spennu.

Ravel, sem var uppi um aldamótin þarsíðustu, var yngsta tónskáldið á efnisskránni. Á Sinfóníutónleikum hefur músíkin oftast ekki verið nýrri en það. Fagnaðarefni er því að hljómsveitin býður nú upp á þá nýbreytni að vera stundum með svokallaðan Eftirleik. Það eru stuttir tónleikar með nýjum eða nýlegum öndvegisverkum, og eru eftir aðaldagskrána fyrir um kvöldið. Af persónulegum ástæðum gat ég því miður ekki hlustað á Eftirleikinn að þessu sinni. Flutt var Flower Shower eftir Atla Heimi Sveinsson. Ég á góðar minningar frá því verki og hefði svo sannarlega viljað heyra það nú.

Jónas Sen

Niðurstaða: Sífónían spilaði vel, en túlkunin var stundum yfirborðsleg. Einleikarinn var frábær.



ÞJÓÐMINJASAFNIÐ

Tími og teikningar

Sýningin Teikning – þvert á tíma og tækni verður opnuð í Bogasal Djóðminjasafnsins í dag. Á sýningunni eru teikningar skoska vísindamannsins John Baine sem tók þátt í leiðangri Stanleys til Íslands árið 1789 en auk þess teikningar Önnu Guðjónsdóttur og graffikmyndir Per Kirkeby og Þóru Sigurðardóttur.

Teikningar Baines hafa nokkra sérstöðu í safni ferðateikninga frá Íslandsleiðöngrum fyrri alda og miðla athugunum og greiningum vísindamannsins skýrt til áhorfandans.

Vettvangsferðir á norðurslóðum hafa verið grundvöllur verka danska listamannsins Per Kirkeby, sem sýnir fínlegar koparristur frá 2001-2008. Nýleg verk Önnu Guðjónsdóttur hafa skýra vísun í ferðir og firnindi en graffískar teikningar Þóru Sigurðardóttur, gerðar 2011, skírskota hins vegar til farvega efnis og tíma.

Prag
27. september í 3 nætur og
4. október í 4 nætur
Ótrúlegt verð

Frá aðeins kr. **64.900**

Allra síðustu sætin!

Nú er upplagt að skreppa til Prag og njóta haustsins í þessari einstaklega fögru borg. Athugið fleiri gistimöguleikar í boði.

Verð kr. 64.900
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Iif *** í 3 nætur með morgunmat.
Sértilboð 27. september.

Verð kr. 79.900
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Ibis Mala strana *** í 4 nætur með morgunmat. **Sértilboð 4. október.**

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

FRÉTTIR VIDSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

HALLDÓR BALDURSSON **vísir**
- oft á dag



SAGA UM ÁSTIR OG HEFND **GIUSEPPE VERDI**

IL TROVATORE

JÓHANN FRÍÐGEIR VALDIMARSSON · AUÐUR GUNNARSDÓTTIR
TÓMAS TÓMASSON / ANOOSHAH GOLESORKHI
ELSA WAAGE / ALINA DUBIK · VIÐAR GUNNARSSON
GRÉTA HERGILS · SNORRI WIUM

FRUMSÝNING 20. OKTÓBER KL. 20
Föstudaginn 26. október kl. 20 – 2. sýning
Laugardaginn 27. október kl. 20 – 3. sýning
Sunnudaginn 4. nóvember kl. 20 – 4. sýning
Laugardaginn 10. nóvember kl. 20 – 5. sýning
Laugardaginn 17. nóvember kl. 20 – 6. sýning

KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR
HLJÓMSVEITARSTJÓRI: CAROL I. CRAWFORD

LÝSING: BJÖRN BERGSTEINN GUÐMUNDSSON
BÚNINGAR: ÞÓRUNN MARÍA JÓNSDÓTTIR
LEIKMYND: GRETAR REYNISSON
LEIKSTJÓRI: HALLDÓR E. LAXNESS

Miðasala í Hörpu og á www.harpa.is
Miðasölusími 528 5050

ÍSLENSKA ÓPERAN

SNÚDU ÞÉR AÐ HOLLUSTUNNI
- BETRI HEILSA ER BETRA LÍF MEÐ BECEL -

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT
Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

OPNUM
KL.10

LÆGRA VÖRUM



BRAUÐOSTUR
300 KRÓNA
VERÐLÆKKUN

1057 KR.KG
VERÐ ÁÐUR; KR. 1357

FROSINN LAX FRÁ CHILE
BEINHREINSAÐUR



1395 KR.KG



L&L
LÉTT & LAGGOTT
400 GR
50 KR VERÐLÆKKUN

224 KR.
VERÐ ÁÐUR: 274 KR. DS



1295 KR. KG

NAUTAVEISLU
FERSKT NAUTGRIPHAKK

KJÖRFUGL
FERSKUR KJÚKLINGUR



598 KR. KG

FERSKIR KJÚKLINGABITAR



1898 KR. KG

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



BÓNUS NÝBAKAÐIR KLEINUHRINGIR
2 STK. Í PAKKA

198 KR. 2 STK



298 KR. 620 G

KJARNAFAEÐI
FROSID KJÖTFARS 620 GR.



KRISTJÁNS DJÖFLATERTA 890 GR.

898 KR. 890 G



159 KR. 2 LTR.

198 KR. 2 LTR.

195 KR. 2 LTR.



BÓNUS KAFFI
500 GR

398 KR.



6 X 250 ML HLEÐSLA M.SÚLLULADIBRAGÐI


6 FERNUR Á VERÐI 4



139 KR. STK

BÓNUS NÝBAKAÐ BAGUETTE BRAUÐ

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



VERÐ Í 23 ÁR

OPNUM KL.10

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS



LAMBAKJÖT Í HÁLFUM SKROKKUM



ÍSLENSKT LAMBAKJÖT
Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS



HAUSTSLÁTRUN 2012

959
KR. KG



ÍSLENSKT LAMBAKJÖT
Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

FRÁ KAUPFÉLAGI SKAGFIRÐINGA
FROSINN LAMBAÞÓGUR
SAGAÐUR Í
SÚPUKJÖTSBITA
HAUSTSLÁTRUN 2011

859 KR.KG



ÍSLANDSLAMB FERSKAR
LAMBALÆRISNEIÐAR Í RASPI



1798
KR. KG

SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI ÞAR SEM EFSTI
HLUTI MJADMABEINS OG
RÓFUBEINIÐ ER SKORIÐ
FRÁ OG ÞVÍ ER MEIRA
KJÖT OG MINNA
BEIN Á LÆRINU!



1498
KR. KG

FERSKT SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI AF NÝSLÁTRUÐU

FROSIN VERKUÐ LAMBASVIÐ
HAUSTSLÁTRUN 2011



229
KR. KG

FROSID ÓSOÐID
SLÁTUR Á GÓÐU VERÐI



LIFRARPÝLSA

598 KR.KG

BLÓDMÖR

579 KR.KG

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veititungda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur



3 ÁR ERU SÍÐAN Katie Holmes byrjaði að vinna með fatahönnuðinum Jeanne Yang að fatalínunni Holmes & Yang. Línan var frumsýnd á tiskuvíkunni í New York núna í vikunni og lagðist vel í spekinga.

Lára sýnir Judy Garland

Leikkonan Lára Sveinsdóttir verður með Judy Garland-sýningu í Leikhúskjallaranum á morgun, sunnudag. Lára gaf fyrir skömmu út plötuna Judy Garland Kabarett sem er afsprengrí sýningar sem var haldin í Þjóðleikhúskjallaranum síðasta vetur. Þar söng Lára þekktustu lög Garland ásamt því að bregða sér í nokkur hlutverk og segja sögu hennar. Garland var ein frægasta söng- og leikkona síðustu aldar. Hún hóf feril sinn aðeins tveggja og hálfis árs gömul. Hún lék í fjölda kvikmynda, kom fram í sjónvarpsþáttum og á tónleikum og sendi frá sér plötur.

aktu taktu

Bátur
að eigin vali
& Coke **TILBOÐ**
899

SKINKU • KJÚKLINGA
BEIKON • PEPPERONI
GRÆNMETIS • LÚXUS

FELLSMÚLI • SKÚLAGATA • GARÐABÆR • MJÓDD

Nýliðar og reynsluboltar gefa út á tónlistarhausti

Margar áhugaverðar íslenskar plötur líta dagsins ljós í haust og fram að jólum. Fréttablaðið renndi yfir það sem er fram undan í popp- og rokkdeildinni.

Eins og undanfarin ár kemur út nóg af íslenskum popp- og rokkplötum núna á haustmánuðum. Helstu nýliðarnir sem láta að sér kveða í ár eru Ásgeir Trausti, sem sendi fyrir skömmu frá sér sína fyrstu plötu, hljómsveitin hressa Ojba Rasta, sem gefur út frumburð sinn í næstu viku, og Eurovision-drottningin Greta Salóme sem mætir með sinn fyrsta grip.

Retro Stefson og Mammút senda frá sér plötur á vegum Record Records í október og fimm útgáfur eru staðfestar frá Kimi Records í haust, þar á meðal frá Þóri, Borko og Morðingjunum. Þá gefur Geimsteinn út sólóplötu frá Þór Breiðfjörð og hugsanlega verður ný plata frá Klassart tilbúin fyrir jól.

Þrjátíu plötur eru væntanlegar frá stærstu útgáfu landsins, Senu. R&B-popparinn Friðrik Dór fylgir vinsælli frumraun sinni eftir í byrjun október með nýrri plötu sem ku heita Vélrænn. Börn Loka, önnur skífa hinna vinalegu þungarokkara í Skálmöld, kemur út 26. október og þriðja plata Bloodgroup er væntanleg í október undir merkjum Kölska, þremur árum eftir að Dry Land leit dagsins ljós.

Sigurður Guðmundsson er á leiðinni til Kúbu þar sem hann ætlar ásamt félögum sínum að hljóðrita plötuna Sigurður Guðmundsson og mafían í Havana og Magni Ásgeirsson sendir frá sér

NÓG FRAM UNÐAN

Fríðrik Dór, Skálmöld, Greta Salóme, Sigurður Guðmundsson og Raggi Bjarna mæta öll með nýjar plötur núna í haust.



sína aðra sólóplötu, í þetta sinn með frumsömdu efni á íslensku. Tónlistarkonurnar Lára Rúnarsdóttir og Elíza Newman eru einnig með nýjar plötur á leiðinni, auk Ellenar Kristjánsdóttur. Hljómsveitin Valdimar gefur svo sjálf út sína aðra plötu, Um stund. Fyrsta plata sveitarinnar, Undraland, verður svo gefin út af Geimsteini á 180 gramma lituðum vínyl. Jónas Sigurðsson og Ritvél- ar framtíðarinnar mæta einnig til leiks með sína þriðju plötu fyrir jólin.

Eldri og reyndari popparar skila sömuleiðis frá sér nýju efni. Tveir af helstu lagahöfundum þjóðarinnar, Magnús Dór og Jóhann Helga, senda frá sína fyrstu plötu með nýju efni í nærri tuttugu ár og er hún einnig sú fyrsta eingöngu með íslenskum textum. Egill Ólafsson vinnur að plötunni Vetur, Raggi Bjarna syngur dúetta með yngri listamönnum á nýrri skífu og Bubbi Morthens er að undirbúa sína fyrstu jólaplötu.

freyr@frettabladid.is

BLUE LAGOON ICELAND

Til hamingju með frábæran árangur á Ólympíumóti fatlaðra í London Bláa Lónið er stoltur styrktaraðili Íþróttasambands fatlaðra



LEIKSTJÓRAR Vala Halldórsdóttir og Sesselja Vilhjálmssdóttir eru leikstjórar The Start Up Kids.

Tölvuleikir og tækni

Í tilefni af sýningu myndarinnar Indie Game: The Movie stendur Riff-hátíðin í samstarfi við tölvuleikjaframleiðandann CCP að pallborðsumræðum á Sólon föstudaginn 5. október. Yfirskrift umræðanna er Vöxtur og umfang tölvuleikjaframleiðslu og möguleikar sjálfstæðra framleiðenda til framtíðar.

Leikstjórar Indie Game, þau James Swirsky og Lisanne Pajot, sitja umræðurnar ásamt Torfa

Frans Ólafssyni, listrænum stjórnanda CCP, Jónasi Björgvin Antonssyni, framkvæmdastjóra Gogogic, og Sesselju Vilhjálmssdóttur. Hún er önnur leikstjóra myndarinnar The Start Up Kids sem er einnig sýnd á hátíðinni. Myndin fjallar um unga frumkvöðla í tækni- og þekkingaríðnaði. Meðal viðmælenda eru stofnendur Vimeo, Soundcloud og Dropbox sem eru allt vinsæl netfyrirtæki.

Langaði að sjá eitthvað geggjáð

„Þetta er svolítið eins og að eignast barn,“ segir Arnljótur Sigurðsson, söngvari og bassaleikari Ojba Rasta, um útgáfu fyrstu plötu sveitarinnar á þriðjudaginn.

„Við byrjuðum að taka plötuna upp fyrir tæpum tveimur árum þannig að þetta hefur tekið sinn tíma.“

Hin ellefu manna Ojba Rasta spilar reggítónlist með „döbb“ ívafi. Þrjú lög af plötunni hafa hljómað í útvarpinu við góðar undirtektir, eða Baldursbrá, Jolly Good og nú síðast Hreppstjórinn. Útgefandi er Record Records.

Umslag plötunnar er ansi ævintýralegt og var það listamaðurinn Ragnar Fjalar Lárusson sem hannaði



það. „Hann er að gera alls konar dót og líka myndlist. Hann er einn af mínum uppáhaldslistamönnum,“ segir Arnljótur, sem hefur sjálfur unnið með Ragnari Fjalari við myndlist. „Ég sagði við hann að mig langaði að sjá eitthvað alveg geggjáð og ég held að það hafi tekist.“

Fram undan hjá Ojba Rasta eru hlustunarpartí á Faktory á mánudagskvöld og útgáfutónleikar um næstu mánaðamót. Spilamennska á Airwaves-hátíðinni er einnig í pípunum. „Það eru mjög spennandi tímar fram undan hjá okkur og nýr kafli að verða til.“

- fb

UMSLAGIÐ Ragnar Fjalar Lárusson hannaði umslag fyrstu plötu Ojba Rasta.



SYSTKINI Arnljótur Sigurðsson (lengst til vinstri) ásamt þremur systkinum sínum úr Ojba Rasta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Drama í úrvals-flokki

Bíó ★★★★★

A Seperation

Leikstjórn: Asghar Farhadi.

Leikarar: Leila Hatami, Peyman Moaadi, Shahab Hosseini, Sareh Bayat, Sarina Farhadi

Þessi frábæra íranska kvikmynd frá því í fyrra hefur farið sigurfor um heiminn, unnið til fjölda verðlauna og nemur nú loks land í íslenskum kvikmyndahúsum. Segir hún frá ungum hjónum í Teheran sem skilja að borði og sæng. Konan flytur burt, en eiginmaðurinn verður eftir í íbúð hjónanna ásamt unglingsdóttur þeirra og öldruðum föður sínum sem þjáist af Alzheimer. Dag einn ræður hann fátæka og heittrúaða konu til þess að annast gamla manninn, en hún veldur starfinu illa og allt fer á endanum í háaloft.

Myndin eyðir mörgum ranghugmyndum fáfróða vesturlandabúans um Íran. Tehran virðist nokkuð nútímaleg borg og frjálslýndi milli-stéttarinnar er meira en annarra.



Þó þetta sé ekki aðalatriði myndarinnar liggur dramatíkin samt að stórum hluta í þessum mismunandi viðhorfum persónanna til trúarinnar og lífsins.

Leikararnir eru algjörlega frábærir og þau Leila Hatami og Peyman Moaadi eru þar fremst meðal jafningja. Áhorfandinn trúir því að þau séu raunverulega hjón sem hafi eitt sinn verið ástfangin og hamingjusöm, en nú sé neistin horfinn og þau eigi sér bjartari framtíð hvort í sínu lagi. Heimilis-hjálpin og vafasamur eiginmaður hennar vekja samúð og fyrirritningu til skiptis og þessi „hversdagslegu“ vandamál sem persónurnar glíma við kalla fram meiri spennu en flestar hasarmyndir sem ég hef séð nýverið.

Leikstjórnin, sem einnig er handritshöfundur og framleiðandi myndarinnar, á mikið hrós skilið fyrir vönduð vinnubrögð og góða listræna dómgreind. Tökumaðurinn er með vélinu í lófanum mest allan tímann og gerir það smekklega og þægilega. Þá er kvikmyndin án tónlistar alveg þar til stafir rulla í blálokin. Sú ákvörðun var hárrétt, enda hefði músík sennilega þvælst fyrir og dregið úr áhrifamættinum. Skothelt handritið, góð leikstjórn og leikur í úrvalsflokki sjá um þetta hjálparlaust. **Haukur Víðar Alfreðsson**

Niðurstaða: Ein besta mynd síðasta árs.



6- vikna námskeið

KOMDU ÞÉR Í TOPPFORM

CLUB FIT-MTL mótun, tónun og lenging

Þolþjálfun og styrktaræfingar með eigin líkamspýngd. Hóþþjálfun á göngubrettum og góðar æfingar sem móta, tóna og lengja vöðvana. Hóþstemning og hvetjandi tónlist. Hver og einn ræður sínum hraða á hlaupabrettinu.

Aðeins 20 manns í hóp

45 mínútna tímar - Þér leiðist ekki eina mínútu!

Innifalið:

- Þjálfun 2x í viku
- Club Fit - MTL æfingakerfið miðar að því að styrkja allan líkamann, móta og lengja vöðva og auka þol
- Þátttakendur hafa aðgang að lokuðu svæði með fræðslu, upplýsingum og uppskriftum frá Hreyfingu
- Hvatningarpóstur 1 x í viku frá Ágústu Johnson
- Þol- og styrktarmælingar – fyrir og eftir
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum

HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON
ICELAND

Álfheimar 74
414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

mid.is Miðasala og nánari upplýsingar

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
RESIDENT EVIL RETRIBUTION 2D	8, 10
THE BOURNE LEGACY	7, 10
THE EXPENDABLES 2	5.50, 10.20
ÁVAXTAKARFAN	2, 4
PARANORMAN 3D	2, 4
INTOUCHABLES	4, 5.50, 8
BRAVE: HIN HUGRAKKA 2D	2



SCARLETT JOHANSSON Reynolds hefur áður hlaupið upp að altarinu en hann gekk að eiga þokkagjöfuna Scarlett sumarið 2008 eftir rúmlega árs langt samband. Þau skildu í desember 2010.



SANDRA BULLOCK Orðrómur var um samband þeirra frá því í lok 2010 til september 2011. Árið 2011 var hann líka orðaður við þýska módelið Agnes Fischer og leikkonuna Charlize Theron.



ALANIS MORISSETTE Reynolds var með rokkþiunni frá því 2002 til 2007. Þau trúlofuðu sig árið 2004 en giftust aldrei. Á árunum 2001 til 2002 var hann orðaður við leikkonuna Rachel Leigh Cook.

GLÆSILEGUR FERILL

Fallega og fræga parið Blake Lively og Ryan Reynolds gekk í hjónaband um síðustu helgi í Suður-Karólínu. Aðeins er tæpt ár síðan þau sátust fyrst saman í Boston og orðrómur komst á kreik um samband þeirra en þau léku saman í myndinni Green Lantern. Hin 25 ára gamla Lively hefur oft verið nefnd ein heppnasta kona heims miðað við feril sinn í ástarmálum sem er frekar aðdáunarverður. Ekki á Reynolds, sem er 10 árum eldri en hún, mikið slakari feril að baki.



KELLY BLATZ Lively hafði verið skotin í æskuvini sínum, Kelly Blatz, frá því í öðrum bekk. Hann leit þó ekki við henni fyrr en árið 2004 þegar þau léku saman í myndinni Simon Says. Þau voru par til ársins 2007.



PENN BADGLEY Hún hætti með mót-leikara sínum úr Gossip Girl í september 2010 en þau gerðu samband sitt loksins opinbert í maí 2009. Eftir það var hún ekki orðud við neina aukvísu, eða þá Ryan Gosling og Leonardo DiCaprio.

SAMBÍÓIN SAMbio.is

WILL FERRELL OG ZACH GALIFIANAKIS Í FYRNDINSTU MYND ÞESSA ÁRS!

FRÝS Í ÆÐUM BLÓÐ

FROST

HÓRDIS STEFANSDÓTTIR. MORGUNBLAÐ. Ö.H.T. - RÁS 2

"HÆTTIÐ NÚ ALVEG AÐ SNÚA HVAD ÉG VAR HRÉDD Á ÞESSARI MYND!" Á.V. - RÚV

"GEGGIJUD MYND, HRÁ, DULARFULL OG ÍSKÖLD." Mundi Vandi.

ÞÚ FRAMLÉIÐENDUM TOY STORY 3, FINDING NEMO OG UP.

STÆSTA MYND SUMARSINS

THE DARK KNIGHT RISES

ALFABAKKA	EGILSHÖLL
CAMPAIGN KL. 1:30 - 4:10 - 6 - 8 - 10	CAMPAIGN 2-4-6-8-10 - 10:50
CAMPAIGN VIP KL. 2 - 4 - 6 - 8	BOURNE LEGACY KL. 5:20 - 8 - 10:20
FROST KL. 6 - 8 - 10:45	DARK KNIGHT RISES KL. 8
BOURNE LEGACY KL. 5:20 - 8 - 10	FROST KL. 6 - 8
BOURNE LEGACY VIP KL. 10	MADAGASCAR 4 KL. 1:30-3:30
HIT AND RUN KL. 10:20	BRAVE KL. 1:30 - 3:30 - 3:50
STEP UP KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8	ÍSÖLD 4 KL. 2 - 4
BRAVE kl. Tu KL. 2 - 3:40 - 5:50	KEFLAVÍK
BRAVE kl. Tu KL. 2	CAMPAIGN KL. 6 - 8 - 10
BRAVE kl. Tu KL. 8	FROST KL. 8:40 - 10:20
DARK KNIGHT RISES KL. 10	DARK KNIGHT RISES KL. 5:30
MADAGASCAR 3 kl. Tu KL. 2 - 4	STEP UP REVOLUTION KL. 3:20
CAMPAIGN KL. 6 - 8	BRAVE kl. Tu KL. 1:40 - 3:50
BOURNE LEGACY KL. 10	BRAVE kl. Tu KL. 1:10
BABYMAKERS KL. 2 - 4	SELFOSSI
FROST kl. Tu KL. 6 - 8 - 10	FROST KL. 6 - 8 - 10
THE BRAVE kl. Tu KL. 4	BABYMAKERS KL. 6 - 8
ÁVAXTAKARFAN KL. 2 - 4	DARK KNIGHT RISES KL. 10
CAMPAIGN KL. 8 - 10:10	AKUREYRI
BRAVE kl. Tu KL. 2 - 4	CAMPAIGN KL. 8 - 10:10
BABYMAKERS KL. 8	BRAVE kl. Tu KL. 2 - 4
FROST KL. 6 - 10:10	BABYMAKERS KL. 8
THE BRAVE kl. Tu KL. 4	FROST KL. 6 - 10:10
ÁVAXTAKARFAN KL. 2 - 4	

tryggðu þér miða á sambio.is

SPARBÍÓ

MERKTAR MED GRÆNU OG APPELSINUGULU Í BÍO AUGLÝSINGUM SAMBÍÓ KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSINUGULT

FRÁ FRAMLÉIÐENDUM TOY STORY 3, FINDING NEMO OG UP.

LAUGARDAGUR - SUNNUDAGUR

SMÁRABÍÓ **mid.is**

ÁVAXTAKARFAN KL. 1 (TILBOÐ) L

PARANORMAN 3D ÍSL.TAL KL. 1 (TILBOÐ) 7

ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL KL. 1 (TILBOÐ) L

ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL KL. 1 (TILBOÐ) L

HÁSKÓLABÍÓ **mid.is**

ÁVAXTAKARFAN KL. 4 (TILBOÐ) L

PARANORMAN 3D KL. 3 (TILBOÐ) 7

TO ROME WITH LOVE KL. 3 (TILBOÐ) L

INTOUCHABLES KL. 3 (TILBOÐ) L

TILBOÐ - TILBOÐ - TILBOÐ - TILBOÐ

SMÁRABÍÓ HEIMSYFIRRAÐ OG GAUÐI! **HÁSKÓLABÍÓ**

TRÝGGU ÞÉR MIÐA Á **mid.is**

RESIDENT EVIL RETRIBUTION 13D (TILBOÐ) 3D

BOURNE LEGACY JEREMY RENNER RACHEL WEISZ EDWARD NORTON

ÁVAXTAKARFAN

EXPENDABLES 2

INTOUCHABLES

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ PARADÍS

LAUGARDAGUR: A SEPERATION 17:30, 20:00, 22:30 ■ KVÍK-NOR: EN KONGELIG AFFÆRE 17:20, 20:00, 22:40 ■ KVÍK-NOR: PLAY 20:00 ■ KVÍK-NOR: THE PUNK SYNDROME 18:00 ■ KVÍK-NOR: COMPANY ORHEIM 22:00 ■ ELLES (ÞÆR) 20:00 ■ TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR) 22:10 ■ FJALLKONAN HRÓPAR Á VÆÐ 18:00

SUNNUDAGUR: A SEPERATION 17:30, 20:00, 22:30 ■ KVÍK-NOR: EN KONGELIG AFFÆRE 17:20, 22:40 ■ KVÍK-NOR: COMPANY ORHEIM 20:00 ■ KVÍK-NOR: PLAY 17:40 ■ KVÍK-NOR: Á ANNAN VEG 22:00 ■ ELLES (ÞÆR) 20:00 ■ TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR) 22:10 ■ FJALLKONAN HRÓPAR Á VÆÐ 18:00

A SEPERATION

SMÁRABÍÓ	GLERAUGI SELD SÉR	HÁSKÓLABÍÓ	*AÐENS LAUGARDAG
RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 2D	KL. 5.50 - 8 - 10.10	RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 3D	KL. 8 - 10.10
RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 3D	KL. 10.20 ÓTÆXTUÐ	THE BOURNE LEGACY	KL. 6 - 9
THE BOURNE LEGACY	KL. 8 - 10.45	ÁVAXTAKARFAN	KL. 4 (TILB.) - 6
THE BOURNE LEGACY LÚXUS	KL. 10.20	THE EXPENDABLES 2	KL. 10.30
ÁVAXTAKARFAN KL. 1 (TILBOÐ)	- 3 - 6	TO ROME WITH LOVE	KL. 3 (TILB.) - 5.30* - 8
THE EXPENDABLES 2	KL. 5.40 - 8 - 10.20	INTOUCHABLES KL. 3 (TILB.)	- 5.30 - 8 - 10.30
THE EXPEN... 2 LÚXUS	KL. 1 - 3.20 - 5.40 - 8	PARANORMAN 3D	KL. 3 (TILB.) - 7
THE WATCH	KL. 5.40 - 8	BORGARBÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS
PARANORMAN 3D	KL. 1 (TILBOÐ) - 3.30	RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 2D	KL. 6 - 8 - 10
ÍSÖLD 4 2D / 3D	KL. 1 (TILBOÐ) - 3.30	THE BOURNE LEGACY	KL. 10
		THE EXPENDABLES 2	KL. 8
		ÁVAXTAKARFAN KL. 4 (TILB.) - 6 / ÍSÖLD 4 3D	KL. 4 (TILB.)

Simi: 553 2075 **LAUGARÁS BÍÓ** - bara lúxus

Ódýrt í bíó

TILBOÐ KL. 2

ÁVAXTAKARFAN

PARANORMAN ÍSLENSKT TAL 3D

BRAVE ÍSL TAL

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS




SÍÐUSTU DAGAR LAGERSÖLUNNAR ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

OPIÐ:
LAUGARDAG 11-16 OG SUNNUDAG 13-17

NÓATÚNI 17

BIRNA





STELLA SIGURÐARDÓTTIR skoraði 12 mörk þegar íslenska kvinnalandsliðið í handbolta tapaði naumlega fyrir Slóvakíu, 22-23, í öðrum leik liðsins á æfingarmóti í Tékklandi í gær en íslenska liðið tapaði stórt fyrir Ungverjalandi í fyrsta leik sínum í fyrradag. Það var allt annað var að sjá til íslenska liðsins í gær, íslensku stelpurnar voru 10-6 yfir í hálfleik og með forystu allan leikinn þar til á 56. mínútu en þá seig Slóvakía framúr. Stelpurnar mæta Tékkum í lokaleik sínum í dag.



EINAR HJÖRLEIFSSON Á mikinn þátt í að Víkingar hafa fengið á sig fæst mörk allra liða í 1. deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Víkingar úr Ólafsvík:

Geta komist upp á morgun

FÓTBOLTI Víkingar úr Ólafsvík geta tryggt sér sæti í Pepsi-deild karla á næsta sumri með hagstæðum úrslitum á móti KA á Akureyrarvelli í 21. umferð 1. deildar karla á morgun.

Þórsarar eru þegar komnir upp en KA er eina liðið sem getur náð öðru sætinu af Víkingliðinu. Víkingar eru með sex stiga forskot á KA-menn þegar aðeins tvær umferðir eru eftir. Ólafsvíkur-Víkingar tryggja sér því sæti í efstu deild í fyrsta sinn í sögu félagsins með því að ná í stig í leiknum sem hefst kl. 14.00.

KA-menn hafa reyndar verið á miklu flugi síðan í ágústbyrjun og náð 16 stigum út úr síðustu sjö leikjum sínum. Það má því búast við hörkuleik á morgun.

Takist Víkingum að tryggja sér Pepsi-deildarsætið í dag verður það í fyrsta sinn síðan 1962 (ÍBÍ) sem nýtt félag af Vesturlandi/Vestfirðum sem bætist í hóp liða sem hafa spilað í efstu deild í karlafótboltanum á Íslandi. - 66j

FATLAÐIR FÁ MINNA Í FJÁRLÖGUM

Íþróttasamband fatlaðra fær minni fjárveitingu á næsta ári en á þessu samkvæmt nýju fjárlagafrumvarpi. Fjárveiting sem fatlaðir fengu ár hvert hvarf árið 2009 vegna hrunsins. ÍF hefur verið rekið með tapi í 2 ár.

ÍÞRÓTTIR Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár fær Íþróttasamband fatlaðra minni fjárveitingu en á þessu ári. Upphæðin lækkar um 400 þúsund krónur og er nú 21,1 milljón króna. „Hver króna skiptir máli fyrir okkur eins og alla aðra,“ segir Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri afreks- og fjármálasviðs hjá Íþróttasambandi fatlaðra.

Gulldrengurinn frá London

Ólympíumóti fatlaðra lauk fyrir tæpri viku og fyrir aðeins fáeinum dögum síðan tók ríkisstjórnin sérstaklega á móti keppnisveitinni með mikilli viðhöfn. Fremstur í þeim flokki fór Jón Margeir Sverrisson sem vann til gullverðlauna í Lundúnum.

„Við verðum fyrir niðurskurði eins og fleiri. Það er auðvitað enginn ánægður með það hlutskipti,“ segir Ólafur. „En því skal haldið til haga að ríkisstjórnin kom færandi hendi eftir mótið og styrkti sambandið um fjórar milljónir fyrir þann árangur sem við náðum í London. Ber okkur vissulega að þakka fyrir þann velvilja,“ bætir hann við.

„En það kostar heilmikið að taka þátt í móti sem þessu sem og að undirbúa okkar keppendur fyrir þátttöku eins vel og kostur er. Það má segja að við vorum þegar búnir að eyða þeirri upphæð áður en við fengum styrkinn.“

Fjárveiting sem hvarf í hruninu

Íþróttasamband fatlaðra fann einnig fyrir hruninu á sínum



GULLDRENGURINN Jón Margeir Sverrisson synti til sigurs á Ólympíumóti fatlaðra. Hér er hann með Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

tíma. „Fram til ársins 2009 fékk Ólympíuráð fatlaðra sérstaka fjárveitingu upp á þrjár milljónir á ári. Sú fjárveiting var þá tekin af okkur og hefur aldrei komið til baka,“ segir Ólafur.

Sambandið hélt þó áfram sínu striki enda undirbúningur þegar hafinn fyrir Ólympíumótið í London. Það hafði þó sínar afleiðingar í för með sér.

„Sambandið hefur verið rekið með tapi undanfarin tvö ár. Okkar eiginfjárstaða var þó á þann veg að við gátum haldið áfram okkar starfi en það er okkur að sama skapi fyllilega ljóst að taprekstur gengur ekki til lengdar,“ segir Ólafur.

Krónurnar nýtast ekki jafn vel Íþróttasamband fatlaðra hélt

„Það er okkur fyllilega ljóst að taprekstur gengur ekki til lengdar.“

ÓLAFUR MAGNÚSSON
ÍÞRÓTTASAMBANDI FATLAÐRA

sínum helstu styrktaraðilum þrátt fyrir hrunið sem Ólafur segist þakklátur fyrir.

„Okkar samstarfsaðilar hafa staðið með okkur í gegnum súrt og sætt. Þeir sýndu það í verki með því að skrifa undir nýja samninga strax eftir hrun,“ segir Ólafur. „En eins og við þekkjum öll hefur allur kostnaður aukist mjög eftir hrunið og því nýtast krónurnar sem við fáum frá okkar samstarfsaðilum ekki jafn vel og áður.“

Hann segir að sambandið muni áfram ræða við ríkisvaldið um aukna fjárveitingu og ekki síst endurupptöku styrkveitingu til Ólympíuráðs fatlaðra.

Á ekki von á breytingum

„Í hvert skipti sem við höfum farið á fund fjárveitingarvaldsins eftir hrun höfum við biðlað til þeirra um að taka upp þennan styrk á ný. Ég á ekki von á að það muni breytast í bráð,“ segir Ólafur sem neitar því ekki að við óbreytt ástand geti verið erfiðir tímar fram undan.

„Ef ekkert breytist þarf maður bara að bíta á jaxlinn og bölvva í hljóði. Það verður svo bara að koma í ljós hvernig okkur tekst að vinda ofan af okkar málum.“

eirikur@frettabladid.is





KOMUST EKKERT ÁFRAM Stefán Rafn Sigurmannsson (númer 10) og Matthías Ingimarsson taka hér vel á Svartfellingi í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Haukar rúlluðu yfir Svartfellingana á Ásvöllum í gær:

Stefán Rafn skoraði marki meira en HC

HANDBOLTI Haukar rúlluðu yfir HC Mojkovac með tuttugu marka mun, 32-12, í fyrri leik liðanna í fyrstu umferð EHF bikarsins í gær.

Eins og tölurnar gefa til kynna voru Haukar betri á öllum sviðum handboltans frá fyrstu mínútu til þeirrar 55. en þá gáfu Haukar aðeins eftir og Svartfellingarnir skoruðu þrjú síðustu mörk leiksins.

Vörn Hauka var frábær og markvarslan einnig en Aron Rafn Eðvarðsson varði 18 skot og fékk á sig 9 mörk á 51 mínútu.

Stefán Rafn Sigurmannsson fór mikinn í markaskorun en hann skoraði 13 mörk í leiknum, einu marki meira en andstæðingurinn.

„Ég lagði upp fyrir leikinn að skora meira en þeir allir,“ sagði léttur Stefán Rafn Sigurmannsson eftir leikinn.

„Þetta var rosalega létt og við mættum alveg klárir eins og sést á tölunum. Við vorum búnir

að skoða þá á vídeófundum og vissum að þeir væru þungir. Við vorum því ákveðnir í að keyra á þá og við munum gera það í seinni leiknum líka,“ sagði Stefán Rafn. „Ég átti von á að þetta væri erfiðara framan af leik þar sem þeir næðu að svæfa okkur og skora einfaldari mörk á okkur þar sem við værum komnir á hælana en ég verð að hrósa vörninni og markvörslunni því menn héldu sér á tánum og héldu dampi út allan leikinn,“ sagði Aron Kristjánsson þjálfari Hauka í leikslök.

Seinni leikurinn verður leikinn í dag klukkan 17. -gmi

Haukar-HC Mojkovac 32-12

Mörk Hauka: Stefán Rafn Sigurmannsson 13, Gylfi Gylfason 5, Tjörvi Þorgeirsson 3, Elías Már Halldórsson 3, Freyr Brynjarsson 2, Árni Steinn Steinsþórsson 2, Adam Haukur Baumruk 1, Sveinn Þorgeirsson 1, Jón Þorbjörn Jóhannsson 1, Egill Eiríksson 1.

Varin skot: Aron Rafn Eðvarðsson 18/3, Giedreius

30%

afsláttur af öllum golfskóm!

Sannkölluð Golfveisla!

Opnunartími um helgina:

Laugardag kl. 11 - 16

Sunnudag kl. 13 - 17

Golf Street - herre
Verð áður kr. 20.995,-
Verð nú kr. 14.697,-
Stærðir: 35-47 | Vörusl. 8391845496

Golf Street - herre
Verð áður kr. 20.995,-
Verð nú kr. 14.697,-
Stærðir: 35-47 | Vörusl. 8391845497

Golf Street - herre
Verð áður kr. 20.995,-
Verð nú kr. 14.697,-
Stærðir: 35-47 | Vörusl. 83918457211

Golf Street - herre
Verð áður kr. 20.995,-
Verð nú kr. 14.697,-
Stærðir: 35-47 | Vörusl. 83918454011

Golf Street - damur
Verð áður kr. 23.995,-
Verð nú kr. 16.797,-
Stærðir: 35-47 | Vörusl. 12182351017

Golf Street - damur
Verð áður kr. 20.995,-
Verð nú kr. 16.797,-
Stærðir: 35-47 | Vörusl. 12182351012

Síðustu pörin af Sumarlínunni 2012 nú á 30% afslætti.

Fyrstur kemur, fyrstur fær.

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

NÁTTÚRULEGA GOTT

Hollustupítsa

Í LÉTTRI SVEIFLU

FYRIR 3-4

1 ferskur pítsubotn, spelt eða venjulegur

Sósa:

- 200 gr rjómaostur
- 2 msk hunang
- 1 msk rifin piparrót
- 1 msk saxað ferskt dill
- Salt eftir smekk

- 1 rautt chilli
- 1 grænt chilli
- ½ ferskur ananas
- Skarlottulaukur
- 1 fenníka
- 6 lambalundir
- 2 msk ólífuolía
- Smávegis af ferskri myntu eða kóríander. Hnífisodd af gullinrót (turmerik), kanill, engifer

Allt hrært saman sem í sósunu á að fara.

Skerið lambalundir smátt og snöggsteikið með ólífuolíunni og þurrkryddinu. Leggið svo til hliðar.

Brytjið ananas í hæfilega bita og bakið í ofni við 200°C í 15 mín.

Rífið fenníku, lauk og chilli mjög fínt niður. Blandið öllu saman með smáslettum af ólífuolíu.

Forbakið pítsubotninn. Setjið sósunu yfir og makið hæfilega. Dreifið fenníkusalatinu yfir pítsuna og heitu kjötinu í kjölfarið, endið á ananasnum. Saxið myntu eða kóríander yfir og berið fram.

Ath: Botninn er volgur, sósan við stofuhita, salatið kalt, lamb og ananas heitt. Þannig að þegar botninn er tilbúinn þarf að hafa hraðar hendur.

LAMBAKJOT.IS

NÝJU MARKAPRINSESSUR LANDSLIÐSINS

Margrét Lára Viðarsdóttir hefur verið markadrottning kvennalandsliðsins í mörg ár en Elín Metta og Sandra María, tvær 17 ára stelpur, slógu í gegn í Pepsi-deild kvenna í ár og eru í íslenska landsliðshópnum fyrir gríðarlega mikilvæga leiki í undankeppni EM.

FÓTBOLTI Margrét Lára Viðarsdóttir hefur verið dugleg að safna að sér öllum helstum markametum í íslenskum fótbolta en um síðustu helgi tókst tveimur stórefnilegum leikmönnum að slá aldursmet hennar frá 2004 þegar Margrét Lára varð markadrottning úrvalsdeildarinnar 18 ára gömul.

Elín Metta Jensen og Sandra María Jessen eru báðar fæddar árið 1995 og fögnuðu því 17 ára afmæli sínu fyrr á þessu ári. Þær skoruðu báðar 18 mörk í 18 leikjum í Pepsi-deild kvenna í sumar og urðu báðar markadrottningar. Elín Metta spilaði færri mínútur og fékk því gullskóinn en Sandra María varð jafnframt Íslandsmeistari með Þór/KA og er ein af þeim sem koma sterklega til greina sem besta leikmaður tímabilsins.

„Þetta er frábært og ég rosalega stolt af þessum stelpum. Ég þjálfaði aðeins Elínu þegar hún var yngri og þekki hana því aðeins betur en Söndru. Þær eru báðar hrikalega efnilegar og við fögnum því að það séu að koma leikmenn upp,“ sagði Margrét Lára aðspurð um nýju markaprinsessurnar.

Margrét Lára sjálf verður vonandi leikfær á Laugardalsvöllinum klukkan 16.15 í dag þegar íslenska liðið mætir Norður-Írlandi í næstsíðasta leik íslenska liðsins í undankeppni EM.

Sandra byrjaði landsliðsferilinn eins og Margrét Lára eða með því að skora með fyrstu snertingu aðeins nokkrum mínútum eftir að hún kom inn á í sínum fyrsta



MARKADROTTNINGIN OG PRINSESSURNAR Margrét Lára Viðarsdóttir með Söndru Maríu Jessen á hægri hönd og Elínu Mettu Jensen á vinstri hönd.

landsleik. „Sandra er þegar búin að standa sig vel með landsliðinu og báðar þessar stelpur eru með mikið sjálfstraust sem skiptir miklu máli þegar maður er að koma nýr inn. Við eigum von á því að þær eigi eftir að setja mark sitt á leikinn á laugardaginn (í dag),“ sagði Margrét Lára.

„Ég er mjög spennt og ég held að þetta eigi eftir að ganga mjög vel á móti Norður-Írlandi. Ég passa mig að gera ekki of miklar væntingar um að fá að spila í þessum leik en

ég vona að ég fái að spila eitthvað og að minnsta kosti að ég verði í hóp. Það er ótrúlega gaman að fá að vera ein af 22 og ég er mjög glöð með það,“ segir Sandra María Jessen en hún hefur komið inn á sem varamaður í tveimur fyrstu landsleikjunum og skorað í báðum.

Sandra María varð eins og áður sagði að sjá á eftir gullskónum með minnsta mun. „Ég verð bara að setta mig silfurskóinn sem er líka frábært. Aðalmálið var að vinna Íslandsmótið. Ég fékk

þann bikar og get því ekki kvartað,“ segir Sandra María sem skoraði í síðasta leiknum en það var þó ekki nóg. „Nú hef ég bara eitthvað til að stefna að á næsta ári,“ segir Sandra María en það hefur þó ekkert slest upp á venskapinn hjá þeim stöllum þrátt fyrir harða baráttu.

„Við erum mjög góðar vinkonur enn þá og það er allt í góðu. Það þarf alltaf einhver að vinna. Hún vann í þetta skiptið og það er bara flott hjá henni,“ sagði Sandra

María og Elín Metta tekur undir þetta. „Við erum að sjálfsögðu enn þá vinkonur. Við erum búnar að vera herbergisfélagar með yngri landsliðunum og erum bara finnar vinkonur,“ segir Elín Metta. Hún er nú að spila meðal margra fyrirmynda sinna úr Val.

„Þetta er rosalega flott lið og það er ofboðslega gaman að fá að vera partur af því. Ég var bara boltasækir hjá þeim fyrir nokkrum árum og það er því mjög gaman að fá að spila með þeim núna,“ segir Elín Metta. Hún er að sjálfsögðu í skýjunum að hafa náð í gullskóinn í Pepsi-deildinni.

